



Rolf Gollob, Peter Krapf og Wiltrud Weidinger (ritstjórar)

Uppvöxtur í lýðræði

Kennsluáætlanir fyrir miðstig grunnskóla um lýðræðislega borgaravitund og mannréttindi

Uppvöxtur í lýðræði

Kennsluáætlanir fyrir miðstig grunnskóla um lýðræðislega borgaravitund og mannréttindi

Rolf Gollob og Wiltrud Weidinger

Ritstjórn: Rolf Gollob, Peter Krapf og Wiltrud Weidinger

II. bindi

af

MBL/MRM, I.-VI. bindi

Menntun til lýðræðislegrar borgaravitundar

og mannréttindamenntun í skólastarfi

Kennsluferli, hugmyndir, aðferðir og fyrirmyndir



Mennta- og
menningarmálaráðuneytið

 NÁMSGAGNASTOFNUN



Útgáfa Evrópuráðsins

Þær skoðanir sem koma fram í þessari bók eru á ábyrgð höfundanna og ekki víst að þær endurspegli opinbera stefnu Evrópuráðsins.

Öll réttindi áskilin. Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti eða dreifa í ágóðaskyni, svo sem í rafrænu formi (á geisladiski, á netinu o.s.frv.) eða með fjölföldun, svo sem ljósritun eða skráningu í einhvers konar upplýsingakerfi, án skriflegs leyfis útgefanda publishing@coe.int.

Bókin í frumútgáfu: Growing up in democracy – Lesson plans for primary level on democratic citizenship and human rights

© Evrópuráðið, júní 2010

Uppvöxtur í lýðræði

ISBN 978-9979-0-1836-0

Íslensk þýðing: © Helga Jónsdóttir og Þórgunnur Skúladóttir

Ritstjóri íslenskrar útgáfu: Aldís Yngvadóttir

Handbókin er gefin út í samvinnu mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Námsgagnastofnunar með leyfi Evrópuráðsins

Málfarslestur: Þórdís Guðjónsdóttir

Teikningar: Peti Wiskemann

Kápumynd: Peti Wiskemann

Hönnun: Documents and Publications Production Department (SPDP), Evrópuráðið

Umbrot: Námsgagnastofnun

Vefútgáfa 2014

Námsgagnastofnun

Kópavogi

Útgáfa Evrópuráðsins (Council of Europe Publishing)

F-67075 Strasbourg Cedex

<http://book.coe.int>

Meðhöfundar og samverkamenn

Emir Adzovic – Bosníu og Hersegóvínu

Svetlana Poznyak – Úkraínu

Beatrice Bürgler-Hochuli – Sviss

Sarah Keating-Chetwynd – Evrópuráðinu

Regula Kleinberger – Sviss

Peter Krapf – Þýskalandi

Laura Loder-Büchel – Sviss

Sabrina Marruncheddu Krause – Sviss

Ólöf Ólafsdóttir – Evrópuráðinu

Arber Salihu – Kósóvó¹

Felisa Tibbitts – Bandaríkjunum

Gordana Trajkova Kostovska – „fyrirverandi júgóslavneska lýðveldinu Makedóníu“

1. Allt sem sagt er um Kósóvó í texta bókarinnar, hvort sem minnst er á svæði, stofnanir eða íbúa landsins, skal vera í fullu samræmi við ályktun Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1244, og með fyrirvara um stöðu Kósóvó.

Efnisyfirlit

Inngangur	
Hugtakarammi bókarinnar	
1. Grundvallarreglur MLB/MRM	
2. Þrjú færnisvið	
3. Lykilhugtök sem þungamiðjan í köflunum níu	
1. KAFLI: Sjálfsmynd – Ég í samfélagi mínu.	
2. KAFLI: Fjölbreytileiki og fjölhyggja – Heima í Evrópu	
3. KAFLI: Jafnrétti – Minnihlutahópar og meirihlutahópar	
4. KAFLI: Ágreiningur – Reglur koma að gagni við lausn á ágreiningi	
5. KAFLI: Lög og reglur – Grundvöllur þess að fólk geti lifað saman	
6. KAFLI: Vald og yferráð – Það er ég sem ræð! Er það?	
7. KAFLI: Ábyrgð – Ég vernda umhverfið ... skólinn minn tekur þátt í því!	
8. KAFLI: Réttindi og frelsi – Réttindi mín – réttindi þín.	
9. KAFLI: Miðlar – Notkun miðla: Ef ég bara gæti	
Handbók nemenda	
I. Dreifiblöð (viðauki)	
II. Verkfærasafn nemenda (viðauki)	
Teikning: Púslið með lykilhugtökunum níu	

Inngangur

Skóli er staður þar sem nám og kennsla fer fram. Þannig hefur það alltaf verið og verður vonandi áfram. Það sem þó hefur breyst er námsefnið og hvernig nemendur tileinka sér það. Þjóðfélagið tekur örum breytingum í efnahagslegu og félagslegu tilliti og sú kvöð hvílir á skólum að þeir lagi sig sem best að nýjum aðstæðum.

Sú viðhorfsbreyting hefur átt sér stað í hugum fjölmargra að skólinn sé ekki aðeins staður þar sem nemendur búa sig undir lífið fram undan, heldur einnig staður þar sem fólk er mikið samvistum hvert við annað. Þannig geta nemendur í sjálfu sér dregið lærdóm af samveru sinni með öðrum en jafnframt verða þeir þá augljóslega að tileinka sér félagsfærni.

Ef ákveðið er að taka upp MLB/MRM – menntun til lýðræðislegrar borgaravitundar og mannréttindamenntun – í skólum fylgir því sú ákvörðun að móta skuli skólalífið á virkan hátt og að skapaðar séu fyrirmyndaraðstæður fyrir fræðslu og nám um lýðræði. Allur skólinn – ekki aðeins skólastofan – verður örsamfélag. Þetta er ekki draumsýn heldur veruleiki. Enginn hefur sagt að auðvelt og átakalaust sé að lifa í sátt og samlyndi og skólinn er engin undantekning þar á. Það þarf heldur ekki að vera markmiðið. Þó þurfa nemendur að geta greint á milli ólíkra hagsmuna, útskýrt hvað felst í þessum hagsmunum og dregið af þeim lærdóm þar sem slík hæfni er öllum samfélagsþegnum nauðsynleg.

Þessi handbók er fyrst og fremst ætluð kennurum. Reynslan hefur sýnt að hún nýtist einnig æfingakennurum, námsefnishöfundum, ritstjórum kennslubóka og þýðendum í aðildarríkjum Evrópuráðsins og jafnvel víðar.

Í ritinu eru níu kennslukaflar þar sem fjallað er um menntun til lýðræðislegrar borgaravitundar (MLB) og mannréttindamenntun (MRM). Kaflarnir eru ætlaðir nemendum á miðstigi grunnskóla – 10 til 11 ára gömlum – og tekur hver þeirra til fjögurra kennslustunda. Hver kafli fjallar um lykilhugtak á sviði MLB eða MRM: sjálfsmynd – fjölhyggju – jafnrétti – ágreining – lög og reglur – stjórnarfar – ábyrgð – frelsi – samskipti. Sett er fram tillaga um fyrirkomulag hverrar kennslustundar og kennsluferlinu lýst eins ítarlega og unnt er.

Ekki er hægt að skipa köflum þessarar handbókar saman í eina námsgrein undir heitinu „lýðræðisfræðsla“, „lífsleikni“ eða eitthvað slíkt. Hins vegar er hægt að styðjast við einstaka kafla í tungumálatímum og í landafræði-, sögu- og samfélagsfræðitímum, svo og þegar fjallað er um siðfræði eða listgreinar o.s.frv. Í samráði við ýmsa sérfræðinga í aðildarlöndum Evrópuráðsins hafa höfundarnir þróað kennslulotur þar sem sjónum er beint að ýmsum atriðum á sviði MLB/MRM sem auðvelt er að fella inn í námskrá grunnskóla. Reynslan sýnir að þar sem kennarar þurfa að kenna ýmsar námsgreinar, eins og tíðkast í grunnskólum, þjónar ný námsgrein ekki tilgangi sínum og eykur aðeins álag á kennara. Umfjöllunarefni MLB/MRM eru ekki þess eðlis að þau séu numin í einrúmi heldur eru kunnugleg málefni, sem almennt er fjallað um í grunnskóla, skoðuð frá ýmsum sjónarhornum. Höfundarnir tóku tillit til þess í framsetningu þessa rits og byggðu kaflana þannig upp að tekið er mið af færni almennra grunnskólakennara og þeim vanda sem fylgir því að kenna margar námsgreinar. Frá sjónarhóli notandans er í stuttu máli sagt mikilvægt að svara þeirri spurningu hvort MLB/MRM sé ný námsgrein eða ekki.

Í nánast öllum skólum flestra landa hlýtur svarið að vera hið sama, að MLB/MRM sé ekki ný námsgrein í grunnskólum. Nám og kennsla samkvæmt gildandi námskrá fari öllu heldur fram undir nýjum formerkjum. Í því felist að kennarar og nemendur séu hvattir til að haga starfi sínu þannig að það verði innihaldsríkara.

MLB/MRM beinist að því að efla nemendur þannig að þeir verði virkir þegar sem bæði vilja og geta tekið þátt í að móta framtíðina í því samfélagi sem þeir lifa og hrærast í (með öðrum orðum er lögð áhersla á lýðræði og mannréttindi í kennslustarfinu). Jafnframt því er gengið út frá grundvallarreglum um góða kennsluhætti. Lýðræðisþátttöku skal læra í skóla og það er hægt; fella má slíkt nám inn í allar námsgreinar, á öllum aldurstigum. Færniþróun verður því forgangsmál fram yfir hefðbundnar aðferðir við að kenna það efni sem er í námskrá.

Vissulega má einnig líta á MLB/MRM sem námsefni – þar sem fræðst er um lýðræði og mannréttindi. En hægt er að fella það inn í aðrar námsgreinar, svo sem lífsleikni, eða tengja það sögu og samfélagsfræði.

En þegar fjallað er um MLB/MRM er lykilatriði að kennslan fari fram í anda lýðræðis og mannréttinda og það nýja viðhorf á við hvarvetna í skólastarfinu. Þessi handbók sýnir að sjónarmiðum MLB/MRM fylgja nýjar náms- og kennsluáferðir, þannig að starf nemenda og kennara fær aukið vægi. Nemendur fá meiri tíma til að tileinka sér hlutina en kennarinn aðstoðar þá og fylgist með þeim, auk þess sem hann gegnir sínu hefðbundna kennslustarfi. Kennslulíkönin eru kennaranum hvatning til að fjalla um tiltekin málefni og til að gefa nemendum sínum þann tíma sem þeir þurfa til að tileinka sér þau – með öðrum orðum „gera minna en gera það vel“.

Verkfærasafn og dreifiblöð – handbók nemenda

Meginreglan í öllum köflum bókarinnar er að nemendur séu virkir. Sú hugmynd byggist á þeirri staðreynd að nám er virkt ferli þar sem nemendur afla sér vitneskju en eru ekki einungis hlutlausir áheyrendur. Kennslustundirnar eru því notaðar til samskipta, upplýsingaöflunar, spurninga og útskýringa. Kennarinn styður þetta ferli þar sem hann veit að nemendur eru stöðugt að læra um lýðræði og að eðlilegt er að mistök eigi sér stað. Svokallað „verkfærasafn“ er nemendum til stuðnings í verkefnum sem þeir vinna sjálfstætt. Í þessu sjálfstýrða og sjálfstæða námi er stuðst við tólf tilteknar aðferðir (notkun bókasafna, leit á netinu, viðtöl og kannanir, túlkun mynda, hugarkort, veggspjaldagerð, sýningahald, undirbúning og flutning kynninga, gerð glæra eða PowerPoint-kynninga, ritun blaðagreina, uppsetningu leikþátta og rökræður).

Dreifiblöðin nýtast á annan hátt. Um er að ræða vinnublöð sem fylgja viðkomandi köflum og nemendur fá afhent. Öll dreifiblöðin er að finna aftast í bókinni. Auðvelt er að taka þau öll í einu lagi og fjölfalda fyrir nemendur. Hvert blað er merkt viðkomandi kaflanúmeri og þeirri kennslustund sem það skal notað í (t.d. 2. kafli, 2. kennslustund). Kennarinn ákveður hvernig og hvenær dreifiblöðin eru afhent nemendum og hvernig þeim er safnað saman. Í sumum tilvikum gæti verið þægilegt að nota möppu en stundum finnst kennurum hentugra að setja þau öll í sérstakt hefti eða nota þau bara eins og þau eru hér – aftast í bókinni.

Fyrri reynsla af því að nota efni sem má fjölfalda hefur sýnt að mikilvægast er fyrir kennarann að það sé hagnýtt og þurfi ekki frekari skýringa við. Dreifiblöð eiga að vera gott, gagnlegt og auðskiljanlegt viðbótarefni sem ekki þarf að eyða tíma í að útskýra. Því er auðvelt að nota dreifiblöðin í þessari handbók, það er auðvelt að átta sig á þeim og auðvelt að breyta þeim og laga þau að sérþörfum nemenda eða mismunandi kennsluáferðum. Fyrir utan að gagnast við hefðbundið símat á þátttöku nemenda í bekkjarstarfinu og skráningu á þátttöku þeirra og áhuga nýtast dreifiblöðin einnig við skriflegt námsmat.

Hugtakarammi bókarinnar

1. Grundvallarreglur MLB/MRM

Virka þátttöku í samfélaginu er best að læra í verki, ekki af frásögnum – allir þurfa að fá tækifæri til að kanna sjálfir mál sem lúta að lýðræðislegri borgaravitund og mannréttindum en taka ekki bara við fyrirmælum um hvernig þeir eigi að hugsa og hegða sér. Menntun á sviði virkrar borgaravitundar snýst ekki aðeins um það að tileinka sér staðreyndir, heldur einnig um hagnýta færni, skilning og hæfni, gildi og siðferðisþrek. Í því tilliti er umhverfið leiðandi þáttur – nemendur geta fræðst eins mikið um lýðræðislega borgaravitund af því fordæmi sem kennararnir gefa og því hvernig skólalífið er skipulagt og af hefðbundinni kennslu.

Þessar meginreglur gefa ýmsar mikilvægar vísbendingar um námsferlið, þ.e.:

a) Virkt nám

Leggja ætti áherslu á virkt nám. Í virku námi lærir nemandinn í verki. Námið felst í því að upplifa aðstæður og leysa sjálfur vandamál í stað þess að einhver annar segi manni hvernig það skuli leyst. Stundum er virkt nám kallað „reynslunám“.

Virkt nám er mikilvægt þegar MLB/MRM er annars vegar því að það að vera samfélagsþegn er raunveruleg upplifun. Fólk lærir af reynslunni; það er ekki nóg að láta segja sér hvað felst í lýðræði og mannréttindum. Í hefðbundnu námi öðlast nemendur sína fyrstu reynslu í skólastofunni, en síðan veitir sá starfsandi og menning sem ríkjandi er í skólanum þeim aukna reynslu. Stundum er vísað til þess sem kennslu í anda lýðræðis eða mannréttinda. Virkt nám getur líka verið námsform sem vekur meiri áhuga meðal nemenda en hefðbundin kennsla og getur skilað þeim meiru til framtíðar – jafnt ungum sem eldri – vegna þess að þeir eru sjálfir virkir þátttakendur. Þá eiga þeir einnig auðveldara með að tileinka sér hlutina því að fjallað er um tiltekin dæmi en ekki huglæg lögmál. Í virku námi eru nemendur hvattir til að leiða almennar reglur af ákveðnum tilvikum, en ekki öfugt: til dæmis að íhuga ýmiss konar réttindi út frá tilteknu „réttindamáli“ í skólanum – svo sem skólareglum eða siðareglum – í stað huglægra umræðna um réttindahugtakið.

b) Verkefnatengt nám

Nám í MLB/MRM ætti að byggjast á þeim verkefnum sem kennararnir þurfa sjálfir að vinna í tengslum við kennsluna. Í þessari handbók er verkefnatengt nám því reglan. Verkefnatengt nám er af ýmsum ástæðum mikilvægt:

- það er mjög góð aðferð til að stunda virkt nám – þ.e. að læra í verki;
- það getur farið fram við ýmsar aðstæður;
- nemendur fá þann tíma sem þeir þurfa því að þeir eru að vinna að verkefnum sem þeir verða hvort sem er að ljúka;
- leysa þarf raunveruleg vandamál og greina gögn sem eru til staðar;
- námið verður innihaldsríkara en ella og vekur því meiri áhuga;
- nemendum finnst þeir skila árangri og eiga hlutdeild að málum.

c) Hópvinna

Leggja ber áherslu á samstarf, svo sem að nemendur vinni tveir og tveir saman, í litlum eða stórum hópum og/eða í jafningjastuðningshópum. Hópvinna er mikilvæg því að:

- þar læra nemendur hvernig vinna á saman í hóp og geta nýtt sér það í skólastofunni;
- nemendur eru hvattir til að miðla reynslu sinni og skoðunum, og með því að deila vanda-málum sínum með öðrum aukast líkurnar á að lausn finnist á þeim;
- mótvægi skapast við þá upplifun að vera bara upp á sjálfa(n) sig kominn í skólastofunni.

d) Gagnvirkar aðferðir

Leggja ætti áherslu á gagnvirkar aðferðir, svo sem umræður og rökræður. Gagnvirkar aðferðir eru mikilvægar því að þær:

- stuðla að því að kennarar læri að beita þeim í eigin kennslu;
- eru leið til að hvetja kennara til að verða virkir þátttakendur í eigin kennsluháttum.

e) Gagnrýnin hugsun

Í stað þess að nemendur fái „tilbúin“ svör hjá kennurum sínum er góð kennsla á sviði mannréttinda og lýðræðislegrar borgaravitundar nemendum hvatning til að ígrunda sjálfir málefni þar að lút-andi. Þetta er mikilvægt því að:

- það hvetur nemendur til að hugsa sjálfstætt – sem er nauðsynlegur eiginleiki þegna í lýð-ræðislegu samfélagi;
- nemendum finnst þeir eiga hlutdeild að málum og hafa meira að segja en ella: þeim finnst þeir geta borið ábyrgð á samnemendum sínum.

f) Þátttaka

MLB/MRM veitir nemendum möguleika á að leggja sitt af mörkum til kennslunnar. Það þarf að hvetja þá til að taka virkan þátt í námi sínu í stað þess að vera hlutlausir viðtakendur þekkingar – til dæmis með því að velja sér verkefni sem þeir vilja vinna að, meta eigin styrkleika og veikleika og setja sér markmið um betri frammistöðu.

Þátttakan er mikilvæg því að:

- nemendur læra hvernig þeir geta orðið þátttakendur í lífi og starfi utan veggja skólans;
- það eykur þeim sjálfstraust og þeim finnst þeir eiga hlutdeild að málum.

MLB/MRM er í hnotskurn:

- virkt nám – lögð er áhersla á að læra í verki;
- verkefnatengt nám – skipulagt með þátttöku í kennsluverkefnum á sviði MLB/MRM;
- samstarf – byggt á hópvinnu og samvinnunámi;
- gagnvirkt nám – byggt á umræðum og rökræðum;
- gagnrýnið nám – hvetur nemendur til að hugsa sjálfstætt; og
- þátttökunám – gerir nemendum kleift að leggja sitt af mörkum í kennsluferlinu.

2. Þrjú færnisvið

Markmiðið með menntun til lýðræðislegrar borgaravitundar og mannréttindamenntun er að stuðla að færni á þremur sviðum: í pólitískri greiningu og mati, notkun aðferða, lýðræðislegri ákvarðanatöku og athöfnum, en öll eru þessi svið nátengd og því skulu þau ekki aðgreind.

Færni á þessum þremur sviðum kemur fram við allar námsaðstæður – meðvitað eða ómeðvitað – en ekki er lögð jafnmikil áhersla á þau öll. Það er ekki nauðsynlegt. Stundum er hægt að einbeita sér mest að aðferðum, stundum athöfnum og stundum greiningu. Í hverjum kafla er áætlað að hve miklu leyti áhersla er lögð á þessi þrjú færnisvið og notuð er tafla eins og sú sem sjá má í dæminu hér fyrir neðan. Þrjár stjórnur tákna að mikil áhersla sé lögð á viðkomandi svið, tvær stjórnur tákna miðlungsáherslu og ein stjarna litla áherslu. Engu að síður fer það eftir kennsluáðferðum og vali á námsaðstæðum hvort eitthvert færnisviðið verður mikilvægara en ráðgert var.

Færni í ...		
... pólitískri greiningu og mati	... notkun aðferða	... lýðræðislegri ákvarðanatöku og athöfnum
*	**	***

Hér á eftir er stutt yfirlit yfir færnisviðin þrjú í MLB og MRM. Mikið er fjallað um þessi þrjú færnisvið sem hugtak innan stjórn málafræðinnar og enn hefur ekki verið komist að neinni ákveðinni niðurstöðu þar að lútandi.²

A.	B.	C.
Færni í pólitískri greiningu og mati	Færni í notkun aðferða	Færni í lýðræðislegri ákvarðanatöku og athöfnum
Hæfnin til að greina og fjalla um pólitíska viðburði, vandamál og umdeild málefni, sem og álitamál varðandi efnahagslega og félagslega þróun, og íhuga viðhorf og gildismat þar að lútandi.	Öflun hæfni og leikni til að finna og tileinka sér upplýsingar, til að nota ýmsa samskiptamiðla og taka þátt í opinberum umræðum og ákvarðanatöku.	Hæfnin til að tjá skoðanir sínar, gildismat og hagsmuni á viðeigandi hátt á opinberum vettvangi. Hæfnin til að miðla málum og komast að samkomulagi. Hæfnin til að meta möguleika sína (og takmarkanir) til þátttöku í pólitísku starfi og velja viðeigandi aðgerðastefnu.



² Nánari upplýsingar má finna í riti Evrópuráðsins: *Leiðir kennara til að efla menntun á sviði borgaravitundar og mannréttinda: Ramma að færniþróun* (2009). Hægt er að hala því niður af www.nams.is.

A. Færni í pólitískri greiningu og mati

Markmiðið er að nemendur öðlist færni í að greina pólitíska viðburði, vandamál og umdeild mál-efni, og geti gert grein fyrir persónulegu mati sínu. Hér getur skólinn lagt sitt af mörkum með því að stuðla að því að nemendur beiti skipulegum aðferðum sem byggjast á lykilhugtökum og verði þar með gagnrýnni í hugsun.

Til að nemendur öðlist slíka dómgreind, sem þarf að vera vel ígrunduð, er eftirfarandi færni nauðsynleg:

- Hæfnin til að skilja mikilvægi pólitískra ákvarðana fyrir eigið líf.
- Hæfnin til að skilja og leggja mat á afleiðingar pólitískra ákvarðana – bæði vilja- og óvilja- verk – sem varða bæði hlutaðeigandi aðila og þá sem ekki eiga hlut að máli.
- Hæfnin til að skilja og gera bæði grein fyrir eigin sjónarmiðum og sjónarmiðum annarra.
- Hæfnin til að skilja og nota hið þrískipta pólitíska líkan: a) stofnanasvið, b) efnisbundið svið, c) framfaramiðað svið.
- Hæfnin til að greina og leggja mat á pólitískt ferli á ýmsum stigum, á míkroástigi (í skólalíf-inu), á millistigi (í samfélaginu) og á makróstigi (í innanríkis- og alþjóðapólitík), með því að beita grunnreglunum um lýðræðislega stjórnarhætti og mannréttindi.
- Hæfnin til að fjalla um staðreyndir, vandamál og ákvarðanir með því að greina þær í flokka, setja fram helstu sjónarmiðin og tengja þau grunnildum mannréttinda og lýðræðis.
- Hæfnin til að greina félagslegar, lagalegar, efnahagslegar, umhverfistengdar og alþjóðlegar aðstæður, sem og hagsmuni og framvindu í umræðum um álitamál sem uppi eru.
- Hæfnin til að skilja og leggja mat á hvernig pólitísk málefni eru kynnt í fjölmiðlum.

B. Færni í notkun aðferða

Til að geta tekið þátt í hvers kyns pólitísku ferli er ekki aðeins nauðsynlegt að hafa grunnþekkingu á pólitískum málefnum, stjórnskipulegum og lagalegum ramma og því hvernig ákvarðanir eru teknar, heldur þarf einnig að búa yfir almennri færni sem fólk aflar sér á öðrum sviðum (svo sem með samskiptum, samstarfi og meðhöndlun upplýsinga, gagna og tölfræðilegra staðreynda). Menntun til lýðræðislegrar borgaravitundar og mannréttindamenntun krefst þess að lögð sé áhersla á tiltekna hæfni eða leikni, svo sem að geta fært rök með eða á móti máli, sem er mjög mikilvægt atriði ef taka á þátt í pólitísku starfi. Þannig er lögð áhersla á verkefnatengt nám þar sem verksskipulag er mikilvægur liður í færniþróun. Í MLB/MRM er viðeigandi aðferðum almennt beitt til að líkja eftir ágreiningi á opinberum vettvangi (þ.e. umræðum og rökræðum). Í því samhengi er eftirfarandi færni nauðsynleg:

- Hæfnin til að vinna sjálfstætt að því að finna, velja, nota og kynna upplýsingar úr fjölmiðlum og/eða nýjum miðlum á gagnrýnninn og málefnalegan hátt. (Nýta tölfræðileg gögn, kort, línurit, töflur, teikningar o.s.frv.)
- Hæfnin til að nýta sér fjölmiðla með gagnrýnum hætti og búa til eigið fjölmiðlaefni.
- Hæfnin til að rannsaka mál, þ.e. afla upplýsinga frá upprunalegum heimildamönnum með könnunum og viðtölum.

C. Færni í lýðræðislegri ákvarðanatöku og athöfnum

Markmiðið er að öðlast þá leikni að geta átt traust og góð samskipti á pólitískum og opinberum vettvangi. Í því samhengi eru eftirfarandi hæfileikar og viðhorf nauðsynleg:

- Hæfnin til að setja pólitíska skoðun sína fram á traustan og sannfærandi hátt og hafa ýmiss konar samræðutækni á valdi sínu.
- Hæfnin til að taka þátt í opinberu lífi og taka pólitíska afstöðu. (Rökstyðja, rökræða, taka þátt í umræðum; eða undirbúa skriflega kynningu og setja efni fram á veggspjöldum, fréttatöflum, stuttum fundum, í bréfum til ritstjóra, skriflegum beiðnum o.s.frv.)
- Hæfnin til að meta eigin möguleika á að hafa pólitísk áhrif og geta myndað bandalag með öðrum.
- Hæfnin til að standa fast á skoðun sinni en einnig til að sættast á málamiðlun.
- Vilji og hæfni til að bera kennsl á ólýðræðislegar hugmyndir og aðila og bregðast við þeim á viðeigandi hátt.
- Vilji og hæfni til að sýna skilning og vera opin fyrir þvermenningarlegum samskiptum.

3. Lykilhugtök sem þungamiðjan í köflunum níu

Að hugsa og læra byggist að miklu leyti á því að tengja hið hlutlæga við hið huglæga. Lykilhugtökin í þessari handbók, sem og í MLB/MRM-bókunum fyrir efri bekki grunnskóla (III. bindi: Lifað í lýðræði) og framhaldsskólastigið (IV. bindi: Þátttaka í lýðræði), hafa því verið sett fram með tilteknum dæmum og áherslu á gagnvirkt nám.

Listamaðurinn sem gerði kápumyndina teiknaði níu myndir, eina fyrir hvern kafla. Ef þeim er raðað saman mynda þær púsl. Það vísar til þess að hugtökin níu eru á ýmsan hátt tengd hvert öðru og mynda merkingarbæra heild. Einnig er mikilvægt að átta sig á því að hver kafli er sjálfstæð eining og því hefur hver mynd í púslinu eigið gildi. Saman geta allir níu kaflarnir verið námsefni fyrir heilt skólaár.

Mynd segir meira en þúsund orð, eins og máltækið segir. Þetta púsl getur sagt lesandanum heilmikið um lykilhugtökin í þessari bók; um það sem upp kann að koma þegar velja á leiðir og um nám í anda hugsmíðahyggju.

1. KAFLI SJÁLFSMYND Miðstig

Ég í samfélagi mínu



1.1 Þetta finnst mér gaman

Ég er strákur/ég er stelpa og það er ekkert athugavert við það sem mér finnst gaman að gera

1.2 Persónulegu tákni mín (skjaldarmerki I)

Svona er ég

1.3 Þetta eru skjaldarmerkin okkar (skjaldarmerki II)

Við erum sterkur hópur því að við erum einstaklingar

1.4 Einstaklingar og hópar

Styrkur einstaklinga sem samfélagsauður

1. kafli: Lykilhugtak – „Sjálfsmynd“ (miðstig grunnskóla)

Ítarefni fyrir kennara: hvernig áhrif hefur sjálfsmat nemenda á sjálfsmynd þeirra, þátttöku þeirra í hópstarfi og viðhorf til þjóðfélagsins?

Í sálfræðilegu samhengi tengist „sjálfsmynd“ því hvernig einstaklingurinn upplifir sjálfan sig, sjálfstrausti hans og einstaklingseðli. Kynímynd er mikilvægur hluti sjálfsmyndarinnar. Hún ræður miklu um það hvernig einstaklingurinn lítur á sjálfan sig, bæði sem manneskju og í tengslum við aðra, og ræður þar með einnig hverju hann fær áorkað í hópstarfi. Í félagslegu samhengi beinist „sjálfsmynd“ að hugmyndinni um hlutverkahegðun. Einstaklingurinn uppgötvar þá sjálfsmynd sína með því að fræðast um félagsleg hlutverk og öðlast reynslu af slíkum hlutverkum. „Sjálfsmynd“ er þó hugtakið sem almennt er notað til að lýsa persónulegri sjálfsmynd – öllu því sem gerir hverja manneskju einstaka. Jafnframt nota félagsfræðingar hugtakið gjarnan til að lýsa félagslegri sjálfsmynd eða sameiginlegu álitni tiltekens hóps sem skilgreinir einstaklinginn.

Ljóst er að sjálfsmynd er afar mikilvæg á ýmsum sviðum. Þegar fjallað er um sjálfsmynd hér, innan ramma MLB og MRM, þá einkennist hún af tilteknum atriðum: hafi fólk gert sér grein fyrir eigin stöðu er það fært um að veita hvert öðru stuðning, bæði á einstaklingsgrundvelli og innan hópa. Þetta er ævilangt ferli og stöðugum breytingum háð. Því þarf að stuðla að því að einstaklingurinn geri sér grein fyrir sjálfsmynd sinni allt frá unga aldri. Það á ekki að gera með neinum kennsluaðferðum, heldur með því að skapa einstaklingnum tækifæri til að átta sig á sjálfum sér, eða „finna sig“, með öllum þeim kostum og göllum sem því fylgja. Ópið og lýðræðislegt ríki virkar því aðeins að einstaklingar geti komið öðrum til varnar, án þess að fórn sjálfum sér í því ferli.

Markmiðið með menntun til lýðræðislegrar borgaravitundar er að stuðla að færni á þremur sviðum. Í þessum kafla er lögð áhersla á færni í eftirfarandi atriðum:

Færni í ...		
... pólitískri greiningu og mati	... notkun aðferða	... lýðræðislegri ákvarðanatöku og athöfnum
*	**	***

Verkfæri

Í þessum kafla verða eftirfarandi verkfæri úr verkfærasafni nemenda notuð. Kennarinn verður að skera úr um hvort einhverjir nemendur, eða jafnvel allir, þurfi á meiri undirbúningi að halda til að geta nýtt sér þessi verkfæri.

- Notkun bókasafna
- Leit á netinu
- Viðtöl og kannanir
- Túlkun mynda
- Hugarkort
- Veggspjaldagerð
- Sýningahald
- Undirbúningur og flutningur kynninga
- Gerð glæra eða PowerPoint-kynninga
- Ritun blaðagreina
- Uppsetning leikþátta
- Rökræður

1. kafli: Sjálfsmynd

Ég í samfélagi mínu

Hvernig hefur sjálfsmat nemenda áhrif á sjálfsmynd þeirra, þátttöku þeirra í hópstarfi og viðhorf til þjóðfélagsins?

Viðfangsefni	Markmið	Verkefni nemenda	Gögn	Aðferð
1. kennslust.: Þetta finnst mér gaman.	Að nemendur uppgötvi bæði eigin hæfni og þekkingu, sem og annarra. Þeir geri sér grein fyrir þeim áhrifum sem staðalímyndir kynjanna hafa.	Nemendur skrifa niður eigin óskir og hegðun í fjórum liðum. Þeir ræða svör sín við aðra nemendur og velta þeim fyrir sér.	Pappír og pennar, eintök af dreifiblaði (tafla yfir „það sem mér finnst gaman og geri“).	Hver vinnur fyrir sig, hópvinna, bekkjarumræður.
2. kennslust.: Persónulegu táknið mín (skjaldarmerki I).	Að nemendur öðlist aukið sjálfstraust með því að gangast við jákvæðum viðhorfum sínum og virða þau.	Nemendur búa sér til persónuleg táknið sem verða hluti af skjaldarmerki hópsins. Þeir velta fyrir sér hvernig þeir upplifa sjálfa sig og nota styrkleikana sem tilgreindir eru í 1. kennslustund. Nemendur skipta sér í hópa fyrir 3. kennslustundina.	Töflur fyrri kennslustundar, prentuð eintök af skjaldarmerkjunum (tvö á mann), litapennar og skæri.	Hver vinnur fyrir sig, skipað í hópa.
3. kennslust.: Þetta eru skjaldarmerkin okkar (skjaldarmerki II).	Að nemendur átti sig á þeim styrkleikum sem hver og einn leggur hópnum til. Þeir komi sér saman um nafn og einkunnarorð hópsins.	Nemendur eru fjórir saman í hóp og hver og einn útskýrir persónulegu táknið sín fyrir hinum í hópnum. Þeir búa sér til sameiginlegt skjaldarmerki og koma sér saman um nafn, einkunnarorð og táknið. Nemendur kynna skjaldarmerkin sín fyrir bekknum.	Eintök af skjaldarmerkjunum frá fyrri kennslustund, litapennar og lím.	Hópvinna (fjórir saman) og hópkyrning.
4. kennslust.: Einstaklingar og hópar.	Að með umræðum átti nemendur sig á því að styrkleikar hvers og eins skipta máli innan hópsins. Þeir skilji hvað átt er við með teymisvinnu og verkaskiptingu. Þeir geti tilgreint samfélagshópa þar sem ýmiss konar styrkleikar þurfa að fá að njóta sín ef árangur á að nást.	Nemendur ræða um styrkleika sína og setja þá í samhengi við aðstæður sem þeir upplifa utan veggja skólans. Á hugarflugsfundum tilgreina þeir aðstæður þar sem ýmiss konar færni er nauðsynleg til að hópnum gangi vel.	Skólataflan eða flettitafla.	Bekkarumræður.

1. kennslustund**Þetta finnst mér gaman****Ég er strákur/ég er stelpa og það er ekkert athugavert við það sem mér finnst gaman að gera**

Markmið	Að nemendur uppgötvi eigin hæfni og þekkingu, sem og annarra. Þeir geri sér grein fyrir þeim áhrifum sem staðalmyndir kynjanna hafa.
Verkefni nemenda	Nemendur skrifa niður eigin óskir og hegðun í fjórum liðum. Þeir ræða svör sín við aðra nemendur og velta þeim fyrir sér.
Gögn	Pappír og pennar, eintök af dreifiblaði (tafla yfir „það sem mér finnst gaman og geri“).
Aðferðir	Hver vinnur fyrir sig, hópvinna, bekkjarumræður.

Lýsing á kennslustund

Kennarinn kynnir viðfangsefnið með spurningum á borð við „Hvað finnst ykkur gaman að gera?“, „Hvað finnst ykkur ekki gaman að gera?“, „Hvað gera stelpur?“ og „Hvað gera strákar?“ Kennarinn bíður átekta á meðan nemendur velta fyrir sér hverju þeir eigi að svara og samsinnir svo því sem þeir segja.

Því næst lætur kennarinn nemendur sína fá eintak af dreifiblaðinu, pappír og penna. Nemendur eiga að brjóta dreifiblaðið í tvennt og nota fyrst aðeins efri hluta þess. Kennarinn leiðbeinir þeim síðan á eftirfarandi hátt:

- Skrifðu niður hvort þið eruð stelpa eða strákur.
- Skrifðu niður fimm atriði sem ykkur finnst gaman að gera og gerið.
- Skrifðu niður fimm atriði sem þið gerið en hafið ekki gaman af.
- Skrifðu niður fimm atriði sem þið hafið ekki gaman af og gerið ekki.
- Skrifðu niður fimm atriði sem þið gerið ekki en vilduð gera.

Gefið til kynna hjá hverju atriði sem þið skrifuðu hvort ykkur finnst í lagi að kynsystkin ykkar geri það (ef þú ert strákur, hvort í lagi sé að strákur geri það, ef þú ert stelpa, hvort í lagi sé að stelpa geri það). Að því loknu bíður kennarinn nemendur að ganga um skólastofuna og sýna fimm öðrum nemendum hverju þeir svöruðu. Þeir skrá svör þessara nemenda á neðri hluta dreifiblaðsins.

Kennarinn biður nú nemendur að setjast saman í hring. Síðan fara fram bekkjarumræður þar sem gengið er út frá eftirfarandi spurningum:

- Hvað fannst ykkur um svör bekkjarfélaga ykkar? Komu þau á óvart?
- Hvað getið þið ein gert?
- Hverju voruð þið hrifnust af sem félagar ykkar gera?
- Sjáið þið eitthvað sameiginlegt með þeim hlutum sem nemendum finnst gaman að gera en gera ekki?
- Hvað gerist ef stelpa gerir „strákahluti“? Eða ef strákur gerir „stelpuhluti“?
- Hvernig myndi fjölskylda ykkar svara spurningunum?
- Hvers vegna svörum við eins og raun ber vitni? Hvers vegna höldum við að sumt eigi bara stelpur að gera og aðeins sé í lagi að strákar geri annað?

Að lokum ætti að tengja spurningarnar málefnum sem varða MLB og MRM:

- Hvað gerist ef einhver veit ekki hvað þér finnst gaman að gera og gerir?
- Hvað gerist ef einhver veit ekki hvað þér finnst ekki gaman að gera en gerir samt?
- Hver ákveður hvað stelpur geta gert og hvað strákar geta gert?
- Hvað gerist ef það sem strákar og stelpur geta gert er takmörkunum háð?
- Haldið þið að hlutverkin verði áfram óbreytt? Hafa þau alltaf verið svona?

Viðbót: hægt er að lengja kennslustundina með því að velta fyrir sér þeirri spurningu hvað nemendur geri ekki en hefðu gaman af að gera. Kennarinn reynir að finna út með nemendum sínum hvernig hægt væri að gera tilraunir með þetta í skólanum.

2. kennslustund

Persónulegu táknin mín (skjaldarmerki I)

Svona er ég

Markmið	Að nemendur öðlist aukið sjálfstraust með því að gangast við jákvæðum viðhorfum sínum og virða þau.
Verkefni nemenda	Nemendur búa sér til persónuleg tákn sem verða hluti af skjaldarmerki hópsins. Þeir velja fyrir sér hvernig þeir upplifa sjálfa sig og nota styrkleikana sem tilgreindir eru í 1. kennslustund. Nemendur skipta sér í hópa fyrir 3. kennslustundina.
Gögn	Töflur fyrri kennslustundar, prentuð eintök af skjaldarmerkjunum (tvö á mann), litapennar og skæri.
Aðferðir	Hver vinnur fyrir sig, skipað í hópa.

Ábendingar

Samkvæmt evrópskri hefð er skjaldarmerki sérhannað tákn sem tilheyrir tilteknum aðila (eða hópi fólks) og notað er á ýmsan hátt. Fyrir á tímum voru skjaldarmerki borin af riddurum til að greina þá frá óvinveittum hermönnum. Á meginlandi Evrópu gat alþýðan tekið upp borgaralegt skjaldarmerki. Ólíkt innsiglismerkjum og táknmyndum eru skjaldarmerki formleg að stærð og gerð, líkt og skjöldur. Á 21. öldinni eru skjaldarmerki enn í notkun hjá ýmsum stofnunum og einstaklingum (í ýmsum háskólum eru til dæmis leiðbeiningar um tilhlýðilega notkun á skjaldarmerki skólans).

Listin að hanna skjaldarmerki, sýna þau, lýsa þeim og skrá þau, kallast skjaldarmerkjafræði. Notkun landa, ríkja, héraða, borga og bæja á skjaldarmerkjum kallast borgaraleg skjaldarmerkjafræði.

Lýsing á kennslustund

1. Önnur kennslustundin hefst með því að nemendum er skipt í fjögurra manna hópa. Mælt er með því skipað sé í hópana með því að fara í leik, til dæmis með því að láta nemendur fá fjögur spil eða fjórar myndir sem passa saman. Nemendur eiga síðan að leita uppi félaga sína og skipa sér í hópa.

2. Því næst fá hóparnir sér sæti. Hver nemandi fær prentað eintak af skjaldarmerkinu. Annað eintak af skjaldarmerkinu er sett á mitt borðið. Skjaldarmerkinu er skipt í fjóra hluta og hver nemandi á að velja sér einn hluta. Þeir eiga að skrifa nafnið sitt með blýanti á eintakið sem liggur á borðinu. Síðan eiga þeir að klippa út eigin hluta af skjaldarmerkinu á eintakinu sínu.

3. Kennarinn biður síðan nemendur að velja fyrir sér hvaða persónulegu tákn þeir gætu notað til að kynna sig. Einkunnarorð þessa verkefnis ættu að vera: „Svona er ég.“ Svo mætti bæta við: „Þetta hef ég fram að færa.“ Jafnframt ætti kennarinn að biðja nemendur að taka fram töflurnar sem þeir bjuggu til í 1. kennslustundinni. Þeir geta fengið góðar hugmyndir úr dálkunum „Mér finnst gaman að gera og ég geri“ og „Ég geri ekki en langar að gera“. Þeir eiga nú að finna tákn sem sýna styrkleika þeirra og teikna þau á hlutann sinn. Eftirfarandi spurningar gætu komið þeim á sporið:

- Hvernig upplifið þið ykkur sjálf?
- Hvers þarfnist þið?
- Hvað getið þið gert?
- Hverju sjáið þið eftir þegar þið lítið til baka?

3. kennslustund

Petta eru skjaldarmerkin okkar (skjaldarmerki II)

Við erum sterkur hópur því að við erum einstaklingar

Markmið	Að nemendur átti sig á þeim styrkleikum sem hver og einn leggur hópnum til. Þeir komi sér saman um nafn og einkunnarorð hópsins.
Verkefni nemenda	Nemendur eru fjórir saman í hóp og hver og einn útskýrir persónulegu táknið sín fyrir hinum í hópnum. Þeir búa sér til sameiginlegt skjaldarmerki og koma sér saman um nafn, einkunnarorð og táknið. Nemendur kynna skjaldarmerkin sín fyrir bekknum.
Gögn	Eintök af skjaldarmerkjunum frá fyrri kennslustund, litapennar og lím.
Aðferðir	Hópvinnu (fjórir saman) og hópkyrning.

Lýsing á kennslustund

Í framhaldi af 2. kennslustund ræða nemendur um táknið sem þeir bjuggu til og skiptast á skoðunum. Kennarinn biður síðan nemendur að gera eftirfarandi:

- Útskýrið táknið ykkar fyrir hinum í hópnum;
- Límið alla hluta táknsins á skjaldarmerkið ykkar;
- Finnið sameiginlegt táknið fyrir hópinn ykkar (á miðjuna), einkunnarorð fyrir hugmyndir ykkar (á efri hlutann) og nafn á hópinn (á neðri hlutann).

Kennarinn ætti að segja nemendum að allir þurfi að koma að þeim ákvörðunum sem teknar eru, þannig að hver og einn viti um hvað málið snýst.

Skjaldarmerkið sem nú er tilbúið er síðan kynnt á bekkjarfundinum af einhverjum úr hópnum og hengt upp á vegg til sýnis hjá merkjum allra hinna.

4. kennslustund

Einstaklingar og hópar

Styrkur einstaklinga sem samfélagsauður

Markmið	Að með umræðum átti nemendur sig á því að styrkleikar hvers og eins skipta máli innan hópsins. Þeir skilji hvað átt er við með teymisvinnu og verkaskiptingu. Þeir geti tilgreint samfélagshópa þar sem ýmiss konar styrkleikar þurfa að fá að njóta sín ef árangur á að nást.
Verkefni nemenda	Nemendur ræða um styrkleika sína og setja þá í samhengi við aðstæður sem þeir upplifa utan veggja skólans. Með hugstormun tilgreina þeir aðstæður þar sem ýmiss konar færni er nauðsynleg til að hópnum geti gengið vel.
Gögn	Tafla eða flettitafla.
Aðferð	Bekkjarumræður.

Ábendingar

Umræður (á ensku discussion, það að skiptast á röksemdum, ættað úr latínu, discussio,) eru sérstakt form munnlegra samskipta tveggja eða fleiri einstaklinga þar sem fjallað er um eitt eða fleiri málefni og hver aðili teflir fram sínum röksemdum. Umræður eiga að fara fram með gagnkvæmri virðingu. Góð umræðuhefð krefst þess að mælendur leyfi öðrum sjónarmiðum og skoðunum en sínum eigin að komast að, og hvetji jafnvel til þess, og íhugi þau vandlega í stað þess að hafna þeim fyrir fram. Persónueiginleikar eins og hugarró, stilling og kurteisni koma sér vel fyrir báða aðila. Ákjósanlegt er að umræðurnar leiði til lausnar á vanda eða málamiðlunar sem allir hlutað-eigandi geta sætt sig við.

Í nútímasamfélögum eru umræður kurteislegar, þær eru friðsamleg leið til að leysa deilur, jafna hagsmunaaðreksstra og sætta ólík sjónarmið. Ágreiningsefni eru ekki þöggðu niður heldur leyst. Með því að þjálfa umræðufærni sína fá nemendur mikilvægt verkfæri til að vinna að og viðhalda friði í samfélaginu.

Lýsing á kennslustund

Hóparnir sitja saman með flettistöflu fyrir framan sig. Þeir fá það verkefni að ræða mál í þremur áföngum (sjá einnig dreifiblað):

- Hugsíð um styrkleikana sem þið teiknuðuð eða skrifuðuð á skjaldarmerkið ykkar og skrifið þá alla á flettistöfluna.
- Ræðið um við hvaða aðstæður þessir styrkleikar gætu komið hópnum ykkar til góða. Nefnið dæmi og skrifið þau hjá ykkur.
- Þriðji áfanginn felst í að velta fyrir sér aðstæðum utan skólans. Hvar gætu þessir styrkleikar og hæfni reynst ykkur vel? Sem einstaklingum? Innan hóps?

Þegar nemendur hafa lokið þessu setjast þeir í hring og ræða um niðurstöðurnar á bekkjarfundi. Kennarinn hefur það verk með höndum að stýra umræðunum þannig að nemendur átti sig á þeirri hugmynd að nota megi einstaklingsbundna styrkleika og hæfni sem afl í hópstarfi.

2. KAFLI

FJÖLBREYTILEIKI OG FJÖLHYGGJA

Miðstig grunnskóla

Heima í Evrópu

2.1 Hvað er Evrópa?

Það sem ég veit um Evrópu og heimahaga mína

2.2 Ég á heima í Evrópu (kortagerð I)

Löndin í Evrópu

2.3 Ég á heima í Evrópu (kortagerð II)

Fjöll, fljót og landslag í Evrópu

2.4 Evrópubúar eru ólíkir en allir jafnir

Það sem okkur er sameiginlegt og ekki sameiginlegt

2. kafli: Lykilhugtök – „Fjölbreytileiki og fjölhyggja“ (miðstig grunnskóla)

Ítarefni fyrir kennara: hvernig kemur Evrópa fram í daglegu lífi nemenda?

Nemendur í yngri bekkjum grunnskólans upplifa tíma og rúm öðruvísi en fullorðnir. Því er mikilvægt að finna aldurstengd atriði sem hægt er að ganga út frá þegar fjallað er um Evrópu með nemendum á þessu aldursbili. Þeir hafa aðrar hugmyndir um rúm og afstöðu en nemendur í eldri bekkjunum. Kennarinn ætti að íhuga áður en kennsla hefst hver grunnþekking nemenda er, hvaða viðhorf þeir hafa til Evrópu, á hverju þeir hafa áhuga og einnig hve margar leiðir þeir geti farið við að afla sér upplýsinga. Hvernig geta grunnskólanemendur fræðst um Evrópu? Ekki má gleyma einni lykilspurningu varðandi Evrópu: hvað er evrópsk sjálfsmynd? MLB/MRM er ekki bundið við land eða þjóð, heldur hugtak sem fjallar um það hvernig fólk lifir saman við ýmsar aðstæður: innan fjölskyldu, meðal nágranna, bekkjarfélaga, í skóla, landshluta, landi og í Evrópu. Þegar litið er til þess raunveruleika sem nemendur lifa og hrærast í er ljóst að nú á dögum alast grunnskólanemendur upp við það að alþjóðlegir, og þar með einnig evrópskir straumar, hafa áhrif á daglegt líf þeirra. Nemendur upplifa þetta sem alþjóðavæðingu, fjölmenningu og fjöltyngi í alls kyns samhengi:

- með því að vera með börnum frá ýmsum löndum og menningarheimum (í leikskóla og grunnskóla, og í nágrenni við heimili sín);
- með vöruúrvali alls staðar að úr heiminum;
- með evrópskum og alþjóðlegum skírskotunum í miðlum sem nemendur nota (bókum, tímaritum, sjónvarpi, geisladiskum, netinu o.s.frv.);
- á ferðalögum.

Almennt taka nemendur þessu sem sjálfsögðum hlut, allt frá unga aldri, og upplifa það ómeðvitað. Sem dæmi má nefna að nemendur vita ekki hvar ýmsar fæðutegundir eiga uppruna sinn, svo sem spagettí, pítsa og smjördeigshorn, þar sem þeir hafa ekki upplifað þann samruna sem smám saman hefur átt hefur sér stað á neyslúvörumarkaði í Evrópu. Um leið eru staðalímyndir og einfölduð sjónarmið fólks hvaðanæva úr álfunni stöðugt að birtast í fjölmiðlum. Meðal nemenda geta þessar staðalímyndir orðið fyrsta „vitneskjan“ um Evrópu sem hefur á einhvern hátt „orðið ofan á“. En í raun og veru er fremur um viðhorf eða hlutdrægar skoðanir að ræða en vitneskju.

Því er ekki hægt að líta á grunnskólanemendur sem „óskrifað blað“ (tabula rasa) þegar fjallað er um Evrópu. Það sem kennsla um Evrópu getur skilað er að nemendur læri að flokka, koma skipulagi á og auka og hlutgera þá þekkingu sem þeir þegar hafa. Því ætti að taka staðalímyndir, fordóma og viðhorf til skoðunar í skólum og leggja áherslu á að vekja nemendur til vitundar um að Evrópa sé fjölmenningsleg samfélag þar sem mörg tungumál eru töluð, að þar ríki fjölbreytileiki en jafnframt að allir séu jafnir.

Nemendur í yngri bekkjum grunnskóla þurfa að læra um Evrópu á annan hátt en nemendur í eldri bekkjunum, þ.e. með því að upplifa viðfangsefnið á áþreifanlegan hátt. Kennsla þarf að fara fram með mjög opnum huga þar sem tvö viðmið eru höfð að leiðarljósi – hið hlutlæga-hlutlaus og svo hið ákjósanlega – og stuðst er við tiltekin dæmi úr daglegu lífi nemenda. Í þessum aldursþópum snýst námið og kennslan um raunveruleg samskipti og vináttu. Þegar nemendur af erlendum uppruna eru í hópnum má nota þetta sem eitt af grundvallaratriðunum þegar fjallað er um Evrópu og fólkhið þar.

Markmiðið með menntun til lýðræðislegrar borgaravitundar og mannréttindamenntun er að stuðla að færni á þremur sviðum. Í þessum kafla er lögð áhersla á færni í eftirfarandi atriðum:

Færni í ...		
... pólitískri greiningu og mati	... notkun aðferða	... lýðræðislegri ákvarðanatöku og athöfnum
**	**	***

Verkfæri

Í þessum kafla verða eftirfarandi verkfæri úr verkfærasafni nemenda notuð. Kennarinn verður að skera úr um hvort einhverjir nemendur, eða jafnvel allir, þurfi á meiri undirbúningi að halda til að geta nýtt sér þessi verkfæri.

- x Notkun bókasafna
- x Leit á netinu
- 0 Viðtöl og kannanir
- 0 Túlkun mynda
- 0 Hugarkort
- 0 Veggspjaldagerð
- 0 Sýningahald
- x Undirbúningur og flutningur kynninga
- 0 Gerð glæra eða PowerPoint-kynninga
- 0 Ritun blaðagreina
- x Uppsetning leikþátta
- 0 Rökræður

2. kafli: Fjölbreytileiki og fjölhyggja

Heima í Evrópu

Hvernig kemur Evrópa fram í daglegu lífi nemenda?

Viðfangsefni	Markmið	Verkefni nemenda	Gögn	Aðferð
1. kennslust.: Hvað er Evrópa?	Að nemendur rifji upp það sem þeir vita um Evrópu og myndi sér skoðanir á álfunni.	Nemendur nota kort af Evrópu. Þeir sýna hvaðan þeir eru, skrifa niður þær borgir sem þeir þekkja, hvaða lönd þeir vita um og hvaða fána og önnur mikilvæg atriði þeir þekkja nú þegar o.s.frv.	Eintök af Evrópukorti, landlýsingar, pennar, skæri, landabréfabók, bækur, netið (ef hægt er).	Hver vinnur fyrir sig, hópvinna, bekkjarumræður.
2. kennslust.: Ég á heima í Evrópu (kortagerð I).	Að nemendur „sviðsetji“ Evrópu á skólalóðinni. Þeir fái tilfinningu fyrir fjarlægð og nálægð.	Nemendur búa til kort af Evrópu á skólalóðinni. Fyrst draga þeir upp löndin og landamærin. Þeir sýna hvaðan þeir eru.	Eintök af Evrópukortinu sem sniðmát, landlýsingar, litaður pappír, landabréfabók.	Tveir og tveir vinna saman, hópvinna.
3. kennslust.: Ég á heima í Evrópu (kortagerð II).	Að nemendur geri sér grein fyrir því hve fjölbreytt álfa Evrópa er. Þeir fari að átta sig á fjarlægðum og afstöðu með því að sjá hvaðan þeir eru.	Þegar nemendur hafa dregið upp landamærin og löndin halda þeir áfram og sýna helstu landslagseinkennin. Þeir setja ár, fjöll og önnur mikilvæg atriði inn á landakortið. Að lokum er tekin ljósmynd af kortinu.	Eintök af Evrópukortinu sem sniðmát, blár efniviður til að búa til árnar (pappír, tau o.s.frv.), mislitur efniviður fyrir fjöll og landslag (pappír, tau o.s.frv.), landabréfabók, myndavél.	Tveir og tveir vinna saman, hópvinna.
4. kennslust.: Evrópubúar eru ólíkir en allir jafnir.	Að nemendur átti sig á því í bekkjarumræðum að það er ýmislegt sem einkennir Evrópu. Þeir velti fyrir sér þeirri staðreynd að Evrópubúar eigi ýmislegt sameiginlegt en séu jafnframt ólíkir hver öðrum.	Nemendur skoða myndina af landakortinu. Kennarinn fær þá til að ræða um hvað er líkt og ólíkt í a) landfræðilegu tilliti og b) félagslegu tilliti. Nemendur ræða um félagslegan mismun í Evrópu og reyna að finna leiðir til að fólk tali saman og gagnkvæmur skilningur ríki.	Ljósmynd af landakorti, landlýsingar, tafla eða flettitafla, bréfmíðar.	Bekkarumræður, hópvinna.

1. kennslustund

Hvað er Evrópa?

Það sem ég veit um Evrópu

Markmið	Að nemendur rifji upp það sem þeir vita um Evrópu og myndi sér skoðanir á álfunni.
Verkefni nemenda	Nemendur nota kort af Evrópu. Þeir sýna hvaðan þeir eru, þeir skrifa niður þær borgir sem þeir þekkja, hvaða lönd þeir vita um, og hvaða fána og önnur mikilvæg atriði þeir þekkja o.s.frv.
Gögn	Eintök af Evrópukorti, landlýsingar, pennar, skæri, landabréfabók, bækur, netið (ef hægt er).
Aðferðir	Hver vinnur fyrir sig, bekkjarumræður.

Lýsing á kennslustund

Nemendur fá í hendur eintak af auðu Evrópukorti (best er að hafa það í stærðinni A3). Þeir fá það verkefni að rifja upp það sem þeir vita um Evrópu. Fyrst eiga þeir að svara spurningunum sem eru fyrir neðan kortið.

Kennarinn sýnir þeim síðan gögnin í dreifiblaðaviðaukanum (lönd og höfuðborgir, fána, fljót, fjöll og landslag). Nemendur nota þetta efni en geta einnig aflað sér upplýsinga á annan hátt ef slíkt er mögulegt innan veggja skólastofunnar (á netinu, í landabréfabók eða öðrum bókum o.s.frv.).

Evrópukortin sem búið er að gera eru fest upp á vegg.

Heimavinna nemenda felst í því að þeir velja sér eitt land í Evrópu og rannsaka það nánar. Þeir fylla út „landlýsinguna“ fyrir 2. kennslustund. Þeir finna sér einnig félagi til að vinna með í næstu kennslustundum og best er að hann hafi valið sér land í næsta nágrenni við þá.

2. kennslustund

Ég á heima í Evrópu (kortagerð I)

Það sem ég veit um Evrópu

Markmið	Að nemendur „sviðsetji“ Evrópu á skólalóðinni. Þeir fái tilfinningu fyrir fjarlægð og nálægð.
Verkefni nemenda	Nemendur búa til kort af Evrópu á skólalóðinni. Þeir vinna tveir og tveir saman með þau tvö lönd sem þeir völdu sér. Fyrst draga þeir upp löndin og landamærin. Þeir sýna hvaðan þeir eru.
Gögn	Eintök af Evrópukortinu sem sniðmát, landlýsingar, litaður pappír, landa-bréfabók.
Aðferðir	Tveir og tveir vinna saman, hópvinna.

Ábendingar

Í þessum kennslustundum um Evrópu er hugtakið „landakort“ notað í merkingunni kort sem sýnir auðkenni lands – þar sem nemendur búa sjálfir til eða „sviðsetja“ kortin. Það er eina leiðin til að svo ungir nemendur geti skilið hvar lönd eru staðsett, hvað felst í hugtakinu landamæri, hve langar árnar eru og fjöllin há. Þannig öðlast þeir einnig skilning á hinna félagslegu hlið mála, þ.e. hvernig fólk lifir saman í Evrópu. Með því að „búa til“ og síðan „vera í“ löndunum geta nemendur fundið fyrir nálægð nágranna sinna og áttað sig betur á landamærum og þeim hindrunum sem greina löndin að, svo sem framandi tungumálum, menningu og ýmsu öðru. Hugmyndin um að búa til landakort tengist þeim markmiðum að nemendur læri af verkum sínum og tiltekinni reynslu.

Lýsing á kennslustund

Nemendur vinna tveir og tveir saman með þau lönd sem þeir völdu sér til heimavinnu (verkefnið sem þeir fengu í lok 1. kennslustundar). Þeir mæta í tímamann með landlýsingarnar sínar og allar upplýsingarnar sem þeir hafa aflað sér um viðkomandi lönd. Þeir koma einnig með Evrópukortin sín.

Allur bekkurinn kemur saman á skólalóðinni. Kennarinn segir nemendum að búa til landakort af Evrópu og nota allan þann efnivið sem tiltækur er. Tveir nemendur eru um hvert land. Kennarinn leggur línurnar varðandi kortagerðina með því að tilgreina á hvaða svæði nemendur geta unnið.

Því næst hefjast nemendur handa við að draga upp öll landamæri. Þeir þurfa að gæta þess að löndunum sé rétt raðað saman. Síðan geta þeir farið að merkja höfuðborgir og fána inn á uppdráttinn.

Að því loknu eiga allir nemendur að koma sér fyrir í sínu landi og hefja samræður við nemendur í nágrannalandi sínu. Þeir eiga að skiptast á upplýsingum um löndin sín. Ósýnilegar hindranir kunna að koma upp, svo sem að þurfa að tala útlensku. Þar sem allir nemendur hafa fyllt út landlýsingu ætti hver og einn að geta skipst á nokkrum orðum við granna sinn á tungumáli hans. Síðan geta umræðurnar farið fram á eigin móðurmáli. Nemendur ættu að reyna að tala við eins marga og þeir geta í nágrannalöndum sínum.

3. kennslustund

Ég á heima í Evrópu (kortagerð II)

Fjöll, fljót og landslag í Evrópu

Markmið	Að nemendur geri sér grein fyrir því hve fjölbreytt álfa Evrópa er. Þeir fari að átta sig á fjarlægðum og afstöðu með því að sjá hvaðan þeir eru.
Verkefni nemenda	Þegar nemendur hafa dregið upp landamærin og löndin halda þeir áfram og sýna helstu landslagseinkennin. Þeir setja ár, fjöll og önnur mikilvæg atriði á landakortið. Að lokum er tekin ljósmynd af kortinu.
Gögn	Eintök af Evrópukortinu sem sniðmát, blár efniviður til að búa til árnar (pappír, tau o.s.frv.), mislitur efniviður fyrir fjöll og landslag (pappír, tau o.s.frv.), landabréfabók, myndavél.
Aðferðir	Tveir og tveir vinna saman, hópvinna.

Lýsing á kennslustund

Þegar nemendur eru búnir að draga upp landamærin og merkja inn höfuðborgir og fána halda þeir áfram vinnu sinni við landslagið. Sumir nemendur hafa minna að gera en aðrir því að ekki eru stórar ár eða stórbrotið landslag í öllum löndum. Kennarinn gæti ef til vill skipað þeim nemendum í nýjan hóp eða sett nemendurnar sem hafa lokið vinnu sinni í annan hóp.

Nemendur eiga að nota alls konar efnivið, svo sem pappír, tau o.s.frv., til að búa til ár og fjöll.

Þeir geta einnig notað aðra hluti við kortagerðina en þeir ráða því sjálfir. Nemendur þurfa að ákveða hvað þeir nota; það getur líka farið eftir þeim upplýsingum sem þeir öfluðu sér í heimavinnunni (um matarvenjur, frægt fólk o.s.frv.).

Þegar landakortið er tilbúið eru teknar ljósmyndir. Best væri að taka tvær myndir – eina þar sem nemendur eru í landinu „sínu“ og eina án nemendanna, þannig að allt landslagið, árnar, fjöllin o.s.frv., sjáist vel.

4. kennslustund

Evrópubúar eru ólíkir en allir jafnir

Það sem okkur er sameiginlegt og ekki sameiginlegt

Markmið	Að nemendur átti sig á því í bekkjarumræðum að það er ýmislegt sem einkennir Evrópu. Þeir velti fyrir sér þeirri staðreynd að Evrópubúar eiga ýmislegt sameiginlegt en eru jafnframt ólíkir hver öðrum.
Verkefni nemenda	Nemendur skoða ljósmyndina af landakortinu. Kennarinn fær þá til að ræða um hvað er líkt og ólíkt í a) landfræðilegu tilliti og b) félagslegu tilliti. Nemendur ræða um félagslegan mismun í Evrópu og reyna að finna leiðir til að fólk tali saman og gagnkvæmur skilningur ríki.
Gögn	Ljósmynd af landakortinu, landlýsingar, tafla eða flettitafla, bréfmíðar.
Aðferðir	Bekkjarumræður, hópvinna.

Lýsing á kennslustund

Þátttakendur sitja í hring. Kennarinn sýnir þeim ljósmyndirnar sem teknar voru af landakortinu. Nemendur eiga að virða fyrir sér myndirnar og hugleiða hvað sé líkt og ólíkt á kortinu. Þeir eiga að reyna að svara spurningum á borð við:

- Hvar í Evrópu eru hæstu fjöllin?
- Hvar eru lengstu árnar?
- Í hvaða löndum er landslagið líkt?
- Í hvaða löndum talar fólk þetta sama tungumál?
- Hvaða lönd liggja að sama hafi?

Nemendur nota landlýsingarnar til að afla sér upplýsinga. Þeir kynna löndin sín munnlega eða setja upp leikþátt.

Í næsta áfanga leggur kennarinn fram aðrar spurningar til að vekja umræður. Í Evrópu er ýmislegt líkt og ólíkt af náttúrulegum og landfræðilegum ástæðum, en einnig er um annars konar mismun að ræða, svo sem félagslegan mismun eða fyrirbæri eins og fordóma. Kennarinn fær nemendur til að tjá sig um félagslegan mismun í Evrópu með spurningum á borð við:

- eru bæði rík og fátæk lönd í Evrópu? Hvaða lönd eru rík? Hvaða lönd eru fátæk?
- Er lífsbaráttan erfiðari í sumum löndum Evrópu en öðrum? Hvers vegna?
- Hvers vegna yfirgefur fjöldi fólks landið sitt og sest að annars staðar? Hverjar eru ástæður þess?

Að loknum þessum vangaveltum um mismun sem ekki á sér landfræðilegar skýringar skulu nemendur sitja fjórir saman í hóp og koma með tillögur um hvernig skapa megi skilning á þeim félagslega mismun sem finna má í Evrópu, án þess að þjóðlegum einkennum sé vísað á bug, og þar með stuðla að þvermenningarlegum umræðum. Þeir skrifa hugmyndir sínar á litla bréfmíða og kynna þær fyrir hinum í bekknum. Síðan eiga þeir að líma bréfmíðana hjá ljósmyndunum af landakortinu (þannig er auðveldara að sjá hlutina fyrir sér).

3. KAFLI JAFNRÉTTI Miðstig grunnskóla

Minnihlutahópar og meirihlutahópar

3.1. Öll ólík, öll jöfn

Við virðum hvert annað saman í hóp

3.2 Er það réttmætt?

Minnihlutahópar og meirihlutahópar á skólalóðinni (könnun)

3.3 Er það réttmætt?

Minnihlutahópar og meirihlutahópar á skólalóðinni (framhald)

3.4 Valdatafla

Minnihlutahópar og meirihlutahópar hér á landi

3. kafli: Lykilhugtak – „Jafnrétti“ (miðstig grunnskóla)

Ítarefni fyrir kennara: hvernig vekja má vitund um minnihlutahópa og meirihlutahópa meðal nemenda á miðstigi

„Öll ólík, öll jöfn“ er þekkt orðatiltæki í Evrópu. Það endurspeglar grunngildi MLB/MRM sem lýsa má þannig: „Ég á margt sameiginlegt með sumu fólki en fátt með öðru. Þó að ég eigi tiltekna hluti sameiginlega með því, þá eru aðrir sem eru okkur ekki sameiginlegir. Hvað suma persónuþætti varðar tilheyrir ég meirihlutahópi en í öðrum tilvikum minnihlutahópi.“ Þegar nemendum í yngri bekkjunum er gerð grein fyrir minnihlutahópum og meirihlutahópum er nauðsynlegt að skýra sjálf hugtökin. Minnihlutahópur er yfirleitt hópur sem greinir sig frá meirihlutanum í einhverju landi vegna persónulegra eða menningarlegra eiginleika. Í flestum tilvikum býr minnihlutinn sem lýðfræðilegur hópur á tilteknu svæði, en getur einnig verið dreifður og tvístraður um allt land og jafnvel yfir landamæri. Oft er það tungumálið, þjóðerni eða trúarbrögð sem einkenna minnihlutahópa en stundum eru það einnig siðferðileg viðhorf, kynhneigð eða félagsleg staða sem greinir þá frá öðrum.

Hugtakið minnihluti er almennt notað um hóp sem samlagast ekki stærri hópi sem er ríkjandi yfir honum. Yfirleitt eru því minnihlutahlutahópar af þjóðernislegum toga eða þjóðarbrot. Evrópuráðið, Sameinuðu þjóðirnar og fleiri alþjóðlegar stofnanir og samtök hafa sett lög um réttindi minnihlutahópa. Mismunandi er að hve miklu leyti þessi réttindi eru virt. Evrópuráðið er með tvo bindandi samninga: Rammasamninginn um verndun þjóðarbrot (ETS nr. 157, samþykktur árið 1995) og Evrópusáttmálann um svæðisbundin tungumál eða tungumál minnihlutahópa (ETS nr. 148, samþykktur árið 1992).

Árið 1992 samþykkti allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna einnig yfirlýsinguna um réttindi fólks sem tilheyrir þjóðarbrotum eða þjóðernislegum, trúarlegum og tungumálatengdum minnihlutahópum. Árið 1988 var alþjóðahreyfingin gegn hvers kyns mismunun og kynþáttafordómum (International Movement Against All Forms of Discrimination and Racism – IMADR) stofnuð í Tókýó til að vekja athygli á þeim vandamálum sem kynþáttafordómar og mismunun gegn minnihlutahópum skapa. IMADR berst fyrir réttindum afskiptra hópa.

Í flestum tilvikum vísar hugtakið minnihluti til hóps af fólki sem eftirfarandi atriði eiga við um:

- er fámennur í samanburði við íbúafjölda ríkis;
- hefur ekki áhrif í samfélaginu;
- á ýmislegt sameiginlegt, svo sem þjóðerni, trúarbrögð eða tungumál;
- finnur til samstöðu eða samkenndar með því að upplifa sig sem minnihlutahóp.

Erfitt er að flokka minnihlutahópa, en yfirleitt er stuðst við eftirfarandi flokkun:

- Þjóðarbrot eða þjóðernislegir minnihlutahópar: hópar fólks sem búa á landsvæði sem er undir yfirráðum annars hóps.
- Tungumálaminnihlutahópar: hópur fólks sem talar annað tungumál en meirihluti fólks í landinu.
- Trúfélög minnihlutahópa: þeir sem hafa önnur trúarbrögð en meirihluti fólks í landinu, svo sem mótmælendur á Írlandi, kristnir menn í Sádi-Arabíu eða múslímar í Danmörku eða Þýskalandi.

- Minnihlutahópar vegna kynhneigðar.
- Aldraðir sem minnihlutahópur.
- Ungt fólk sem minnihlutahópur.

Þegar fjallað er um hugtökin minnihlutahópa og meirihlutahópa á miðstigi er mikilvægt að útskýra fyrir nemendum hvað einkennir þessa hópa. Aðeins þannig er hægt að greina stöðu þeirra. Hugtakið minnihlutahópur er nemendum þó ekki framandi í daglegu lífi. Nemendur á miðstigi upplifa oft að þeir „tilheyri“ eða „tilheyri ekki“ minnihlutahópi.

Í þessu samhengi vísar skilgreiningin á minnihluta til þess hvernig nemendahópurinn í skólanum er samsettur. Í eftirfarandi kennslustundum er því fyrst fjallað um daglegt líf nemenda og þeirra eigin upplifun af minnihluta- og meirihlutahópum (1.–3. kennslustund). Því næst eru teknir fyrir meirihluta- og minnihlutahópar í samfélaginu og ýmsir hópar tilgreindir (4. kennslustund). Það fer eftir umræðustiginu, áhuga nemenda og námsgetu bekkjarins almennt hve nákvæm greining getur farið fram á stöðu ýmissa samfélagshópa. Ekki eru allir minnihlutahópar afskiptir. Nokkrir litlir hópar í nútímasamfélögum hafa af ýmsum ástæðum mikil áhrif. Kennarinn hefur það verk með höndum að stýra umræðunni.

Markmiðið með menntun til lýðræðislegrar borgaravitundar er að stuðla að færni á þremur sviðum. Í þessum kafla er lögð áhersla á færni í eftirfarandi atriðum:

Færni í ...		
... pólitískri greiningu og mati	... notkun aðferða	... lýðræðislegri ákvarðanatöku og athöfnum
***	**	**

Verkfæri

Í þessum kafla verða eftirfarandi verkfæri úr verkfærasafni nemenda notuð. Kennarinn verður að skera úr um hvort einhverjir nemendur, eða jafnvel allir, þurfi á meiri undirbúningi að halda til að geta nýtt sér þessi verkfæri.

- Notkun bókasafna
- Leit á netinu
- Viðtöl og kannanir
- Túlkun mynda
- Hugarkort
- Veggspjaldagerð
- Sýningahald
- Undirbúningur og flutningur kynninga
- Gerð glæra eða PowerPoint-kynninga
- Ritun blaðagreina
- Uppsetning leikþátta
- Rökræður

3. kafli: Jafnrétti

Minnihlutahópar og meirihlutahópar

Hvernig vekja má vitund um minnihlutahópa og meirihlutahópa meðal ungra nemenda

Viðfangsefni	Markmið	Verkefni nemenda	Gögn	Aðferð
1. kennslust.: Öll ólík, öll jöfn.	Að nemendur kynnist og viðurkenni að þeir tilheyri allir sama hópi. Nemendur uppgötvi að þeir eiga eitt og annað sameiginlegt sem þeir vissu ekki af áður. Þeir geri sér grein fyrir því að viðhorf og framkoma geta verið mismunandi.	Nemendum eru kynnt ýmis atriði og eiginleikar, einn í senn. Þeir þurfa að taka afstöðu til þess hvort þessi atriði eigi við um þá. Þegar þeir hafa áttað sig á hvað á við um þá sjálfa og bekkjarfélaga þeirra ræða þeir saman um ýmis jafnréttismál.	Krítarmoli eða spotti til að teikna eða marka línu á jörðina.	Hópvinna, bekkjarumræður.
2. kennslust.: Er það réttmætt? (könnun).	Að nemendur átti sig á aðstæðum í skólanum með því að fylgjast með öðrum nemendum í frímínútum.	Nemendur gera könnun á skólalóðinni með því að telja hve margir nemendur taka þátt í einhverjum leikjum. Þeir skrifa hjá sér niðurstöðuna og taka viðtöl við þá nemendur sem ekki taka þátt í neinu.	Eintak af könnunarseðli til að taka niður upplýsingar á skólalóðinni, blýantar.	Fjögurra manna hópar.
3. kennslust.: Er það réttmætt? (framhald).	Að nemendur velti fyrir sér upplýsingunum sem þeir söfnuðu og greini og túlki viðtölin. Þeir komist að niðurstöðum um minnihluta- og meirihlutahópa í skólanum.	Þegar nemendur hafa safnað öllum upplýsingum, megindegum og eigindegum, greina þeir og túlka niðurstöðurnar. Þeir flokka þær tölfræðilega og kynna síðan niðurstöður sínar fyrir bekkjarfélögunum.	Upplýsingar úr 2. kennslustund, eintök af tölfræðitöflu, litblýantar, veggspjöld, lím.	Fjögurra manna hópar.
4. kennslust.: Valdatafla.	Að með hópumræðum geri nemendur sér grein fyrir því að það eru nokkrir minnihlutahópar og meirihlutahópar hér á landi. Þeir átti sig á því að það er ekki aðeins viðmót annarra í samfélaginu sem veldur því að einhverjum finnst hann vera afskiptur heldur einnig viðmót hópfélaga hans.	Nemendur fá í hendur spjöld sem sýna ýmsa hópa samfélagsins – sumir þeirra eru í minnihluta og aðrir í meirihluta. Þeir flokka spjöldin eftir því hvort þeir telja hópana tilheyra minnihluta eða meirihluta. Þeir úthluta hópunum valdaspjöldum (litlum völdum eða miklum völdum). Í hópumræðum fjalla þeir síðan um hvaða áhrif það getur haft að tilheyra meirihlutahópi eða minnihlutahópi.	Orðaspjöld, valdaspjöld.	Bekkjjarumræður.

1. kennslustund

Öll ólík, öll jöfn

Við virðum hvert annað saman í hóp

Markmið	Að nemendur kynnist og viðurkenni að þeir tilheyra allir sama hópi. Nemendur uppgötvi hluti sem þeir vissu ekki áður að væru þeim sameiginlegir. Þeir geri sér grein fyrir því að viðhorf og framkoma geta verið mismunandi.
Verkefni nemenda	Nemendum eru kynntir ýmsir eiginleikar, einn í senn. Þeir þurfa að taka afstöðu til þess hvort þessi atriði eigi við um þá. Þegar þeir hafa áttað sig á hvað á við um þá sjálfa og bekkjarfélaga þeirra ræða þeir saman um ýmis jafnréttismál.
Gögn	Krítarmoli eða spotti til að teikna eða marka línu á jörðina.
Aðferðir	Hópvinna, bekkjarumræður.

Lýsing á kennslustund

Kennarinn teiknar línu eða leggur bandspotta á gólfið í miðri skólastofunni.

Nóg pláss þarf að vera beggja vegna línunnar fyrir nemendur.

Kennarinn biður nemendur að standa öðrum megin við línuna (allir sömu megin).

Kennarinn kallar síðan upp ýmis atriði eða eiginleika, einn í senn. Um leið og eitthvert atriði er nefnt verða nemendur að finna út hvort það gildi um þá. Þeir sem telja að svo sé eiga að hoppa yfir línuna. Þeir nemendur sem hoppuðu yfir línuna eiga svo að líta í kringum sig til að sjá hverjir hoppuðu líka.

Hér á eftir eru nokkur dæmi um atriði sem kennarinn getur kallað upp. Þeir nemendur sem:

- eru í gallabuxum;
- eru með blá augu;
- hafa ferðast til annarra landa í Evrópu;
- lesa blöðin daglega;
- borðuðu morgunmat í morgun;
- eiga systkini;
- finnst gaman að horfa á sjónvarp;
- finnst gaman í fótbolta.

Síðan má leyfa nemendum að stinga upp á fleiri atriðum, en kennarinn þarf að fylgjast með og bregðast við ef tillögur þeirra eru á einhvern hátt særandi.

Þegar leikurinn hefur staðið yfir um stund eiga nemendur að raða stólunum sínum í hring. Þeir eiga síðan að ræða eftirfarandi málefni:

- Fannst einhverjum hann vera í hópi með aðila sem hann á ekkert sameiginlegt með?

- Hvernig tilfinning var það að vera hluti af stórum hópi?
- Hvernig tilfinning er það að vera einn á báti?

Tilbrigði:

Um leið og eitthvert atriði er nefnt færa nemendur sig og mynda hóp með þeim sem það á við um. Þeir eru saman í smástund og ræða um það sem þeir eiga sameiginlegt. Umræðurnar gætu til dæmis snúist um óskir og hegðun.

2. kennslustund

Er það réttmætt? (könnun)

Minnihlutahópar og meirihlutahópar á skólalóðinni

Markmið	Að nemendur átti sig á aðstæðum í skólanum með því að fylgjast með öðrum nemendum í frímínútum.
Verkefni nemenda	Nemendur gera könnun á skólalóðinni með því að telja hve margir nemendur taka þátt í einhverjum leikjum. Þeir skrifa hjá sér niðurstöðuna og taka viðtöl við þá nemendur sem ekki taka þátt í neinu.
Gögn	Eintak af könnunarseðli til að taka niður upplýsingar á skólalóðinni, blýantar.
Aðferð	Fjögurra manna hópar.

Ábendingar

Megindlegar og eigindlegar kannanir á miðstigi

Ýmsar ástæður eru fyrir því að megindlegar aðferðir við gagnasöfnun – tölfræði – eru kenndar í skólum: þær koma að gagni í daglegu lífi, veita stuðning í öðrum greinum og efla rökstuðning þegar raunverulegar upplýsingar eru til umfjöllunar.

Á miðstigi er tölfræði yfirleitt kennd samhliða náttúrufræði eða sem hluti af stærðfræðinámi. Oftast eru megindlegar aðferðir við gagnasöfnun aðeins kynntar nemendum sem hjálpartæki á þessum aldri og eru afar sjaldan notaðar til greiningar eða túlkunar á gögnum. Til að efla gagnrýna hugsun og rökhugsun ætti ekki að láta staðar numið við kynningar á niðurstöðum með línuritum og skýringarmyndum. Mikilvægt er að leggja áherslu á að tengja þurfi aðferðir við gagnasöfnun því sem uppgötvað hefur verið og túlka niðurstöðurnar.

Ef þetta er gert í auknum mæli á miðstigi er síðan hægt að bæta við eigindlegum könnunum til að nemendum verði betur ljóst hvernig kalla má fram upplýsingar um það sem skráð hefur verið og hvað liggur til grundvallar. Því er lagt til að nemendur komi sjálfir með hugmyndir að spurningum sem lagðar eru fyrir fólk í viðtölum. Þannig geta nemendur öðlast raunverulegan skilning á þeim málefnum sem verið er að kanna. Í næstu tveimur kennslustundum er lykilatriðið að nota raunverulegar upplýsingar úr daglegu lífi nemenda og túlka niðurstöðurnar.

Lýsing á kennslustund

Kennarinn skiptir bekknum í fjögurra manna hópa. Könnun þeirra gengur út á að hver hópur beini sjónum að því sem gerist á skólalóðinni í frímínútum og þá einu tilteknu atriði.

Dæmi um viðfangsefni:

- hve margir strákar og stelpur taka þátt í leikjum;
- hvaða íþróttaleikir eru stundaðir;
- aðrir leikir sem fara fram;
- umræðuefni nemenda;
- mismunandi athafnir yngri og eldri nemenda.

Hver hópur á að kanna eitt viðfangsefni til að komast að því hvort minnihluta- og meirihlutahópa er að finna í skólanum. Hann á síðan að setja fram könnunarspurningu sem hann vill einbeita sér að. Síðan er sú spurning skrifuð á afritið af könnunartöflunni.

Dæmi um spurningar:

- „Hve margir strákar og hve margar stelpur taka þátt í leikjum í frímínútum?“
- „Hvaða íþróttaleiki er farið í í frímínútum og hverjir fara í þessa leiki?“

Enn fremur ættu nemendur að setja saman lista með í mesta lagi fimm spurningum sem varða könnun þeirra og þá langar til að spyrja hina krakkana á skólalóðinni.

Dæmi:

- „Hvers vegna heldur þú að fleiri strákar/stelpur geri þetta?“
- „Hvers vegna heldur þú að færri strákar/stelpur fari í þennan leik?“
- „Hverju vildir þú breyta?“

Í löngu frímínútunum fara nemendur út á skólalóðina og gera kannanir sínar, hver í sínum hópi. Einnig væri hægt að hafa verkaskiptingu innan hópanna eftir því hve skipulagðir nemendur í bekknum eru (tveir nemendur gætu tekið fyrir meginlegar niðurstöður og aðrir tveir spurt eiginlegra spurninga og skrifað niður minnispunkta).

Þegar könnuninni er lokið fara nemendur aftur inn í skólastofuna og ræða um niðurstöðurnar innan síns hóps í svolitla stund. Hvað finnst þeim almennt? Eru niðurstöður þeirra svipaðar?

3. kennslustund

Er það réttmætt? (framhald)

Minnihlutahópar og meirihlutahópar á skólalóðinni

Markmið	Að nemendur velti fyrir sér upplýsingunum sem þeir söfnuðu og greini og túlki viðtölin. Þeir komist að niðurstöðu um minnihluta- og meirihlutahópa í skólanum.
Verkefni nemenda	Þegar nemendur hafa safnað öllum upplýsingum, meginlegum og eigindlegum, greina þeir og túlka niðurstöðurnar. Þeir flokka þær tölfræðilega og kynna síðan niðurstöður sínar fyrir bekkjarfélögnum.
Gögn	Upplýsingar úr 2. kennslustund, eintök af tölfræðitöflu, litblýantar, veggspjöld, lím.
Aðferðir	Fjögurra manna hópar, kynningar.

Lýsing á kennslustund

Nemendur sitja saman, hver í sínum hópi, með athugasemdir sínar frá fyrri kennslustund.

Þeir ræða um hvernig best sé að kynna niðurstöður könnunar sinnar. Kennarinn lætur hvern hóp fá stórt blað af flettistöflu (nemendur nota það til að búa til veggspjald).

Hóparnir vinna síðan að kynningu á niðurstöðum sínum. Skipta ætti niðurstöðunum í þrjá stóra kafla á veggspjaldinu:

- meginlegar niðurstöður (tölfræðilegt yfirlit);
- eigindlegar niðurstöður (niðurstöður úr viðtölum);
- túlkanir og mögulegar lausnir.

Tillaga að veggspjaldi:

Könnunarspurning:
1. Tölfræðilegar niðurstöður <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
2. Það sem nemendum finnst <ul style="list-style-type: none"> • Það er óréttlátt að ... • Ég held að við ættum ...
3. Hvað merkir þetta? <ul style="list-style-type: none"> • Meira pláss fyrir íþróttir? • Líka fótbolta fyrir stelpur?

Á meðan nemendur vinna að veggspjöldunum sínum gengur kennarinn á milli þeirra og aðstoðar þá við tiltekna spurningar og/eða niðurstöður.

Þegar allir hóparnir hafa lokið vinnu sinni fær hver hópur fimm mínútur til að kynna veggspjaldið sitt. Síðan ætti að hengja öll veggspjöldin upp til sýnis, helst einhvers staðar þar sem aðrir nemendur geta einnig séð þau.

Tilbrigði:

Túlkanir nemenda og lausnir gætu orðið tilefni til frekari umræðna um könnunina og hvaða áhrif hún gæti hugsanlega haft, ekki aðeins fyrir bekkinn heldur einnig allan skólann. Kynning á henni hjá nemendaráði eða á kennarafundi gæti orðið til þess að aðstæður minnihlutahópa/meirihlutahópa í skólanum breyttust.

4. kennslustund

Valdatafla

Minnihlutahópar og meirihlutahópar hér á landi

Markmið	Að með hópumræðum geri nemendur sér grein fyrir því að nokkrir minnihlutahópar og meirihlutahópar eru hér á landi. Þeir átti sig á því að það er ekki aðeins viðmót annarra í samfélaginu sem veldur því að einhverjum finnst hann vera afskiptur heldur einnig viðmót hópfélaga hans.
Verkefni nemenda	Nemendur fá í hendur spjöld sem sýna ýmsa hópa samfélagsins – sumir þeirra eru í minnihluta og aðrir í meirihluta. Þeir flokka spjöldin eftir því hvort þeir telja hópana tilheyra meirihlutahópi eða minnihlutahópi. Þeir úthluta hópunum valdaspjöldum (litlum völdum eða miklum völdum). Í bekkjarumræðum fjalla þeir síðan um hvaða áhrif það getur haft að tilheyra meirihlutahópi eða minnihlutahópi.
Gögn	Orðaspjöld, valdaspjöld.
Aðferð	Bekkjarumræður.

Lýsing á kennslustund

Nemendur sitja í hring. Nægilegt pláss ætti að vera í miðjunni þannig að allir hafi yfirsýn. Kennarinn setur orðaspjöldin með yfirskriftum ýmissa samfélagshópa á gólfíð í miðju hringins. Nokkrir hópar eiga að tilheyra minnihlutahópum og nokkrir meirihlutahópum. Athugið: mikilvægt er að hafa í huga að ekki hafa allir minnihlutahópar lítil völd í þjóðfélaginu!

Dæmi:

- börn;
- fatlað fólk;
- stjórnmalámennt;
- fólk með annan hörundslit en hinir;
- pönkarar;
- brettafólk;
- fólk í trúfélögum sem sýnir trú sína í klæðaburði;
- prestar og nunnur;
- eldri borgarar;
- minnihlutahópar í tilteknum löndum, svo sem rómafólk, sintifólk o.s.frv.;
- stjórnendur;
- verkamenn;
- húsmæður;

- lækna;
- karlar;
- konur.

Nemendur eiga að skoða öll þessi spjöld. Síðan á hver og einn að taka eitt spjald, þegjandi og hljóðalaust, og flokka það samkvæmt því hvort hann telur að hópurinn sem nefndur er á spjaldinu sé minnihlutahópur eða meirihlutahópur. Þetta er fyrsti liðurinn í því að búa til „valdatöflu“. Aðeins einn nemandi í einu stendur upp og tekur spjald.

Næsti liður felst í því að úthluta hinum ýmsu minnihluta- og meirihlutahópum valdaspjöldum. Nemendum mun finnast mjög áhugavert að komast að því að minnihlutahópar geti einnig verið mjög valdamiklir í þjóðfélaginu.

Dæmi um töflu:

Vald	Minnihlutahópar	Meirihlutahópar	Mjög mikið vald
Mikið vald			
Miðlungsmikið vald			
Lítið vald			
Ekkert vald			

Þegar taflan er tilbúin ræða nemendur um áhrif þess að fólk hafi mismikil völd. Kennarinn hefur það hlutverk að stjórna umræðunni og gæta þess að fyrir fram gefin viðhorf og einstrengingslegar skoðanir særi engan.

4. KAFLI

ÁGREININGUR

Miðstig grunnskóla

Reglur koma að gagni við lausn á ágreiningi

4.1 Það er allt eins og það á að vera! Er það?

Hvaða vandamál eða ágreining verðum við vör við í bekknum okkar?

4.2 Svona gerum við

Hvaða lausnir höfum við á vandamálunum?

4.3 Hugmyndalisti

Hvaða lausnir velur meirihlutinn?

4.4 Samkomulag um reglur

Hvernig skráum við almennar reglur?

4. kafli: Lykilhugtak – „Ágreiningur“ (miðstigi grunnskóla)

Ítarefni fyrir kennara: lausn ágreiningsmála á miðstigi

Ýmiss konar ágreiningur kemur daglega upp meðal nemenda. Yfirleitt er almennum viðhorfum þeirra um að kenna eða því að þeir þola illa álag. Dæmi um atriði sem valda ágreiningi:

- að taka hluti sem einhver annar á;
- að hrinda eða ýta óvart við einhverjum;
- að pirra hver annan;
- að láta ekki skólafélaga sína í friði;
- að hrekkja hver annan;
- alvarleg tilvik, svo sem einelti eða líkamlegt/andlegt ofbeldi.

Ungir nemendur beita öðruvísi aðferðum en fullorðnir við lausn ágreiningsmála. Það fer líka eftir aldri þeirra hvaða aðferðum þeir beita. Þeir yngstu bregðast yfirleitt við með líkamlegum hætti (löðrungu o.s.frv.), herskáum viðbrögðum, háværu rifrildi, með því að leita til einhvers fullorðins, flýja af hólmi, gefast upp, láta sem ekkert hafi gerst eða með táknrænum hætti, svo sem með handabandi, gjöf o.s.frv.

Þeir sem orðnir eru tíu ára og eldri beita öðrum aðferðum, svo sem að láta sem ekkert sé, tala saman, komast að sameiginlegri lausn með því að taka tillit til beggja sjónarmiða, komast að því hver hefur rétt fyrir sér og stendur því uppi sem „sigurvegari“, og að semja um málin þar til allir eru sáttir við niðurstöðuna.

Sérfræðingar greina á milli þrenns konar lausna á ágreiningsmálum:

- áþreifanlegrar lausnar;
- einhliða lausnar (látið sem ekkert hafi gerst, sáttum náð með táknrænum hætti eða gjöfum);
- sameiginlegrar lausnar (ígrundun um málið eða hæfni til að sjá tvær hliðar á málinu).

Í kennslustundum þessa kafla er fjallað um þessar aðferðir við lausn á ágreiningsmálum og gengið er út frá þessari innsýn í þroskasálfræðina. Það er lykilatriði til að nemendur öðlist skilning á einstaklingsbundnum jafnt sem almennum vandamálum og ágreiningi og hjálpar þeim að greina á milli almennra hagsmuna og einstaklingshagsmuna. Lausnin á vandamálunum snertir fleira fólk ef þau flokkast sem almenn vandamál eða ágreiningur og, á sama hátt, ætti lausn á einstaklingsbundnu vandamáli eða ágreiningi aðeins að snerta viðkomandi einstakling og engan annan.

Meðal nemenda á þessum aldri skjóta oft upp kollinum ágreiningsmál á borð við þau sem framar er getið um, s.s. vegna aðstæðna (ekki nægilegt pláss), kynferðis (stelpu–strákatengsl), samvinnu (nemendur vinna mishratt, eru á ólíku stigi o.s.frv.) eða vegna félagslegrar hegðunar (einhver fær ekki að ljúka máli sínu o.s.frv.). Í þessum fjórum kennslustundum, þar sem ágreiningsmál eru til umfjöllunar, þarf kennarinn að vera meðvitaður um að ekki er hægt að gera út um sitt hvað sem illa gengur í bekknum í aðeins einni kennslustund. Þrátt fyrir skipulega framsetningu og samkomulag um bekkjarreglur eða samskiptareglur geta vandamál og ágreiningur engu að síður komið upp aftur og aftur. Þess vegna þarf stöðugt að fjalla um ágreining og lausn á honum, svo og hugsanleg

vandamál sem geta hvenær sem er komið upp í skólanum. Nemendur geta aðeins samsamað sig reglum ef þeir taka virkan þátt í umræðum um að slíkar reglur séu settar.

Markmiðið með menntun til lýðræðislegrar borgaravitundar er að stuðla að færni á þremur sviðum. Í þessum kafla er lögð áhersla á færni í eftirfarandi atriðum:

Færni í ...		
... pólitískri greiningu og mati	... notkun aðferða	... lýðræðislegri ákvarðanatöku og athöfnum
***	***	***

Verkfæri

Í þessum kafla verða eftirfarandi verkfæri úr verkfærasafni nemenda notuð. Kennarinn verður að skera úr um hvort einhverjir nemendur, eða jafnvel allir, þurfi á meiri undirbúningi að halda til að geta nýtt sér þessi verkfæri.

- Notkun bókasafna
- Leit á netinu
- Viðtöl og kannanir
- Túlkun mynda
- Hugarkort
- Veggspjaldagerð
- Sýningahald
- Undirbúningur og flutningur kynninga
- Gerð glæra eða PowerPoint-kynninga
- Ritun blaðagreina
- Uppsetning leikþátta
- Rökræður

4. kafli: Ágreiningur

Reglur koma að gagni við lausn á ágreiningi

Lausn ágreiningsmála á miðstigi

Viðfangsefni	Markmið	Verkefni nemenda	Gögn	Aðferð
1. kennslust.: Það er allt eins og það á að vera! Er það?	Að nemendur átti sig á muninum á almennum hagsmunum og einstaklingshagsmunum með því að greina á milli þeirra vandamála sem upp koma í bekknum.	Nemendur safna saman vandamálum (á hugar-kort) og flokka þau sem almenn vandamál eða einstaklingsbundin vandamál.	Pappírsmiðar, blýantar, upplýsingar um flokkun þessara tvenns konar vandamála.	Hver vinnur fyrir sig, bekkjar-umræður.
2. kennslust.: Svona gerum við.	Að nemendur ígrundi hvernig þeir fara að því að leysa ágreining og öðlist skilning á því að um ólík sjónarmið sé að ræða og mismunandi persónuleika og hegðun.	Nemendur segja skoðanir sínar á vandamálunum og setja fram tillögur um lausnir.	Flettitafla, blýantar.	Hópvinna.
3. kennslust.: Hugmyndalisti.	Að nemendur læri að rökstyðja mál sitt. Þeir æfi sig í að setja fram kosti og galla í umræðum og átti sig á því hvaða hlutverki meirihluti gegnir.	Nemendur kynna tillögur sínar um lausnir og koma sér saman um hvaða reglur skuli ríkja í skólastofunni.	Flettitafla, blýantar.	Bekkkjar-umræður.
4. kennslust.: Samkomulag um reglur.	Að nemendur öðlist allir skilning á og læri hvernig komast eigi að almennu samkomulagi.	Nemendur skrifa niður almennu reglurnar og undirrita þær. Þeir ræða um hvernig eftirliti skuli vera háttað og um hugsanleg viðurlög.	Flettitafla, blýantar.	Bekkkjar-umræður.

1. kennslustund

Það er allt eins og það á að vera! Er það?

Hvaða vandamál/ágreining verðum við vör við í bekknum okkar?

Markmið	Að nemendur átti sig á muninum á almennum hagsmunum og einstaklingshagsmunum með því að greina á milli þeirra vandamála sem upp koma í bekknum.
Verkefni nemenda	Nemendur safna saman vandamálum (á hugarkort) og flokka þau sem almenn vandamál eða einstaklingsbundin vandamál.
Gögn	Pappírsmiðar, blýantar, upplýsingar um flokkun þessara tvenns konar vandamála.
Aðferðir	Hver vinnur fyrir sig, bekkjarumræður.

Lýsing á kennslustund

Kennarinn skrifar fyrir sögn kennslustundarinnar á töfluna: „Það er allt eins og það á að vera! Er það?“ Nemendur fá það verkefni að velja fyrir sér öllu því sem þeim finnst ekki vera í lagi í skólafunni. Þegar kennarinn útskýrir verkefnið fyrir þeim ætti hann að benda þeim á að vandamál og ágreiningur geti átt sér stað í ýmiss konar samhengi:

- þegar unnið er með öðrum skólafélögum;
- milli stelpna og stráka;
- þegar hlutum er deilt – svo sem borði eða herbergi;
- í vinasamböndum.

Nemendur skrifa öll vandamál eða ágreiningsmál sem þeim detta í hug á litlu miðana og fara svo, hver fyrir sig, upp að töflunni og festa þá upp.

Þegar búíð er að festa alla miðana á töfluna setjast nemendur í hring fyrir framan hana.

Því næst ætti kennarinn að benda nemendum á að vandamál séu af tvennum toga – einstaklingsbundin og almenn. Hann nefnir dæmi um hvort tveggja: mikill hávaði í skólafunni væri til dæmis almennt vandamál en það væri einstaklingsbundið vandamál að hafa ekki nóg pláss á borði. Kennarinn tekur hvert vandamál á töflunni fyrir og reynir að fá nemendur til að flokka þau rétt. Þannig hefur hann útbúið tvö blöð með stuttum skýringum á „almennum vandamálum og ágreiningi“ og „einstaklingsbundnum vandamálum og ágreiningi“. Hann festir þau efst á töfluna þannig að tveir dálkar verði til.

Þegar nemendur eru búnir að flokka vandamálin og ágreiningsmálin fær kennarinn þá til að ræða um hver þeirra sé auðvelt að leysa.

2. kennslustund

Svona gerum við

Hvaða lausnir höfum við á vandamálunum?

Markmið	Að nemendur íhugi hvernig þeir fara að því að leysa ágreining og öðlist skilning á því að um ólík sjónarmið sé að ræða og mismunandi persónuleika og hegðun.
Verkefni nemenda	Nemendur segja skoðanir sínar á vandamálunum og setja fram tillögur um lausnir.
Gögn	Flettitafla, blýantar.
Aðferð	Hópvinna.

Lýsing á kennslustund

Kennarinn tekur aftur upp listann yfir vandamál og ágreining frá 1. kennslustundinni. Nemendur sitja fjórir saman í hóp. Þeir velja sér tvö vandamál eða ágreiningsmál af listanum til að vinna með innan síns hóps.

Hver hópur tekur fyrir tvö mismunandi mál.

Nemendur ræða hugmyndir sínar um hvernig leysa megi ágreininginn eða vandamálin þannig að lausnirnar snerti aðeins tilætlaðan hóp eða einstakling (eftir því hvort vandamálið flokkast sem almennt eða einstaklingsbundið).

Nemendur skrá hugmyndir sínar og sýna með teikningum á veggspjaldi hvers eðlis þessi tvö vandamál eru og hvernig hugsanlega megi leysa þau. Þeir undirstrika lausnirnar sem hópurinn þeirra aðhyllist.

3. kennslustund

Hugmyndalisti

Hvaða lausnir velur meirihlutinn?

Markmið	Að nemendur læri hvernig færa eigi rök fyrir máli sínu. Þeir æfi sig í að setja fram kosti og galla í umræðum og átti sig á því hvaða hlutverki meirihluti gegni.
Verkefni nemenda	Nemendur kynna tillögur sínar um lausnir og koma sér saman um hvaða reglur skuli ríkja í skólastofunni.
Gögn	Flettitafla, blýantar.
Aðferð	Bekkjarumræður.

Lýsing á kennslustund

Nemendur taka veggspjöldin sem þeir bjuggu til í 2. kennslustund og kynna þau fyrir hinum í bekknum. Þeir benda á hvaða lausnir á vandamálnum tveimur þeim finnst réttastar. Þeir rökstyðja einnig hvers vegna þeim finnst það.

Að hverri kynningu lokinni festa nemendur veggspjöldin sín upp til sýnis.

Í 25 manna bekk kynna um sex hópar lausnir sínar og því er fjallað um tólf vandamál eða ágreiningsmál. Þegar allir hóparnir hafa gert grein fyrir hugmyndum sínum kjósa nemendur milli ýmissa lausna.

Hver lausn er merkt tölu á bilinu 1 til 5 (gert er ráð fyrir að ekki hafi fleiri en fimm lausnir fundist á hverjum vanda). Þegar kosið er fá nemendur spjöld í hendur sem merkt eru frá einum og upp í fimm. Í hverju tilviki geta nemendur kosið með því að lyfta upp spjaldinu með númeri þeirrar lausnar sem þeir aðhyllast. Kennarinn telur númerin og skráir þá lausn sem flest atkvæði hlýtur.

Þegar nemendur hafa lagt mat á allar lausnir á viðkomandi vandamálum eiga þeir að velta niðurstöðunum fyrir sér í sameiningu og einnig þeirri staðreynd að meirihlutinn hafi ákveðið hver lausnin skuli vera.

4. kennslustund

Samkomulag um reglur

Hvernig skráum við almennar reglur?

Markmið	Að nemendur öðlist allir skilning á og læri hvernig komast eigi að almennu samkomulagi.
Verkefni nemenda	Nemendur skrá sameiginlegu reglurnar og undirrita þær. Þeir ræða um hvernig eftirliti skuli vera háttað og um hugsanleg viðurlög.
Gögn	Flettitafla, blýantar.
Aðferð	Bekkjarumræður.

Lýsing á kennslustund

Þegar allir nemendur eru búnir að kjósa um lausnir á vandamálanum eða ágreiningsmálanum sem skráð hafa verið fá þeir það verkefni að skrá þau og búa til „sáttmála“ um reglur sem allir geta undirritað.

Í bekkjarumræðum fjalla nemendur um formið á sáttmálanum. Á hann að vera á blaði af flettistöflu eða skrifaður á A4-síðu, eða á hann að vera upprúllað og innsiglað skjal? Þeir eiga að koma sér saman um hvernig hann á að vera, ef nauðsyn krefur með meirihlutaákvörðun. Nemendum er frjálst að hanna sáttmálann eins og þeir vilja að því tilskildu að eftirfarandi atriðum sé fylgt:

- Hvert atriði sem samkomulag er um sé sett fram sem yfirlýsing.
- Allir nemendur undirriti sáttmálann fyrir neðan yfirlýsingarnar.
- Staður og dagsetning undirritunar komi fram á sáttmálanum.

Þegar sáttmálinn hefur verið skrifaður upp og undirritaður eiga nemendur að fjalla um hvað gera skal ef einhver brýtur reglurnar. Hefur það einhverjar afleiðingar? Ef svo er, hvers konar? Hvernig verður eftirliti með því að reglum sé fylgt háttað? Bera allir ábyrgð á því? Eða eru einhverjir tilteknir aðilar ábyrgir fyrir því? Kemur þetta að gagni eða stríðir það gegn málstaðnum?

Hugsanleg viðbót: Viðurlögum við broti á reglunum er bætt við sáttmálann (í viðauka).

5. KAFLI

LÖG OG REGLUR

Miðstig grunnskóla

Grundvöllur þess að fólk geti lifað saman

5.1 Hvers vegna þurfum við lög og reglur?

Hvers konar reglur eru nauðsynlegar til að hægt sé að læra, lifa og leika sér saman í skólanum?

5.2 Hvað gerist ef ...?

Ef reglur eru brotnar hefur það afleiðingar

5.3 Nýju skólareglurnar okkar

Sáttmáli gerður í sameiningu

5.4 Barátta fyrir nýjum skólareglum

Nýju reglurnar metnar og kynntar

5. kafli: Lykilhugtök – „Lög og reglur“ (miðstig grunnskóla)

Ítarefni fyrir kennara: Sáttmáli á grundvelli lýðræðislegra lögmála – nýju skólareglurnar okkar

Á undanförunum árum hefur töluvert verið fjallað um hvað felist í lýðræðislegum lögmálum. Hvaða skilningur er lagður í lýðræði nú á dögum? Eru til bæði góð og slæm lýðræðisríki? Er nóg að ríki sé með lýðræðislega stjórnarskrá? Ýmsir hópar og flokkar segjast aðhyllast lýðræði og koma orðinu „lýðræði“ fyrir í heiti sínu. Hvaða vísbendingar gefur það? Hvaða merkingu hefur það fyrir aðila þessara hópa?

Í grundvallaratriðum er ljóst að ekki er hægt að þvinga fram lýðræði. Til að lýðræði virki eins og til er ætlast þarf lagaramma, stjórnarskrá og ýmiss konar samninga og sáttmála. Það virkar því aðeins að fólki finnist það þurfa að taka þátt í samfélaginu. Þátttaka getur verið af ýmsu tagi og á ýmsum sviðum; fólk tekur einnig þátt á mismunandi hátt eftir ríkjum. Í grundvallaratriðum merkir lýðræði það að fólk setur þau lög sem það sjálf vill lifa eftir. Þegar best lætur taka eins margir og mögulegt er þátt í slíku ferli. Um hvað viljum við setja reglur? Hverjir verða að fylgja þessum reglum? Hvers vegna eru hinar ýmsu reglur nauðsynlegar? Hvað gerum við ef brotið er gegn lögum og reglum?

Í þessum kafla fræðast nemendur ekki einungis um mikilvægt lögmál lýðræðisins, heldur fá þeir einnig hagnýta reynslu þar að lútandi. Reynslan sýnir að nemendur verða meðvitaðri og ábyrgðarfullri ef þeir taka þátt í ákvarðanaferli. Hópur fólks sem lifir og hrærist saman býr til reglur sem kveða á um hvernig það á að haga lífi sínu saman. Börn og fullorðnir dvelja lengur í skólanum en annars staðar. Í þessum kafla er gerð grein fyrir því að skólinn sé námsvettvangur þar sem margt fólk með mismunandi þarfir „lifir og hrærist“ og lærir saman, og setja þarf einhverjar reglur sem fólki ber að fylgja. Ágreiningsmál – sem eru fyllilega eðlileg – krefjast lausna, og vernda þarf hagsmuni ýmissa minnihlutahópa.

Oft ríkir sá misskilningur að lýðræði merki að allir megi gera það sem þeir vilja. Einstaklingar gera kröfu um að fá það sem þá vantar því að þeir halda að frelsið sé fólgið í því. Slíkar hugmyndir stangast á við lögmál lýðræðisins. Lýðræði byggist á þeirri hugmynd að lög og reglur verði til í ferli sem allir taki þátt í og skilji til hlítar. Þessum lögum og reglum er einnig hægt að breyta. Eftirfarandi kafla fjallar um þessi lögmál.

Markmiðið með menntun til lýðræðislegrar borgaravitundar er að stuðla að færni á þremur sviðum. Í þessum kafla er lögð áhersla á færni í eftirfarandi atriðum:

Færni í ...		
... pólitískri greiningu og mati	... notkun aðferða	... lýðræðislegri ákvarðanatöku og athöfnum
**	*	***

Verkfæri

Í þessum kafla verða eftirfarandi verkfæri úr verkfærasafni nemenda notuð. Kennarinn verður að skera úr um hvort einhverjir nemendur, eða jafnvel allir, þurfi á meiri undirbúningi að halda til að geta nýtt sér þessi verkfæri.

Notkun bókasafna

Leit á netinu

Viðtöl og kannanir

Túlkun mynda

Hugarkort

Veggspjaldagerð

Sýningahald

Undirbúningur og flutningur kynninga

Gerð glæra eða PowerPoint-kynninga

Ritun blaðagreina

Uppsetning leikþátta

Rökræður

5. KAFLI: Lög og reglur

Grundvöllur þess að fólk geti lifað saman

Sáttmáli á grundvelli lýðræðislegra lögmála – nýju skólareglurnar okkar

Viðfangsefni	Markmið	Verkefni nemenda	Gögn	Aðferð
1. kennslust.: Hvers vegna þurfum við lög og reglur?	Að nemendur velti fyrir sér eigin viðhorfum og skoðunum á ríkjandi reglum. Þeir ræði um hve mikilvægt sé að hafa reglur þegar fólk lifir og starfar saman. Þeir öðlist skilning á því að reglur séu nauðsynlegar.	Nemendur taka þátt í hermíleik og upplifa hvernig reglur virka. Þeir ræða sín á milli um nauðsyn þess að hafa reglur. Nemendur bera skólareglurnar saman við réttindi sín og skyldur í skólanum.	Boltar, flettitafla, blýantar, dreifiblað, listi yfir reglur skólans.	Hópvinnna, bekkjarumræður, paravinnna.
2. kennslust.: Hvað gerist ef ...?	Að nemendur ræði um afleiðingar þess að lög séu brotin. Þeir ígrundi skólareglurnar út frá réttlætissjónarmiði, jafnrétti, þátttöku og virðingu.	Nemendur fara í hlutverkaleiki þar sem skólareglurnar eru brotnar. Þeir greina skólareglurnar og ræða um og skrá hugsanlegar og raunverulegar afleiðingar þess að þær séu brotnar. Þeir benda á hverju þeir myndu vilja breyta í reglum skólans og hvers vegna og hvernig þeir myndu breyta því.	Límíðar, blýantar, flettitafla, listi yfir skólareglurnar fyrir hvern hóp, eintak af skólareglunum, skrifuðum með stóru lettri á töflu eða flettitöflu.	Hlutverkaleikir innan hópa, bekkjarumræður, hópvinnna.
3. kennslust.: Nýju skólareglurnar okkar.	Að nemendur læri hvernig vinna á að sameiginlegu regluverki sem er bindandi fyrir allan skólann. Þeir ræði um hvernig hægt sé að fella það inn í daglegt líf í skólanum.	Nemendur koma sér saman um reglur sem meirihlutinn hefur samþykkt og ræða möguleikana á því að fella álit minnihlutans inn í þær.	Flettitafla, blýantar, kosningaspjöld, skólareglurnar á flettitöflu eða skólatöflunni, pappírsmíðar.	Hópvinnna, bekkjarumræður.
4. kennslust.: Barátta fyrir nýjum skólareglum.	Að nemendur geri sér grein fyrir því að góð lög eru byggð á mikilvægum forsendum. Þeir læri hvernig haga skal baráttu fyrir nýjum skólareglum.	Nemendur safna saman ýmsum forsendum fyrir góðu regluverki. Þeir prófa nýju skólareglurnar sínar út frá þessum forsendum. Þeir skrifa niður lokasamkomulagið og undirrita það. Þeir kynna samkomulagið fyrir hinum bekkjum skólans.	Flettitafla, dreifiblað, pappír, blýantar, eintak af samkomulaginu fyrir hina bekkina, niðurstöður hugstormunar í 1. kennslustund.	Tveir og tveir vinna saman, bekkjarumræður, kynningar fyrir hina bekkina.

1. kennslustund

Hvers vegna þurfum við lög og reglur?

Hvers konar reglur eru nauðsynlegar til að hægt sé að læra, lifa og leika sér saman í skólanum?

Markmið	Að nemendur velti fyrir sér eigin viðhorfum og skoðunum á ríkjandi reglum. Þeir ræði um hve mikilvægt sé að hafa reglur þegar fólk lifir og starfar saman. Þeir öðlist skilning á því að reglur séu nauðsynlegar.
Verkefni nemenda	Nemendur taka þátt í hermileik og upplifa hvernig reglur virka. Þeir ræða sín á milli um nauðsyn þess að hafa reglur. Nemendur bera skólareglurnar saman við réttindi sín og skyldur í skólanum.
Gögn	Boltar, flettitafla, blýantar, listi yfir reglur skólans.
Aðferðir	Hópvinna, bekkjarumræður, þaravinna.

Lýsing á kennslustund

Bekkurinn fer í leikinn „getið upp á reglunum mínum“. Kennarinn skiptir bekknum í tvö lið og segir nemendum að nú eigi þeir að fara í leik og þurfi að geta upp á reglunum.

Útskýring:

- hvort lið getur skorað mark með því að koma boltanum gegnum svæðið sem merkt er sem mark;
- aðeins kennarinn veit hvernig reglurnar eru;
- kennarinn vill ekki útskýra reglurnar og nemendur geta ekki spurt hvernig þær eru;
- þegar nemendur brjóta reglu verða þeir að setjast niður;
- leikurinn gengur út á það að nemendur skori mark án þess að brjóta reglurnar; verkefni nemenda er að finna út hverjar reglurnar eru svo að þeir brjóti þær ekki.

Reglurnar eru:

- allir geta tekið þátt í leiknum;
- aðeins strákar geta sparkað í boltana;
- nemendur sem heita nafni sem byrja á „A“ mega ekki hlaupa;
- enginn má taka skref með boltann;
- heimilt er að beita hörku.

Fyrstu tvær mínútur leiksins gilda aðeins tvær fyrstu reglurnar. Síðan bætir kennarinn hinum reglunum við og leikurinn stendur yfir í um fimm mínútur alls.

Þegar leikurinn er búinn kallar kennarinn nemendur saman og ræðir eftirfarandi atriði við þá:

- Hvað fannst ykkur um þennan leik? Var hann góður? Slæmur? Sanngjarn?
- Hvernig vissuð þið að einhverjar reglur giltu?
- Hvernig fannst ykkur að vita ekki hverjar reglurnar væru?

Kennarinn fær nemendur til að taka þátt í hugstormun og skráir svör þeirra á flettistöflu eða töfluna. Lykilspurningin er: „Hvers vegna þurfum við að vera með reglur í skólanum?“ Kennarinn getur skrifað eitthvað á flettistöfluna eða töfluna, eftir því hverju nemendur svara. Að fundinum loknum ættu helstu forsendur „jafnréttis“, „þátttöku“, „réttlætis“ og „virðingar“ að standa á töflunni. Kennarinn geymir niðurstöður fundarins þar til þær verða notaðar í 4. kennslustund.

Aðeins getur verið um skólareglur að ræða ef nemendur hafa réttindi og skyldur. Nemendur fá það verkefni að gera lista yfir réttindi sín og skyldur og bera hann síðan saman við skólareglurnar. Nemendur vinna í pörum og skrá réttindi sín, skyldur og reglur á dreifiblaðið. Þeir festa dreifiblöðin sín upp á flettistöflu eða skólatöfluna.

Þegar öll dreifiblöðin eru komin upp eiga allir að virða þau fyrir sér og leggja spurningar fyrir bekkjarfélaga sína.

2. kennslustund

Hvað gerist ef ...?

Ef reglur eru brotnar hefur það afleiðingar

Markmið	Að nemendur ræði um afleiðingar þess að lög séu brotin. Þeir ígrundi skólareglurnar út frá réttlætissjónarmiði, jafnrétti, þátttöku og virðingu.
Verkefni nemenda	Nemendur fara í hlutverkaleiki þar sem skólareglurnar eru brotnar. Þeir greina skólareglurnar og ræða um og skrá hugsanlegar og raunverulegar afleiðingar þess að þær séu brotnar. Þeir benda á hverju þeir myndu vilja breyta í reglum skólans og hvers vegna og hvernig þeir myndu breyta því.
Gögn	Límmiðar, blýantar, flettitafla, listi yfir skólareglurnar fyrir hvern hóp, ein-tak af skólareglunum, skrifuðum með stóru letri á flettistöflu eða skólatöfluna.
Aðferðir	Hlutverkaleikir innan hópa, bekkjarumræður, hópvinna.

Lýsing á kennslustund

Nemendur skipta sér í fjögurra manna hópa. Þeir fara í hlutverkaleiki sem ganga út á að skólareglur séu brotnar. Hóparnir ræða um reglurnar áður en leikurinn hefst. Hlutverkaleikir geta gengið út á:

- að spila fótbolta;
- að tala í kennslustundum;
- slæma hegðun í skólastofunni;
- að slást við aðra;
- að fara í tölvuleiki;
- o.s.frv.
- slæma hegðun á skólalóðinni;

Í hvert sinn sem regla er brotin skrá nemendur afleiðingarnar eða – ef þær eru engar – hugsanlegar afleiðingar. Hóparnir fara síðan með athugasemdir sínar til umræðu í bekknum.

Í bekkjarumræðum er rætt um eftirfarandi spurningar:

- Hvernig styðja reglur við réttindi okkar og skyldur og stuðla að því að lifum saman í sátt og samlyndi, njótum öryggis og sanngirni?
- Hvers vegna þurfum við að hafa reglur?
- Hvernig vitum við öll hvaða reglur gilda?
- Finnst öllum reglurnar vera sanngjarnar?
- Koma upp þær aðstæður að breyta þurfi reglunum?
- Hver ætti að setja reglurnar og hvers vegna?
- Hvað gerist ef við förum ekki eftir reglunum?

Að umræðum loknum snúa nemendur til baka í fjögurra manna hópana sína. Þeir ræða um hvort þeir vilji breyta einhverju í reglum skólans. Hver hópur kemst að niðurstöðu og sýnir breytingu/ breytingar sem honum finnst þurfa að gera með því að líma tillögur sínar á skólareglurnar sem skrifaðar eru á flettistöfluna eða skólatöfluna.

3. kennslustund

Nýju skólareglurnar okkar

Sáttmáli gerður í sameiningu

Markmið	Að nemendur læri hvernig vinna skal að sameiginlegu regluverki sem er bindandi fyrir alla í skólanum. Þeir ræði um hvernig hægt sé að fella það inn í daglegt líf í skólanum.
Verkefni nemenda	Nemendur koma sér saman um reglur sem meirihlutinn hefur samþykkt og ræða möguleikana á því að fella álit minnihlutans inn í þær.
Gögn	Flettitafla, blýantar, kosningaspjöld, skólareglurnar á flettistöflu eða töflunni, pappírsmiðar.
Aðferðir	Hópvinna, bekkjarumræður.

Lýsing á kennslustund

Nemendur sitja í hring fyrir framan flettistöfluna eða töfluna sem skólareglurnar eru skrifaðar á með stórum stöfum. Límmiðarnir sem sýna hvaða breytingar hóparnir vilja gera á reglunum eru enn á sínum stað. Kennarinn hefur umræðurnar.

- Hvað finnst nemendum um breytingartillögurnar?
- Eru þeir sammála tillögunum?
- Hve margir eru sammála? Meirihlutinn?
- Hvað með minnihlutann? Er hægt að komast að málamiðlun?

Nemendur snúa til baka í fjögurra manna hópana sína. Þeir taka fyrir eina reglu sem á að breyta og reyna að umorða hana. Þeir skrifa hana á bréfmíða og líma hana á flettistöfluna eða töfluna.

Þegar búið er að líma allar tillögur upp á töflu er komið að því að nemendur kjósi. Allir taka fram kosningaspjöldin sín. Kennarinn les upp hverja reglu. Nemendur kjósa og nota spjöldin sín til að gefa til kynna hvort þeir eru sammála, ósammála eða sitja hjá.

Aftur skal taka til umræðu atriði sem meirihlutinn samþykkir ekki.

Að lokum á að skrifa nýju skólareglurnar á blað.

4. kennslustund

Barátta fyrir nýjum skólareglum

Nýju reglurnar metnar og kynntar

Markmið	Að nemendur geri sér grein fyrir því að góð lög eru byggð á mikilvægum forsendum. Þeir læri hvernig haga ætti baráttu fyrir nýjum skólareglum.
Verkefni nemenda	Nemendur safna saman ýmsum forsendum fyrir góðu regluverki. Þeir prófa nýju skólareglurnar sínar út frá þessum forsendum. Þeir skrifa niður loka-samkomulagið og undirrita það. Þeir kynna samkomulagið fyrir hinum bekkjum skólans.
Gögn	Flettitafla, dreifiblað, pappír, blýantar, eintak af samkomulaginu fyrir hina bekkina, niðurstöður hugstormunar í 1. kennslustund.
Aðferðir	Tveir og tveir vinna saman, bekkjarumræður, kynningar fyrir hina bekkina.

Lýsing á kennslustund

Kennarinn kynnir niðurstöður hugstormunar úr 1. kennslustund (forsendur fyrir reglunum). Nemendur fá það verkefni að prófa nýju skólareglurnar samkvæmt þeim forsendum. Þeir vinna tveir og tveir saman og fylla út dreifiblaðið.

Nemendur halda aftur bekkjarfund og kynna niðurstöður sínar. Hefur skólareglunum verið breytt mikið? Ef svo er þarf einnig að setja breytingarnar inn í samkomulagið.

Nýju skólareglurnar eru fjölfaldaðar áður en þær eru kynntar fyrir hinum bekkjunum.

Kennarinn skiptir bekknum í fjögurra manna hópa. Hóparnir eiga að heimsækja aðra bekki og kynna nýju skólareglurnar.

Mikilvægt er að lýsa ferlinu fyrir fram. Hvað þurfa nemendurnir í hinum bekkjunum að gera? Eiga þeir að leggja mat á nýju skólareglurnar? Hvað gerist næst?

Hóparnir æfa kynningu sína á nýju skólareglunum og gera meðal annars grein fyrir ástæðum þess að gömlu reglunum var breytt. Síðan heimsækja þeir hina bekkina og flytja kynningarnar sínar.

Að kynningum loknum fer fram stutt samantekt á bekkjarfundi.

6. KAFLI

VALD OG YFIRRÁÐ

Miðstig grunnskóla

Það er ég sem ræð! Er það?

6.1 Ofurhetja?

Hvaða hlutverki ætti bekkjarformaður að gegna?

6.2 Góðir náungar, slæmir náungar?

Hvaða hlutverki gegna stjórnámamenn í lýðræðisríki?

6.3 Gerir einn aðili allt, gera hinir ekkert?

Hver gegnir hvaða hlutverki í fulltrúakerfinu?

6.4 Valddreifing

Hvaða forsendur eru fyrir fulltrúakerfinu?

6. kafli: Lykilhugtök – „Vald og yfirráð“ (miðstig grunnskóla)

Ítarefni fyrir kennara: lagalegt vald – reglur um fulltrúaskipan á miðstigi grunnskóla

Nemendur sem eru 10 ára og eldri eru færir um óhlutbundna hugsun. Þeir eru farnir að þekkja og hafa áhrif á fyrirkomulagið í umhverfi sínu og geta greint á milli eigin hagsmuna og hagsmuna annarra. Með aldrinum öðlast þeir stöðugt meiri hæfni á þessu sviði.

Frá tíu ára aldri og áfram fara nemendur að skilja tengsl tíma og rúms og verða færari um að tjá sig, skilja tilfinningar og átta sig á hegðunarreglum. Á þessum aldri eru nemendur farnir að þekkja umhverfi sitt mjög vel og fara að sýna áhuga á því sem er þeim framandi. Skilningur þeirra á félagslegum kerfum (samtökum, klúbbum, æskulýðshópum o.s.frv.) hefur aukist og þeir verða áhugasamari og taka meiri þátt í að vernda aðra og koma hagsmunum sínum/þeirra á framfæri.

Félagslífið innan bekkjarins og í skólanum verður mikilvægara en áður. Hvernig er félagslíf skipulagt? Hvaða reglur eru mikilvægar? Hver býr þessar reglur til og tekur ákvarðanir um þær? Hver getur breytt þessum reglum?

Við leit að svörum við þessum spurningum er ekki aðeins nauðsynlegt að kynnast hinu pólitíska kerfi samfélagsins eða, í víðara samhengi, ríkisins, heldur einnig að geta haft áhrif á fyrirkomulag og ferli innan samfélagsins – með öðrum orðum að „upplifa“ lýðræði.

Í þroskasálfræðilegu tilliti eru skilyrði til að hefja sameiginleg verkefni barna utan skólatíma orðin ákjósanleg á miðstigi grunnskóla. Nemendur átta sig á pólitísku ferli og gera sér grein fyrir því hvernig ákvarðanir eru teknar, en flestar ákvarðanir sem varða nemendur á þessum aldri eru teknar innan sveitarfélagsins (svo sem um samgöngu- og tómsundamál). Nemendur geta fengið mikilvæga innsýn í málin ef þeir eru hvattir til að sýna félagslega ábyrgð og ef þeim finnst þeir að einhverju leyti bera ábyrgð á því sem fram fer í skólanum. Með því að fást við málefni á borð við skipan fulltrúa geta þeir aflað sér mikillar reynslu varðandi þátttöku og ábyrgð í daglegu lífi sínu. Því meiri reynslu úr raunveruleikanum sem nemendur á þessum aldri geta fengið og því oftast sem þeir upplifa að þeir geti haft áhrif á pólitískt ferli, þeim mun meiri líkur eru á að þeir taki síðar þátt í samfélagslegum ákvörðunum og þroski með sér þjóðfélagslega ábyrgð.

Vald og yfirráð – reglur um fulltrúaskipan – er einn liðurinn í þessari vitundarvakningu. Í næstu kennslustundum er pólitískt ferli gert sýnilegt í skólanum á svipaðan hátt og það ferli sem á sér stað utan veggja skólans. Í þessu sambandi á val á bekkjarformanni ekki að vera einangrað fyrirbæri heldur ætti að nota það sem fyrirmynd. Ólíkt skólastarfi á borð við atkvæðagreiðslur þar sem nemendur leika eða líkja eftir pólitískum kosningum, á val á bekkjarformanni að hafa áhrif á daglegt líf í skólanum.

Markmiðið með menntun til lýðræðislegrar borgaravitundar er að stuðla að færni á þremur sviðum. Í þessum kafla er lögð áhersla á færni í eftirfarandi atriðum:

Færni í ...		
... pólitískri greiningu og mati	... notkun aðferða	... lýðræðislegri ákvarðanatöku og athöfnum
**	***	**

Verkfæri

Í þessum kafla verða eftirfarandi verkfæri úr verkfærasafni nemenda notuð. Kennarinn verður að skera úr um hvort einhverjir nemendur, eða jafnvel allir, þurfi á meiri undirbúningi að halda til að geta nýtt sér þessi verkfæri.

Notkun bókasafna

Leit á netinu

Viðtöl og kannanir

Túlkun mynda

Hugarkort

Veggspjaldagerð

Sýningahald

Undirbúningur og flutningur kynninga

Gerð glæra eða PowerPoint-kynninga

Ritun blaðagreina

Uppsetning leikþátta

Rökræður

6. kafli: Vald og yfirráð

Það er ég sem ræð! Er það?

Lagalegt vald – reglur um fulltrúaskipan á miðstigi grunnskóla

Viðfangsefni	Markmið	Verkefni nemenda	Gögn	Aðferð
1. kennslust.: Ofurhetja?	Að nemendur ígrundi hvað felst í ábyrgð og valdi með því að ræða um hlutverk bekkjarformanns.	Nemendur ræða um ábyrgð og hæfileika bekkjarformanns og hvaða hlutverki hann eigi að gegna.	Flettitafla, blýantar, dreifiblað, stór mynd af ofurhetju.	Hver vinnur fyrir sig, hópvinna, bekkjarumræður.
2. kennslust.: Góðir náungar, slæmir náungar ...?	Að nemendur átti sig á þeirri hugmynd að einn aðili geti verið fulltrúi fyrir hóp af fólki. Þeir öðlist skilning á hvað felst í því að fela einhverjum vald og ábyrgðarskyldu á herðar.	Nemendur bera hugmyndir sína saman við skipan pólitískra fulltrúa í lýðræðisríki. Þeir ræða um álit sitt á stjórn-málamönnum og bera það saman við skoðanir annarra. Þeir taka stutt viðtöl í þeim tilgangi.	Skýringarmynd af skipan pólitískra fulltrúa, blýantar, pappír.	Hver vinnur fyrir sig, paravinna, bekkjarumræður.
3. kennslust.: Gerir einn aðili allt, gera hinir ekkert?	Að nemendur velti fyrir sér ábyrgð og færni á mismunandi sviðum og átti sig á því hvað felst í kosningum og hvað þær leiða af sér.	Nemendur kynna niðurstöður úr viðtölum sínum fyrir bekknum. Þeir tilgreina ábyrgð og færni á mismunandi sviðum og kjósa einhvern nemanda sem bekkjarformann.	Flettitafla, blýantar, kosningaspjöld, listi yfir nemendur sem bjóða sig fram sem bekkjarformann, afrit af dreifiblaði.	Bekkarumræður.
4. kennslust.: Valldreifing.	Að nemendur tileinki sér hugtökin að vera endurkjörinn og að ná ekki kjöri. Þeir velti fyrir sér forsendum til að skilgreina fulltrúakerfið.	Nemendur ræða um og skilgreina forsendur sem gera þeim kleift að hafa eftirlit með starfi bekkjarformanns.	Flettitafla, blýantar.	Bekkarumræður.

1. kennslustund

Ofurhetja?

Hvaða hlutverki ætti bekkjarformaður að gegna?

Markmið	Að nemendur ígrundi hvað felst í ábyrgð og valdi með því að ræða um hvaða hlutverki bekkjarformaður gegnir.
Verkefni nemenda	Nemendur ræða um ábyrgð og hæfileika bekkjarformanns og hvaða hlutverki hann eigi að gegna.
Gögn	Flettitafla, blýantar, dreifiblað, stór mynd af ofurhetju.
Aðferðir	Hver vinnur fyrir sig, hópvinna, bekkjarumræður.

Lýsing á kennslustund

Nemendur fá í hendur dreifiblað um „ofurhetju“. Þeir fá það verkefni að skrifa í auðu reitina hvaða færni og ábyrgðarskyldu bekkjarformaður skal hafa. Þeir fá tíu mínútur til að ljúka því, hver fyrir sig.

Að því loknu skipta nemendur sér í fjögurra manna hópa og ræða um dreifiblöðin sín. Þeir komast að niðurstöðu um hvaða eiginleika, færni og ábyrgðarskyldu bekkjarformaður þurfi að hafa. Þeir skrifa niðurstöður sínar á miða.

Hver hópur límir niðurstöður sínar á myndina af ofurhetjunni sem hefur verið fest á flettistöflu eða töfluna. Kennarinn hefur síðan umræður út frá eftirfarandi spurningum:

- Hvaða hæfileika er mikilvægast að bekkjarformaður búi yfir?
- Hvenær þarfnast bekkjarformaðurinn stuðnings frá hinum í bekknum?
- Þarf bekkjarformaðurinn að vera ofurhetja?
- Við hvaða aðstæður er bekkjarformaðurinn í sömu sporum og allir hinir?
- Hvaða veikleika getur bekkjarformaður haft?
- Við hvaða kringumstæður teljið þið að skipta ætti um bekkjarformann? Hvernig?
- Hvaða óskir getur bekkjarformaður alls ekki uppfyllt?

Að umræðum loknum eiga nemendur að velta fyrir sér hvort þeir geti hugsað sér að bjóða sig fram til embættis bekkjarformanns. Þeir eiga að íhuga þá ábyrgð og færni sem rætt var um og meta hvort þeir séu færir um að gegna þessu embætti. Kennarinn afhendir nemendum pappírsörk og segir þeim að skrifa nafnið sitt á hana ef þeir hafa áhuga á að bjóða sig fram.

2. kennslustund

Góðir náungar, slæmir náungar?

Hvaða hlutverki gegna stjórnámamenn í lýðræðisríki?

Markmið	Að nemendur átti sig á þeirri hugmynd að einn aðili geti verið fulltrúi fyrir hóp af fólki. Þeir geri sér grein fyrir hvað felst í því að fela einhverjum vald og ábyrgðarskyldu á herðar.
Verkefni nemenda	Nemendur bera hugmyndir sína saman við skipan pólitískra fulltrúa í lýðræðisríki. Þeir ræða um álit sitt á stjórnámamönnum og bera það saman við skoðanir annarra. Þeir taka stutt viðtöl í þeim tilgangi.
Gögn	Skýringarmynd af skipan pólitískra fulltrúa, blýantar, pappír.
Aðferðir	Hver vinnur fyrir sig, tveir og tveir vinna saman, bekkjarumræður.

Lýsing á kennslustund

Nemendur fá í hendur skýringarmynd af skipan pólitískra fulltrúa (dreifiblað). Kennarinn gerir grein fyrir skipan fulltrúa á landsvisu og útskýrir að í landinu sé ríkisstjórn, rétt eins formaður er í bekknum. Þessum aðilum hafi verið falið vald í hendur.

Kennarinn fræðir nemendur um skipulagið og útskýrir fulltrúakerfið. Kosning fulltrúa fer fram með mismunandi hætti eftir því hvernig fyrirkomulag er í ríkinu (til dæmis hvort um beint eða óbeint lýðræði er að ræða).

Nemendur vinna hver fyrir sig og fylla út dreifiblaðið. Síðan sitja tveir og tveir saman og ræða um stjórnámamenn, hvað þeir vita og hvað þeim finnst um þá. Eftirfarandi spurningar gætu komið að gagni:

- Hvað finnst ykkur um stjórnámamenn?
- Hvaða stjórnámamenn þekkið þið?
- Hvað eiga stjórnámamenn að gera?
- Hvað eiga stjórnámamenn ekki að gera?
- Hvers vegna halda svona margir að stjórnámamenn séu slæmir?

Nemendur eiga síðan að taka viðtöl við fólk og spyrja það álit um stjórnámamenn og hæfileika þeirra. Þeir skrifa niður spurningarnar sem þá langar til að leggja fyrir fjölskyldu sína, vini og kunningja og ýmsa aðra. Kennarinn kennir þeim að punkta niður svörin sem þeir fá. Hægt er að nota eftirfarandi spurningar í viðtölum:

- Hvaða hæfileika ætti stjórnámamaður að hafa?
- Hvers vegna heldur þú að margir hafi lítið álit á stjórnámamönnum?
- Hvaða eiginleika ætti stjórnámamaður að hafa?
- Hvaða eiginleika ætti hann ekki að hafa?

Nemendur taka viðtölin að skóladegi loknum og koma með svörin í næsta tíma.

3. kennslustund

Gerir einn aðili allt, gera hinir ekkert?

Hver gegnir hvaða hlutverki í fulltrúakerfinu?

Markmið	Að nemendur velti fyrir sér ábyrgð og færni á mismunandi sviðum og átti sig á því hvað felst í kosningum og hvað þær leiða af sér.
Verkefni nemenda	Nemendur kynna niðurstöður úr viðtölum sínum fyrir bekknum. Þeir tilgreina ábyrgð og færni á mismunandi sviðum og kjósa einhvern nemanda sem bekkjarformann.
Gögn	Flettitafla, blýantar, kosningaspjöld, listi yfir nemendur sem bjóða sig fram til embættis bekkjarformanns, afrit af dreifiblaði.
Aðferð	Bekkjarumræður.

Lýsing á kennslustund

Nemendur koma með niðurstöðurnar úr viðtölum sínum í 2. kennslustund í tímann. Þeir kynna niðurstöður sínar með „hraðasvörum“ (þar sem hver og einn segir eina setningu). Kennarinn skrifar svör þeirra um hæfileika stjórnámálanna á flettistöflu eða töfluna svo að nemendur geti séð hvaða vísbendingar svörin gefa.

Að því loknu fjallar kennarinn á ný um stjórnarfarslegt hlutverk bekkjarformanns. Listinn með nöfnum allra þeirra nemenda sem áhuga hafa á því embætti er festur upp á töfluna. Kennarinn tilkynnir nemendum að til að vita hvern skuli kjósa þurfi þeir að fá meiri upplýsingar um tilvonandi bekkjarformann, hvaða hæfileika og hugmyndir hann eða hún hafi. Frambjóðendur eru beðnir að kynna sig stuttlega og þeir fá tvær mínútur til þess. Megininntak kynningarinnar á að vera „ástæða þess að ég býð mig fram“.

Þegar allir frambjóðendurnir eru búnir að kynna sig eiga nemendur að fá kost á að leggja fyrir þá spurningar. Þeir geta beint spurningu að einum frambjóðanda en einnig geta þeir spurt spurninga sem allir frambjóðendur þurfa að svara.

Síðan kjósa nemendurnir. Kennarinn segir þeim að um tvenns konar fyrirkomulag sé að ræða: opna atkvæðagreiðslu og leynilega atkvæðagreiðslu. Nemendur ákveða hvort fyrirkomulagið þeir vilja hafa.

Ef þeir vilja leynilega atkvæðagreiðslu eiga þeir að nota atkvæðaseðla og skrifa þar nafn þess frambjóðanda sem þeir kjósa. Síðan setja þeir seðilinn í kassa. Tveir nemendur eiga að sjá um talningu atkvæða og skrifa niðurstöðuna á flettistöflu eða skólatöfluna.

Þeir nemendur sem telja atkvæðin tilkynna síðan hver hefur verið valinn bekkjarformaður og hver lenti í öðru sæti – hann eða hún verður varaformaður.

Kennarinn lætur nemendur fá eftirfarandi heimaverkefni: „Farið heim og spyrjið foreldra ykkar hvenær þeir tóku síðast þátt í kosningum, hvers konar kosningar það voru, hvar þær fóru fram og hvernig fyrirkomulag þeirra var.“ (Kennarinn þarf að gæta þess að segja ekki nemendum að spyrja foreldra sína hvern eða hvað þeir kusu o.s.frv.) Nota á dreifiblaðið í þessu verkefni.

4. kennslustund

Valddreifing

Hvaða forsendur eru fyrir fulltrúakerfinu?

Markmið	Að nemendur tileinki sér hugtökin að vera endurkjörinn eða að ná ekki kjöri. Þeir velti fyrir sér forsendum til að skilgreina fulltrúakerfið.
Verkefni nemenda	Nemendur ræða um og skilgreina forsendur sem gera þeim kleift að hafa eftirlit með starfi bekkjarformanns.
Gögn	Flettitafla, blýantar.
Aðferð	Bekkjaramræður.

Lýsing á kennslustund

Nemendur mæta með svör foreldra sinna um kosningarnar í skólann. Þeir sitja í fjögurra manna hópum og segja hver öðrum hverju foreldrar þeirra svöruðu.

Síðan les kennarinn upp sögu fyrir nemendur um bæjarstjóra í litlum bæ.

Einu sinn var lítill bær sem hét Leiðindabær og fólkið þar var hreint ekki ánægt. Ýmsar ástæður voru fyrir því. Leiðindabær var ekki skemmtilegur staður og þar var ekkert við að vera nema fara í almenningsgarðinn. Þar voru engar skemmtilegar verslanir, ekkert tónleikahald og engir staðir þar sem hægt var að stunda íþróttir. Það var ekki einu sinni leikvöllur fyrir börnin á barnaheimilinu og í skólanum. Fólkið í Leiðindabæ fór bara í almenningsgarðinn, settist þar niður og horfði á tjörnina. Börnin komu heim úr skólanum, unnu heimaverkefni sín og fóru svo líka í garðinn, settust þar niður eða hlupu í kringum tjörnina. Á kvöldin hafði fólkið í Leiðindabæ ekki frá neinu að segja, það hafði ekkert upplifað og átti sér engar skemmtilegar minningar. Hver dagur var öðrum líkur hjá íbúum Leiðindabæjar.

Hvers vegna var þetta svona? Var bærinn of fátækur til að koma upp aðstöðu fyrir fólkið? Voru íbúar Leiðindabæjar of latir til að láta hendur standa fram úr ermum? Nei, örugglega ekki. Það var bara enginn í forsvari til að skipuleggja nokkuð, enginn vildi taka á sig ábyrgð og hefjast handa við að breyta nokkru. Ólíkt flestum öðrum bæjum, þá var enginn sem stjórnaði Leiðindabæ – enginn bæjarstjóri.

Þar sem ástandið í Leiðindabæ var orðið óþolandi ákvað fólkið einn góðan veðurdag að halda kosningar og kjósa einhvern til að vera í forsvari fyrir Leiðindabæ – það ákvað að kjósa bæjarstjóra. Það varð að breyta málunum! Og það fljótt!

Það voru ekki margir sem gáfu kost á sér í starfið. Aðeins tveir buðu sig fram. Annar þeirra var kennarinn á staðnum, hann Fróði, sem hafði langað til að breyta ýmsu, jafnt innan skólans sem utan, árum saman. Hann hafði ákveðnar hugmyndir um hvernig fara ætti að því, en þegar hann var spurður hverju hann myndi breyta í Leiðindabæ sagðist hann ekki vera alveg viss, hann þyrfti fyrst að athuga hvað fólkinu fyndist þurfa að gera. Margir urðu fyrir vonbrigðum. Þeir höfðu haldið að Fróði mundi stínga upp á að reist yrði stór verslunarmiðstöð með kvikmyndasál og veitingastað. Þeir höfðu haldið að nú fengju þeir loks stóra og flotta sundlaug. Þeir höfðu haldið að Fróði myndi lofa því að reist yrði tónleikahús. Þvílík vonbrigði sem íbúar Leiðindabæjar urðu fyrir!

Þegar hinn frambjóðandinn, hann Högni, steig í pontu gerði fólkið í Leiðindabæ sér ekki miklar væntingar. „Þetta er tímasóun; ekkert mun nokkurn tíma breytast hér í bænum,“ sagði einn af gömlu mönnunum. „Ég hugsa að þú hafir rétt fyrir þér“, hvíslaði gömul kona sem stóð við hlið hans. Högni, laglegur, ungur maður, tók til máls. Hann talaði og talaði. Hann talaði um Leiðindabæ þar sem hann hefði alltaf átt heima, hann talaði um skólann sem hann gekk í og garðinn sem hann ólst upp í. Hann sagði að breyta þyrfti mörgu í Leiðindabæ. Hann talaði um leikvöllina sem vantaði fyrir börnin, hann talaði um nýju sundlaugina sem alla vantaði, hann minntist á tónleikahúsið sem lengi hafði verið beðið eftir og hann minntist jafnvel á hjólabrettagarð fyrir unglingana. Því lengur sem Högni talaði þeim mun meira lifnaði yfir fólkinu í Leiðindabæ. Fyrr en varði voru allir farnir að brosa. „Jæja, kannski höfðum við ekki rétt fyrir okkur,“ hvíslaði gamla konan aftur. „Já, kannski,“ svaraði gamli maðurinn sem þegar var farinn að hlakka til að fá sér sundsprett í nýju lauginni.

„Hvernig eigum við svo að fjármagna þetta?“ spurði Högni áheyrendur. „Það er ekkert vandamál! Ég legg til að við setjum spariféð okkar í einn sjóð og ég sé til þess að framkvæmdir hefjist, ein af annarri. Þannig verður eitthvað gert fyrir alla.“ Þetta fannst íbúum Leiðindabæjar sanngjarn. Þegar kosningarnar fóru fram næsta sunnudag kusu allir íbúar Leiðindabæjar Högna, nema tveir. Hann vann kosningarnar með yfirburðum. Eina fólkið sem kaus Fróða var hann sjálfur og móðir hans. Og nú myndi ýmislegt breytast til batnaðar í Leiðindabæ. Allir voru sannfærðir um það. Loksins var kominn maður sem hafði skýrar hugmyndir um hvað gera þyrfti og vissi jafnvel hvernig standa ætti straum af kostnaðinum. Enginn var í vafa um að allir í Leiðindabæ myndu láta Högna fá allt spariféð sitt sem þeir höfðu safnað árum saman – og hann tók glaður við peningunum sem fólkið afhenti honum.

Lengi vel eftir kosningarnar var fólkið í Leiðindabæ hjartsýnt því að það vissi að brátt fengi það allt sem það óskaði sér. Margir mánuðir liðu en ekkert bólaði á framkvæmdum í Leiðindabæ; engar gröfur sáust á byggingarlóðum og engir smiðir sáust vinna við ný mannvirki.

Dag einn kom flutningabíll akandi inn í Leiðindabæ með stóran og einkennilegan bláan hlut á pallinum. „Sundlaugin okkar er komin,“ hrópaði einn af litlu strákunum á skólalóðinni þegar hann ók hjá. „Frábært,“ hrópuðu hin börnin. En þau komust að því aðeins nokkrum dögum síðar að sundlauginni hafði verið ekið beint heim til Högna og komið fyrir í garðinum hans. Fólk rak upp stór augu. Sumir fóru að draga loforð hans í efa en aðrir trúðu því statt og stöðugt að sundlaugin þeirra væri á leiðinni og biðu rólegir.

Aðeins viku síðar sáu nokkrar gamlar konur stóran og dýran bíl koma akandi, skínandi gylltan í sólskininu. „Ja hérna! Ég vissi ekki að drottningin væri að koma í heimsókn“, sagði ein þeirra í gríni. Hinar hlógu líka þar til þær sáu hver var í bílstjórasetinu: enginn annar en Högni. Í stað þess að nota peningana í nýja leikvelli hafði hann keypt sér nýjan bíl. Íbúum Leiðindabæjar var mjög brugðið. Annað atvik átti sér stað viku síðar þegar pósturinn Pálína kom úr daglegri ferð sinni um bæinn og sagði vinum sínum hvað hún hafði séð. „Hugsið ykkur, þegar ég ók fram hjá húsinu hans Högna heyrði ég skrytið hljóð, rétt eins og í filahjörð. Ég ákvað því að staldra við og athuga málið.“ „Og hvað sástu?“ spurðu vinir hans forvitnir. „Það var alveg ótrúleg sjón: þegar ég kíkta í gegnum jarngirðinguna sá ég að það var risastór fill sem gaf frá sér þessi hljóð.“ „Í alvöru?“ sögðu vinir hans og trúðu vart eigin eyrum. „Já, í alvöru, þar til ég uppgötvaði að þetta var bara bíómynd. Og ég hef aldrei á ævi minn séð eins stórt kvikmyndatjald! Ég segi ykkur satt að hann Högni er búinn að fá sér stærsta útibíó í heimi.“ Fólkið trúði ekki sínum eigin eyrum. Hvað hafði orðið um tónleikahúsið sem átti að rísa? Íbúum Leiðindabæjar var enn meira brugðið. En hvað gátu þeir gert? Þeir höfðu jú kosið þennan mann.

„Ég skipti mér ekkert af þessu,“ sagði Fróði kennari þegar fólkið sem hafði staðið að kosningunum kom til hans og leitaði ráða hjá honum. „Þið kusuð hann og núna er hann bæjarstjóri Leiðindabæj-

ar,“ sagði Fróði. „En þetta er óréttlátt,“ sagði fólkið. „Hann er meira að segja búinn að eyða þeim peningum sem nota átti í hjólaskautagarðinn til að láta byggja uppáhalds skyndibitastaðinn sinn í garðinum sínum. Núna getur hann hámað í sig eins marga hamborgara og kleinuhringi og hann vill allan liðlangan daginn. Og við sitjum enn í almenningsgarðinum og látum okkur leiðast og börnin okkar sitja þar líka og láta sér leiðast. „Ég veit það,“ sagði Fróði og lokaði augunum og nuddaði á sér hökuna. „Ég veit það, og við verðum að gera eitthvað ...“

Nemendur ræða síðan um, hver í sínum hópi, hvernig sagan gæti haldið áfram, en með þrjár spurningar að leiðarljósi:

- Hvað hefði fólkið í Leiðindabæ getað gert í upphafi?
- Hvað gat það gert núna? Þegar öllu var á botninn hvolft hafði það kosið Högna.
- Hvernig væri hægt að koma í veg fyrir svona mistök í framtíðinni?

Þeir skrifa svörin sín á miða og kynna þau fyrir hinum á bekkjarfundi.

Þegar allir hóparnir eru búnir að kynna sínar hugmyndir beinir kennarinn umræðunni að aðstæðum í bekknum þeirra og spyr eftirfarandi spurninga:

- Hvernig getum við verið viss um að bekkjarformaðurinn geri það sem við vorum sammála um?
- Hvaða kerfi getum við fylgt sem myndi tryggja það?
- Hver getur búið það til?
- Hvað gerist ef við komumst að því að eitthvað er að?
- Hver getur ákveðið að skipta skuli um bekkjarformann?

Nemendur ræða þetta á bekkjarfundi og leggja fram tillögur. Þeir kjósa um tillögurnar og komast að sameiginlegri niðurstöðu. Sáttmálinn er settur á blað og allir undirrita hann, þar á meðal bekkjarformaðurinn og varamaður hans.

7. KAFLI ÁBYRGÐ Miðstig grunnskóla

Ég vernda umhverfið ... skólinn minn tekur þátt í því!

7.1 Ábyrgð

Nemendur ræða um grundvallaratriði ábyrgðar

7.2 Skólinn er líf: lifandi vistkerfi?

Hversu vistvænn er skólinn okkar?

7.3 Hvernig get ég byrjað að axla ábyrgð?

Nemendur taka fyrstu skrefin til að gera skólann vistvænni

7.4 Hvernig tókst þetta – hvert verður framhaldið?

Nemendur ígrunda aðgerðir sínar og ákveða framhaldið

7. kafli: Lykilhugtak – „Ábyrgð“ (miðstig grunnskóla)

Ítarefni fyrir kennara: hvernig endurspeglar gildi nemenda skilning þeirra á hugtakinu mannréttindi?

Velkomin inn í morguninn, velkomin í dag.

Ég ber ábyrgðina, þetta var mitt lag.

Að búa mér til myndir, sjá hvað þær gætu' oss fært.

Ég held þetta sé fullkomið, við engu skal hér hrært.

Úr texta lagsins *Farewell Andromeda* (1973) eftir John Denver

Nú á dögum er börnum kennt að taka ábyrgð á gerðum sínum frá unga aldri. Þetta þykir sjálfsagt í mörgum fjölskyldum og samfélögum. Lýðræðisríki fær aðeins staðist ef þegnarnir spyrja ekki hvað ríkið geti gert fyrir þá, heldur hvað þeir geti gert fyrir ríkið. Oft er vitnað í orð Johns F. Kennedy í þessu sambandi: „Spyrjið ei hvað land ykkar geti gert fyrir ykkur, spyrjið hvað þið getið unnið landi ykkar.“

Ábyrgð getur verið ýmiss konar og misjafnlega víðtæk. Hún getur verið persónuleg, samfélagsleg eða siðferðileg. Við höfum ábyrgð þingsins, stjórnvalda og fjölmiðla. Þá má nefna ábyrgðina á menntun foreldra og kennara o.s.frv. Þessi margvíslega ábyrgð á sér ýmist lagalega stoð eða lýsir siðferðilegum gildum.

Í þessum kafla gera nemendur sér grein fyrir því að ábyrgð er margs konar og að oft getur hún vafist fyrir þeim. Mikilvægast er að nemendur fari að átta sig á að með því að taka ábyrgð á nánasta umhverfi sínu leggja þeir fram sinn skerf til samfélagsins. Þannig vinna þeir ekki einungis samfélaginu gagn, heldur öðlast þeir einnig völd og áhrif. Það er háð stjórn málaástandi eða stjórn málahefðinni í landinu (eða hefð skólans eða stjórnendum hans) hvort auðvelt er að axla ábyrgð og öðlast þannig völd eða hvort það er mjög erfitt. Fáir maður ekki að axla ábyrgð veldur það vanmáttarkennd í daglegu lífi sem þarf að greina og yfirvinna.

Mennirnir geta beitt siðferðilegri dómgreind frá unga aldri og þeir átta sig á því hvenær þeir haga sér á ábyrgan hátt og hvenær ekki. Samt er mikilvægt að takmarka sig ekki við félagslegan og siðferðilegan lærdóm á miðstigi grunnskóla. Ef við ákveðum að nota ramma MLB/MRM – með sínum undirliggjandi grunnreglum úr löggiltum, alþjóðlegum mannréttindasáttmálum – verða markmiðin víðtækari. Ígrundun reynslunnar sem fæst af því að axla ábyrgð færir nemendum víðtækari skilning á sjálfum sér sem samfélagsþegnum. Auk þess verður þessi reynsla ekki einungis til þess að þeim sé falin aukin ábyrgð, heldur að þeir axli hana sjálfkrafa.

Rétt eins og í söngtexta Johns Denver sem vitnað var til hér í upphafi: „Ég ber ábyrgðina, þetta var mitt lag“, þurfa nemendur að læra hvað það er að axla ábyrgð. Þeir þurfa að taka ákvarðanir og bera ábyrgð á afleiðingum þeirra. Nám og líf í lýðræði innan skólans merkir að skólinn er staður sem býr nemendum undir lífið, en einnig staður þar sem fólk lifir og hrærist og tekur sameiginlegar ákvarðanir. Allir sjá að hlutverkaskipting þar er skýr og að lög og reglur verður að hafa. Samt er það þannig í flestum skólum í heiminum að möguleikarnir á auknu svigrúmi og ábyrgð nemenda eru ekki nýttir. Kennarar og skólastjórnendur geta auðveldlega breytt þessu innan gildandi reglu- og lagaramma.

Markmiðið með menntun til lýðræðislegrar borgaravitundar er að stuðla að færni á þremur sviðum. Í þessum kafla er lögð áhersla á færni í eftirfarandi atriðum:

Færni í ...		
... pólitískri greiningu og mati	... notkun aðferða	... lýðræðislegri ákvarðanatöku og athöfnum
**	**	***

Verkfæri

Í þessum kafla verða eftirfarandi verkfæri úr verkfærasafni nemenda notuð. Kennarinn verður að skera úr um hvort einhverjir nemendur, eða jafnvel allir, þurfi á meiri undirbúningi að halda til að geta nýtt sér þessi verkfæri.

- x Notkun bókasafna
- x Leit á netinu
- x Viðtöl og kannanir
- 0 Túlkun mynda
- 0 Hugarkort
- 0 Veggspjaldagerð
- 0 Sýningahald
- x Undirbúningur og flutningur kynninga
- x Gerð glæra eða PowerPoint-kynninga
- x Ritun blaðagreina
- 0 Uppsetning leikþátta
- x Rökræður

7. KAFLI: Ábyrgð**Ég vernda umhverfið ... skólinn minn tekur þátt í því!****Hvernig endurspeгла gildi nemenda skilning þeirra á hugtakinu mannréttindi?**

Viðfangsefni	Markmið	Verkefni nemenda	Gögn	Aðferð
1. kennslust.: Ábyrgð.	Að nemendur íhugi ábyrgð sem hugtak tengt fólki, hlutum eða verkefnum.	Nemendur safna saman og greina dagblöð og tímarit sem eru almennt lesin í þeirra nærumhverfi. Þeir skrá niðurstöður sínar á veggspjald.	Dreifiblað.	Hópvinna.
2. kennslust.: Skólinn er líf: lifandi vistkerfi?	Að nemendur átti sig á því að skólinn þeirra er ekki aðeins vettvangur náms heldur einnig vettvangur lífs. Þeir búi sig undir að taka (vistfræðilega) ábyrgð á þessu „lifandi rými“.	Ýmsar leiðir í vistvænum háttum eru þróaðar og undirbúnar.	Dreifiblað.	Hópkynningar, bekkjarumræða.
3. kennslust.: Hvernig get ég byrjað að axla ábyrgð?	Að nemendur undirbúi framkvæmd einstakra áfanga. Þeir hafi að leiðarljósi þætti eins og raunhæfa tímastjórnun og hæfni til málamiðunar innan hópsins, svo og almennan sveigjanleika.	Nemendur nota þann tíma sem gefinn er til að hrinda áætluðum aðgerðum í framkvæmd.	Hver vinnur fyrir sig í samræmi við aðgerðaáætlunina.	Verkleg vinna.
4. kennslust.: Hvernig tókst þetta – hvert verður framhaldið?	Að í lokin reyni nemendur að skipta um sjónarhorn til að átta sig á hvað það að axla ábyrgð merkir undir öðrum kringumstæðum. Þetta er skref í áttina að dýpri skilningi á lýðræðislegri þátttöku.	Nemendur nýta reynslu sína af því að vinna í litlum hópum við aðrar aðstæður.	Dreifiblað.	Bekkjjarumræða, hópvinna.

1. kennslustund

Ábyrgð

Nemendur ræða um grundvallaratriði ábyrgðar

Markmið	Að nemendur íhugi ábyrgð sem hugtak tengt fólki, hlutum eða verkefnum.
Verkefni nemenda	Nemendur safna saman og greina dagblöð og tímarit sem eru almennt lesin í þeirra nærumhverfi. Þeir skrá niðurstöður sínar á veggspjald.
Gögn	Dreifiblað.
Aðferð	Hópvinna.

Ábendingar

Ábyrgð sem hugtak á rætur að rekja til stjórnmalahugmynda 18. og 19. aldar þegar athyglin beindist að ábyrgri hegðun og grunnreglum um þingræði. Í heimspeki 20. aldar var áhersla lögð á spurninguna um frjálstan vilja: bar einstaklingurinn ábyrgð á gerðum sínum og eðlisfari? Umræðan snerist í auknum mæli um einstaklinginn.

Af þessu leiðir að nú á dögum getur reynst erfitt að skilja hugmyndina um samfélagslega ábyrgð, málefni sem orðið er knýjandi á ný í stjórnmalum samtímans. Þetta stafar einnig af því að taka verður mið af mörgum almennum vandamálum sem snerta ábyrgð, svo sem spurningum um gagnkvæma ábyrgðarskyldu, um skilgreiningu á ábyrgðarsviði einstaklinga eða mat á því hvort einstaklingur teljist nægilega ábyrgur til að sinna tilteknu hlutverki.

Lýsing á kennslustund

Nemendur sitja í hring á stólum sínum. Kennarinn setur flettistöflu eða stórt blað með fyrirsögninni „Að taka ábyrgð á ...“ inn í miðjan hringinn. Í kringum það setur hann myndir úr tímaritum sem sýna til dæmis:

- gæludýr 1;
- gæludýr 2;
- gæludýr 3;
- hópa fólks;
- eina manneskju;
- eitt barn;
- stöðuvatn/á;
- mat;
- húsgögn;
- hjarta;
- rusl.

Síðan dreifir kennarinn orðaspjöldum af handahófi á gólfið. Nöfn þess sem myndirnar sýna eru skrifuð á þau.

Þegar nemendur hafa skoðað myndirnar biður kennarinn þá að finna orðaspjaldið sem á við hverja mynd. Að því loknu biður kennarinn þekkingu að ihuga eftirfarandi vanda:

- Hvað merkir það að bera ábyrgð á einhverju eða einhverjum?
- Rifjið upp erfiða reynslu. Hvað var það sem gerði hana erfiða? Hvað var jákvætt við hana?

Mikilvægt er að kennarinn geri strax grein fyrir vandamálinu og láti nemendur ekki fara að kljást við það tvo og tvo saman fyrr en að því loknu. Annars getur athygli nemenda beinst um of að paraskiptingunni og lausnin á vandamálinu orðið út undan.

Nemendur ræða tveir og tveir saman um vandamálið í nokkrar mínútur og kynna síðan skoðanir sínar fyrir bekknum. Þeir komast líklega ekki allir að með skoðanir sínar en flestir ættu að geta það ef þess er gætt að það séu ekki alltaf þeir sömu sem kveðja sér hljóðs.

Eftir stuttar umræður fá nemendur það verkefni að velja fyrir sér ýmsum starfsstéttum og hvernig ábyrgð á tilteknu starfi eða stöðu getur verið háttáð:

- ábyrgð á sjálfum sér;
- ábyrgð á öðrum;
- ábyrgð á hlutum.

Kennarinn lætur einn nemanda skrifa listann yfir starfsstéttir eða störf á flettistöfluna eða töfluna.

Síðustu fimmtán mínútur tímans fá nemendur það verkefni að búa til stuttan texta (sömu pör og áður) og ljúka honum heima.

Verkefni:

Veljið starfsstétt eða starf af listanum. Kannski þekkið þið einhvern sem er í þessu starfi. Ef þið viljið getið þið einnig valið starf sem er ekki á listanum. Skriðið stuttan texta um þetta starf og ábyrgðina sem hvílir á þeim sem sinnir starfinu:

- Lýsið vinnunni sem viðkomandi þarf að inna af hendi.
- Á hverjum eða hverju þarf hann eða hún að bera ábyrgð?
- Ef einstaklingurinn vanrækir ábyrgðina, hvaða afleiðingar hefur það fyrir landið, fjölskylduna, skólann eða samfélagið?
- Hvað gæti verið erfitt fyrir þann sem sinnir þessu starfi?

Ganga ætti þannig frá textunum að hægt sé að hengja þá upp í skólastofunni. Það gæti verið gott að setja teikningu, skýringarmynd, klippimynd eða ljósmynd við hvern texta og útbúa þannig „veggspjald“.

2. kennslustund

Skólinn er líf: lifandi vistkerfi?

Hversu vistvænn er skólinn okkar?

Markmið	Að nemendur átti sig á því að skólinn þeirra er ekki aðeins vettvangur náms heldur einnig vettvangur lífs. Þeir búi sig undir að taka (vistfræðilega) ábyrgð á þessu „lifandi rými“.
Verkefni nemenda	Ýmsar leiðir í vistvænum háttum eru þróaðar og undirbúnar.
Gögn	Dreifiblað.
Aðferðir	Hópkyrningar, bekkjarumræða.

Ábendingar

Það tilheyrir fræðslu um vistfræði að nemendur temji sér vistvæna lífshætti og viðhorf. Þannig verður skólinn vettvangur virkrar borgaravitundar. Virka þátttöku í samfélaginu er best að læra í verki, ekki af frásögnum – allir þurfa að fá tækifæri til að kanna sjálfir mál sem lúta að lýðræðislegri borgaravitund og mannréttindum en fá ekki eingöngu fyrirmæli um hvernig þeir eigi að hugsa og hegða sér.

Menntun sem stuðlar að virkri borgaravitund snýst ekki einungis um að tileinka sér staðreyndir – í þessu tilviki um það hvernig bjarga má umhverfinu og hindra frekari skaða – heldur um raunhæfan skilning, færni og næmi, siðferðisþrek og gildi.

Verkin tala – nemendur geta lært jafn mikið um lýðræðislega borgaravitund af fordæmi kennara sinna og skólafélaga og (vistfræðilegum) áherslum í skólanum og þeir geta lært með hefðbundinni kennslu.

Lýsing á kennslustund

Í seinni hluta þessa kafla þarf kennarinn að gæta þess að viðfangsefnið sé sett í kunnuglegt samhengi. Fyrst ætti hann að lýsa í stuttu máli því sem gert var í síðasta tíma. Það þarf að koma skýrt fram að skilvirkt samfélag krefst þess að ábyrgð dreifist á marga.

Skólanum er lýst sem samfélagi þar sem bæði er lifað og lært. Því má líta á hann sem „polis“ (polis er gríska og merkir borg) eða borgríki þar sem þarf til dæmis að leysa bæði félagsleg og vistfræðileg vandamál. Meðal annars þarf skólinn líka að verða fyrirmynd hvað varðar vistfræðileg stefnumið og ferli og íhuga þarf hvernig best er að fara að því. Það er mjög lærdómsríkt fyrir nemendur að þurfa að axla ábyrgð. Þeim er falið að íhuga á hvaða sviðum skólalífsins mætti bæta vistfræðileg ferli og velta fyrir sér hvað þeir sjálfir hafi fram að færa í þeim efnunum.

Næsta verkefni er unnið í fjögurra manna hópum. Hver hópur fær lykilhugtak og skrifar lista með spurningum um hugtakið, svo sem eftirfarandi (dæmið hér er um „rusl“):

- Hvers konar rusl berst frá skólanum okkar?
- Hvert er farið með það?

- Hver ber ábyrgð á að það sé gert?
- Hvernig er hægt að minnka ruslið sem berst frá skólanum?
- Hvað get ég eða bekkurinn minn gert til þess?

Ein kennslustund og vikan þar á eftir ætti að vera hæfilegur tími fyrir upplýsingaleit og heimavinnu. Ef kennarinn vill stytta tímann verður hann sjálfur að leita heimilda og afla upplýsinga. Nemendur gera sjálfir gátlista sem verður til sýnis fyrir bekkjarfélagana á „vistvæna veggnum“.

Listi yfir möguleg lykilhugtök fyrir hópana:

- rusl;
- minnkun úrgangs;
- orka og afl;
- vatn;
- samgöngur;
- heilbrigðismál;
- skólalóðin;
- líffræðileg fjölbreytni;
- að auka sjálfbærni í heiminum;
- almennar vistfræðilegar ráðstafanir.

3. kennslustund

Hvernig get ég byrjað að axla ábyrgð?

Nemendur taka fyrstu skrefin til þess að gera skólann vistvænni

Markmið	Að nemendur undirbúi framkvæmd einstakra áfanga. Þeir hafi að leiðarljósi þætti eins og raunhæfa tímastjórnun og hæfni til málamiðlunar innan hópsins, svo og almennan sveigjanleika.
Verkefni nemenda	Nemendur nota þann tíma sem gefinn er til að hrinda áætluðum aðgerðum í framkvæmd.
Gögn	Hver vinnur fyrir sig í samræmi við aðgerðaáætlunina.
Aðferð	Verkleg vinna.

Lýsing á kennslustund

Nemendahóparnir kynna gátlista sína stuttlega. Kennarinn stýrir umræðu um það hvers konar ábyrgð eða vald nemendur hafa í raun:

- Hverju getum við breytt?
- Hverju þarf ekki að breyta?
- Hvernig verður andstaðan?

Að bekkjarumræðunni lokinni þarf að taka ákvarðanir:

- Hver eru fyrstu skrefin sem við viljum taka?
- Hversu miklum tíma viljum við verja í þetta?
- Eigum við að stofna „vistvænan hóp“ í þessu skyni?
- Viljum við einbeita okkur að einu sviði (t.d. vatni, rusli eða rafmagni) eða viljum við grípa til almennra ráðstafana á öllum sviðum umhverfisverndar?

Mikilvægt er að velja verkefni sem nemendur geta örugglega ráðið við. Þetta getur þýtt að safna þurfi upplýsingum eða hefja vitundarvakningu í skólanum öllum.

Undir forystu hóps nemenda („vistvæna hópsins“) er gerð stutt aðgerðaáætlun og verkaskipting ákveðin (á flettistöflu eða á stóru blaði á töflunni).

Kennarinn stýrir ákvarðanaferlinu eins og við á eftir aldri og getu bekkjarins. Mikilvægt er að nemendur séu raunsærir og ætli sér ekki um of miðað við þann efnivið eða aðföng sem þeir hafa til ráðstöfunar. Hugsanlega þarf að afla viðbótarfjár eða leita ráðgjafar hjá stofnunum utan skólans. Slíkt þarf bekkurinn að ákveða í sameiningu.

Nemendur geta komið sér saman um minni háttar úrbætur, til dæmis að gæta þess að slökkva ætíð ljós, flokka rusl á skólalóðinni í lífrænt og ólífrænt o.s.frv.

Hefja þarf þessi verkefni fyrir næstu kennslustund. Nemendur geta unnið að þessu hver fyrir sig eða í litlum hópum. Reynslan hefur sýnt að séu myndir, teikningar og slíkt notað við skráningu þessara ferla getur það orkað hvetjandi á nemendur.

4. kennslustund

Hvernig tókst þetta – hvert verður framhaldið?

Nemendur ígrunda aðferðir sínar og ákveða framhaldið

Markmið	Að í lokin reyni nemendur að skipta um sjónarhorn til að átta sig á hvað það að axla ábyrgð merkir undir öðrum kringumstæðum. Þetta er skref í áttina að dýpri skilningi á lýðræðislegri þátttöku.
Verkefni nemenda	Nemendur nýta reynslu sína af því að vinna í litlum hópum við aðrar aðstæður.
Gögn	Dreifiblað.
Aðferðir	Bekkjarumræða, hópvinna.

Lýsing á kennslustund

Þessa fjórðu kennslustund má nota til að ljúka kaflanum en kennarar geta einnig byrjað á hagnýtu verkefni á þessu stigi. Eins og þegar hefur verið minnst á getur slíkt verkefni falist í vinnu lítilla hópa eða samvinnu bekkjarins og það getur einnig verið í formi skólaverkefnis.

Kennslustundin ætti að hefjast eins og 1. kennslustund.

Nemendur sitja í hring og íhuga hvað þeir hafa lært í undanförunum kennslustundum.

Þeir byrja á að kynna niðurstöður sínar:

- Hvað heppnaðist?
- Hvað gekk ekki?
- Hvað batnaði eða breyttist?
- Hvað felst í því að taka ábyrgð á umhverfisverkefnum?
- Er ég fús til að taka ábyrgð á einhverju sem „er ekki mér að kenna“?
- Hvernig sé ég sjálfa(n) mig?
- Hvað olli mér vonbrigðum? Hvað vakti ánægju mína?

Það hefur reynst gagnlegt að nota „umhverfisvegginn“, sem varð til í þessum kafla, til að hjálpa nemendum að ígrunda hverju þeir hafa fengið áorkað.

Í umræðunum þarf að koma skýrt fram hversu mikilvægt það er fyrir skilvirkt samfélag að fólk „axli ábyrgð“. Eftirfarandi spurningar mætti nota til að örva umræðurnar:

- Hvers konar samfélagshópa er um að ræða?
- Hver gegnir hvaða hlutverki?
- Hvernig virkar þetta hjá ríkinu?
- Hvað vitum við um lýðræði og hvernig virkar lýðræði?
- Hvernig skiljið þið eftirfarandi tilvitnun í ræðu Johns F. Kennedy: „Spyrjið ei hvað land ykkar geti gert fyrir ykkur, spyrjið hvað þið getið unnið landi ykkar.“

Þó að hliðstæður geti stundum orkað tvímælis getur verið áhugavert að nota þær hér til að hvetja nemendur til flóknari eða dýpri hugsunar. Það þarf ekki að fást nein afdráttarlaus niðurstaða. Mikilvægara er að nemendur séu hvattir til að hugsa eftir flóknari brautum og þetta ferli heldur áfram í síðari köflum.

Nemendur (í litlum hópum) fá dreifiblað þar sem þeir skrá reynslu sína:

Að axla ábyrgð, að deila ábyrgð		
Dæmi: vistfræði		
Staður/aðstæður	Hvers konar ábyrgð ber þessi einstaklingur?	
Bekkur	Kennari	Nemandi
Skóli	Yfirkennari	Kennari/nemandi
Ríki	Þjóðhöfðingi	Þjóð
?		

Nemendur ættu að íhuga hvenær axla þarf ábyrgð í hverju tilviki.

Þegar tiltekinn tími er liðinn kynnir einn úr hópnum niðurstöðurnar. Í lokaumræðunum þarf kennarinn að gæta þess að hliðstæðurnar milli þess sem nemendur upplifa í bekknum og aðstæðnanna sem hér er lýst séu augljósar. Hann þarf einnig að sýna fram á að þetta geti verið takmörkunum háð.

Loks geta „hraðasvör“ (þar sem hver nemandi segir eina setningu) leitt í ljós hvað nemendur hafa lært af þessum kafla, til dæmis:

Segið í einni setningu hvað ykkur fannst mikilvægast af því sem þið lærðuð í þessum kafla um „að axla ábyrgð“.

Nemendur ættu að fá nokkrar mínútur til að íhuga svar sitt og þeir eiga að segja það sem þeim finnst þó að aðrir hafi áður sagt það sama eða eitthvað svipað. Kennarinn ætti einnig að taka þátt í hraðasvaraæfingunni. Hann ætti að þakka nemendum fyrir góða þátttöku en ekki gera athugasemdir við svör þeirra.

8. KAFLI

RÉTTINDI OG FRELSI

Miðstig grunnskóla

Réttindi mín – réttindi þín

8.1 Langanir og þarfir: hvað skiptir mig máli?

Nemendur læra að greina milli langana sinna og grunnþarfa

8.2 Mannréttindi: hvað felst í þeim?

Nemendur bera þarfir sínar saman við greinar í Mannréttindayfirlýsingu SP

8.3 Könnun: það sem fólki í kringum okkur finnst og það veit

Nemendur gera stutta könnun sem snýst um mannréttindi

8.4 Lifandi mannréttindi!

Kynning og umræður um niðurstöður könnunarinnar

8. kafli: Lykilhugtök – „Réttindi og frelsi“ (miðstig grunnskóla)

Ítarefni fyrir kennara: mannréttindi:

hvað skiptir mig máli? þig? aðra?

Mannréttindi má almennt skilgreina sem þau réttindi sem eru okkur ásköpuð og við getum ekki verið án ef við eigum að þrífast sem manneskjur.

Mannréttindi og mannfrelsi gera okkur kleift að þroskast til fulls og nýta okkur mannkosti okkar, gáfur, hæfileika og samvisku og þau gera okkur einnig kleift að fullnægja þörfum okkar, andlegum sem efnislegum. Þau eru byggð á auknum kröfum mannkyns um líf þar sem meðfædd göfgi og verðleikar hvers og eins njóta virðingar og verndar.

Í þessum kafla eru grundvallarupplýsingar fyrir kennara sem vilja stuðla að vitund um gildi mannréttinda og þekkingu á þeim svo og skilningi á því að alþjóðareglur um mannréttindi eru bæði algildar og gagnkvæmar. Þetta er einungis upphafið, einnig þarf að koma til frekari rannsóknarvinna og lestur og/eða notkun innlendra handbóka og hljóð- og myndefnis sem þegar er tiltækt. Vonandi verður kaflinn notaður til að hefja aðlögunar- og þróunarferli á öllum kennslustigum á hinum ýmsu menningarsvæðum heimsins.

Á áratug Sameinuðu þjóðanna um mannréttindafræðslu (1995–2004) var mannréttindafræðsla skilgreind sem „kennsla, miðlun og upplýsingagjöf sem miðar að því að skapa mannréttindamenningu á alþjóðavísu með því að breiða út þekkingu og færni og móta viðhorf sem beinast að því að:

- (a) Efla virðingu fyrir mannréttindum og mannfrelsi;
- (b) Þroska til fulls persónuleika einstaklingsins og tilfinningu fyrir göfgi hans;
- (c) Stuðla að skilningi, umburðarlyndi, jafnrétti kynjanna og vináttu meðal allra þjóða, frumbyggjaþjóða og kynþátta-, þjóðernis-, trúar- og málhópa;
- (d) Gera öllum einstaklingum kleift að taka virkan þátt í frjálsu þjóðfélagi;
- (e) Efla aðgerðir Sameinuðu þjóðanna til að viðhalda friði. (Byggt á Aðgerðaáætlun áratugar SP um mannréttindamenntun (1995–2004), 2. gr.)

Þetta ferli er háð menntakerfum landa, sem eru mjög ólík, ekki síst hvað varðar sjálfræði kennara um kennslumarkmið sín. Hvað sem því líður hlýtur kennarinn ætíð að gegna lykilhlutverki í því að ryðja nýjungum braut og því ber hann mikla ábyrgð á miðlun og kynningu grunnreglna um mannréttindi í kennslustundum. Fræðsla um mannréttindi nægir þó ekki. Þessi gildi verða að vera gegnumgangandi í öllu skólastarfinu ásamt gildum sem tengjast lýðræðislegri ákvarðanatöku og athöfnum. Nemendur vilja ekki eingöngu læra um mannréttindi heldur einnig kynnast þeim í verki.

Sú staðreynd að Mannréttindayfirlýsing SP gildir um nær allan heim¹ er kennurum mjög mikilvæg. Með því að ganga út frá meginreglum sem hafa verið svo almennt viðurkenndar í mörg ár getur kennarinn með góðri samvisku fullyrt að hann vinni að framgangi skipulegs kerfis sem hafi hlotið viðurkenningu alþjóðasamfélagsins og ríkisstjórna um heim allan. Menntakerfi landa eru mjög ólík. En þegar kennarar hafa mannréttindi að leiðarljósi kemur einnig annað til: í kennslu sinni leggja þeir áherslu á að mannréttindi séu virt í skólastofunni og í skólanum yfirleitt.

Þetta merkir að forðast ber alla sýndarmennsku. Í sinni einföldustu mynd lýsir sýndarmennska sér í því að efnið sem kennarinn kennir stangast augljóslega á við kennsluhættina. Hér er dæmi: „Í dag ætlum við að tala um tjáningarfrelsið – þegið þið þarna aftast!“ Með þessu móti læra nemendur heilmikið um vald en mun minna um mannréttindi og virðingu fyrir mannlegri reisn, sem er kjarni

1 Samþykkt af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 10. desember 1948.

mannfrelsis. Þar sem nemendur verja heilmiklum tíma í að pæla í kennurum sínum, og geta vel glöggvað sig á persónulegum skoðunum þeirra, gæti slík hegðun komið í veg fyrir að kennarinn hefði í raun góð áhrif á þá. Af löngun til að þóknast kennaranum gætu nemendur til dæmis reynt að tileinka sér sjónarmið hans án þess að mynda sér sjálfstæða skoðun. Þetta getur verið ein ástæða þess að þeir reynist tregir til að tjá skoðanir sínar. Í sinni flóknustu mynd vekur sýndarmennska grundvallarspurningar um það hvernig vernda megi og efla mannlega reisn kennara og nemenda í skólafunni, svo og í skólanum og samfélaginu yfirleitt. Þetta krefst þess að kennarar leiti leiða og aðferða til að fá aðra aðila til að ákveða einnig hvað gera skuli, hvernig það skuli gert og hvers vegna. Í því felst ekki einungis að kveðja til nemendur, skólastjórnendur, menntayfirvöld og foreldra, heldur einnig, ef við á, aðra þegna nærsamfélagsins.

Markmiðið með menntun til lýðræðislegrar borgaravitundar er að stuðla að færni á þremur sviðum. Í þessum kafla er lögð áhersla á færni í eftirfarandi atriðum:

Færni í ...		
... pólitískri greiningu og mati	... notkun aðferða	... lýðræðislegri ákvarðanatöku og athöfnum
**	***	*

Verkfæri

Í þessum kafla verða eftirfarandi verkfæri úr verkfærasafni nemenda notuð. Kennarinn verður að skera úr um hvort einhverjir nemendur, eða jafnvel allir, þurfi á meiri undirbúningi að halda til að geta nýtt sér þessi verkfæri.

- Notkun bókasafna
- Leit á netinu
- Viðtöl og kannanir
- Túlkun mynda
- Hugarkort
- Veggspjaldagerð
- Sýningahald
- Undirbúningur og flutningur kynninga
- Gerð glæra eða PowerPoint-kynninga
- Ritun blaðagreina
- Uppsetning leikþátta
- Rökræður

Sjá einnig bókina *Litli-kompás – Handbók um mannréttindamenntun fyrir börn* (Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun, 2014). Bókin er til bæði í prentaðri og stafrænni útgáfu, http://vefir.nams.is/litli_kompas/index.html.

8. KAFLI: Réttindi og frelsi

Réttindi mín – réttindi þín?

Mannréttindi: hvað skiptir mig máli? Þig? aðra?

Viðfangsefni	Markmið	Verkefni nemenda	Gögn	Aðferð
1. kennslust.: Langanir og þarfir.	Að nemendur komist að því að persónulegar langanir þeirra – hlutirnir og hugmyndirnar sem þeir vilja gera að veruleika – eru jafn mikilvægar og það sem menn þurfa í raun til að lifa sómasamlegu lífi.	Nemendur velja myndir sem sýna langanir þeirra og þarfir, ræða þær og velja á milli þeirra.	Band (þvottasnúra), þvottaklemmur, úrklippur (myndir) úr tímaritum, dreifiblað.	Hópvinna.
2. kennslust.: Mannréttindi: hvað felst í þeim?	Að með því að tengja sérhverja þörf sína grein í Mannréttindayfirlýsingu SP komist nemendur að raun um að yfirlýsingin hefur verið löguð mjög nákvæmlega að þörfum fólks.	Nemendur ígrunda 1. kennslustund og styðjast við lista og valdar greinar úr Mannréttindayfirlýsingu SP.	Dreifiblað (einfölduð útgáfa af Mannréttindayfirlýsingu SP), listar yfir þarfir úr 1. kennslustund 8. kafla.	Hópvinna, upplýsingaleit.
3. kennslust.: Könnun: Það sem fólki í kringum okkur finnst og það veit.	Að nemendur efli skilning sinn með því að kanna viðhorf fullorðinna til mannréttinda og þekkingu þeirra á því sviði. Þeir komist að því hversu misjafnlega mannréttindi geta verið metin.	Nemendur undirbúa könnun um mannréttindi og æfa sig í tímanum. Sjálf könnunin verður heimavinna nemenda vikuna á eftir.	Dreifiblöð, pappír, blýantar og pennar.	Kannanir gerðar í hópvinnu.
4. kennslust.: Lifandi mannréttindi!	Að nemendur átti sig á því, þegar þeir kynna niðurstöður könnunar sinnar, hversu misjafnlega fólk metur einstök mannréttindi. Þeir ígrundi hvað þeir lærðu og hvernig, og miðli þannig milli sín þekkingu og færni.	Nemendur kynna og ræða niðurstöður könnunarinnar. Þeir ígrunda allt sem þeir hafa lært.	A4-blöð fyrir athugasemdir.	Umræða innan hópanna, bekkjarumræða.

1. kennslustund

Langanir og þarfir: hvað skiptir mig máli?

Nemendur læra að greina milli langana sinna og grunnþarfa

Markmið	Að nemendur komist að því að persónulegar langanir þeirra – hlutirnir og hugmyndirnar sem þeir vilja gera að veruleika – eru jafn mikilvægar og það sem menn þurfa í raun til að lifa sómasamlegu lífi.
Verkefni nemenda	Nemendur velja myndir sem sýna langanir þeirra og þarfir, ræða þær og velja á milli þeirra.
Gögn	Band (þvottasnúra), þvottaklemmur, úrklippur (myndir) úr tímaritum, dreifiblað.
Aðferð	Hópvinna.

Ábending

Mannréttindi eru bæði siðferðilegs og lagalegs eðlis. Jafnvel þó að lítið sé svo á að mannréttindi almennt séu ódeilanleg er það áfram ljóst að hver og einn ákveður sjálfur hvað hann telur vera sér mikilvægt. Enn fremur er mikilvægt að átta sig á því – einkum fyrir unglíngi – að ekki eru allar þarfir grunnþarfir sem hafa verið viðurkenndar sem réttindi í alþjóðlegum reglum um mannréttindi. Það að geta greint milli langana og þarfa, virt það að fólk kann að meta sum réttindi meira en önnur, og fallist um leið á mikilvægi hins samræmda alþjóðlega lagaramma á sviði mannréttinda, er nokkuð sem tekur langan tíma að læra. Þó að ekki sé fjallað um lagalegar hliðar mannréttinda í þessum kafla þurfa kennarar að vita af því að lagalega bindandi samningar – sem ríkisstjórnir undirrita og samþykkja að hlíta – voru byggðir á þeim staðlaða ramma sem settur er fram í Mannréttindayfirlýsingu SP. Í Evrópu er helsti lagalega bindandi samningurinn Evrópusáttmáliinn um verndun mannréttinda og mannfrelsis (Mannréttindasáttmáli Evrópu).⁴

Lýsing á kennslustund4

Undirbúa þarf kennslustofuna þannig að nemendur geti setið í fjögurra til sex manna hópum. Kennarinn setur allt efni sem þarf að nota á sérstakt borð þar sem nemendur geta náð í það sem þeir þurfa og skilað því í lok tímans. Samábyrgð er lykilþáttur í velheppnaðri MLB/MRM og bæði nemendur og kennarar þurfa að líta á kennslustofuna sem lifandi rými sem öllum er annt um. Sem allra flestar úrklippur úr tímaritum (tugir, jafnvel hundruð mynda) ættu að vera á veggjum skólastofunnar.

4 ETS nr. 5, tilbúinn til undirritunar 4. nóvember 1950 og öðlaðist gildi 3. september 1953.

Kennarinn safnar nemendum saman framan við „myndavegginn“ og fær þá með í umræðu:

- Hvernig fannst ykkur að safna saman myndunum?
- Var eitthvað sem kom ykkur á óvart? Ef svo er, hvað?

Eftir nokkurra mínútna samræður fær kennarinn tvo nemendur til að halda uppi snúrunni (u.þ.b. fjórir metrar á lengd) sem er með tólf þvottaklemmum. Hann tekur síðan tvö spjöld sem á hafa verið skrifuð orðin „LANGANIR“ og „ÞARFIR“. Hann hengir þau lengst til vinstri og lengst til hægri á snúruna og biður síðan nemendur að íhuga hvaða mynd þeir vildu hengja undir „LANGANIR“ og hverja undir „ÞARFIR“. Þegar allir hafa velt þessu fyrir sér biður kennarinn tvo nemendur að hengja upp tillögur sínar og útskýra hvers vegna þeir völdu eins og þeir gerðu. Þessu næst ætti kennarinn að reyna að varpa ljósi á muninn á löngunum og þörfum í samræðum við nemendur, en hann þarf að gæta þess að setja ekki fram skilgreiningu heldur safna eingöngu saman útskýringum nemenda og flokka þær.

Nemendum er skipt í fjögurra til sex manna hópa sem fá það verkefni að velja tíu myndir úr safninu öllu, fimm í flokkinn „LANGANIR“ og fimm í flokkinn „ÞARFIR“. Hver hópur fær verkefnið lagt fyrir skriflega (þannig að kennarinn afhendir annaðhvort prentuð eintök af dreifiblaðinu eða skrifar verkefnið á töfluna).

Verkefni og kynning:

- Hver hópur nemenda velur tíu myndir úr safninu öllu. Fimm þeirra þurfa að falla í flokkinn „LANGANIR“ og fimm í flokkinn „ÞARFIR“ (ef tveir eða fleiri hópar vilja sömu mynd þarf að reyna að miðla málum).
- Hóparnir ræða val sitt og reyna að svara eftirfarandi spurningum:
- Hvers vegna skiptir þetta máli fyrir mig?
- Hvað þýddi það ef ég hefði þetta ekki?
- Hvað langar mig til að hafa eða öðlast seinna á ævinni?
- Hvaða þýðingu hefur þetta fyrir mig sem strákr/stelpu?
- Síðan er myndunum tíu sem hafa verið valdar raðað í röð eftir mikilvægi og nemendur útskýra hvers vegna þeir hafi valið þær í þessari röð. Þeir þurfa að komast að niðurstöðu sem allir í hópnum eru sáttir við.
- Tveir í hópnum halda snúrunni uppi og einn útskýrir valið. Aðeins þarf að útskýra val fyrstu og síðustu myndarinnar. Loks skulu nemendur reyna að útskýra með eigin orðum muninn á löngunum og þörfum. Geta þeir fundið „skilgreiningu“ á hvoru tveggja?

Snúran er hengd á vegginn (eða annars staðar í skólastofunni), með öllum myndunum sem voru valdar.

2. kennslustund

Mannréttindi: hvað felst í þeim?

Nemendur bera þarfir sínar saman við greinar í Mannréttindayfirlýsingu SP

Markmið	Að með því að tengja sérhverja þörf sína grein í Mannréttindayfirlýsingu SP komist nemendur að raun um að yfirlýsingin hefur verið löguð mjög nákvæmlega að þörfum fólks.
Verkefni nemenda	Nemendur ígrunda 1. kennslustund og styðjast við lista og valdar greinar úr Mannréttindayfirlýsingu SP.
Gögn	Dreifiblað (einfölduð útgáfa af Mannréttindayfirlýsingu SP), listi yfir þarfir úr 1. kennslustund 8. kafla.
Aðferðir	Hópvinna, upplýsingaleit.

Lýsing á kennslustund

Í upphafi kennslustundarinnar ætti kennarinn að rifja stuttlega upp niðurstöður 1. kennslustundar. Hann gerir síðan grein fyrir tengslum þarfa og mannréttinda og fjallar stuttlega um sögu mannréttinda (sjá dreifiblaðið „Mannréttindi: listi til að bera saman réttindi og þarfir“). Kennarinn ætti í mesta lagi að tala í tíu mínútur.

Nemendur fá það verkefni að tengja saman eigin þarfir (sem þeir hafa skilgreint) og mannréttindin sem sýnd eru á einfaldaða listanum yfir mannréttindi (dreifiblað). Þeir skipta sér í sömu hópa og í síðasta tíma og eiga að velta fyrir sér eftirfarandi spurningum: Hvaða mannréttindi eru þeim mikilvæg, jafnvel óafvitandi? Geta þeir skilið tengslin milli réttinda og þarfa? Geta þeir fundið dæmi úr raunveruleikanum sem tengjast tilteknum réttindum? Dreifiblaðið getur komið að gagni við þetta. Kennarinn ákveður hvort vinna skuli með þessa einfölduðu útgáfu af Mannréttindayfirlýsingu SP eða upprunalega skjalið (sem má t.d. fá á íslensku á slóðinni <http://www.humanrights.is/log-og-samningar/mannrettindasamningar/sameinudu-tjodirnar/Undirflokkur/>). Ef einfaldaða útgáfan er notuð ættu nemendur að vera fljótir að átta sig á því að mannréttindi voru þróuð á grundvelli daglegra þarfa.

Dæmi af dreifiblaðinu:

Listi yfir grundvallarréttindi	„ÞARFIR“ sem við höfum skilgreint	Hvaða grein í upprunalegu mannréttindayfirlýsingunni tilheyrir þetta?
Réttur til að lifa, vera til		
Réttur til vinnu		
Eignarréttur		
Málfrelsi		
...		

Nemendur ættu að reyna að afrita lista sinn yfir þarfir úr fyrri kennslustund yfir á dreifiblaðið. Þetta verður ekki mjög auðvelt því að orðalagið á réttindunum og þörfunum verður ekki hið sama. Þetta getur skapað umræður og leitt til ákvarðana sem eru ekki alltaf augljósar.

Þetta er með vilja gert. Í næsta skrefi eiga hóparnir sem hafa lokið þessu að bera listann sinn saman við upprunalegu mannréttindayfirlýsinguna.

Í lok tímans ætti að setja saman heildarlista bekkjarins. Þetta merkir að listar hópanna eru afritaðir á einn stóran lista sem verður til sýnis fyrir alla. Ef tölvur eru tiltækar geta nemendur búið til raf-rænan lista og notað dreifiblaðið sem grunn. Fela mætti þetta verkefni litlum hópi nemenda sem heimavinnu. Einnig getur kennarinn sett listann saman.

3. kennslustund

Könnun: það sem fólk í kringum okkur finnst og það veit

Nemendur gera stutta könnun sem snýst um mannréttindi

Markmið	Að nemendur efli skilning sinn með því að kanna viðhorf fullorðinna til mannréttinda og þekkingu þeirra á því sviði. Þeir komist að því hversu misjafnlega mannréttindi geta verið metin.
Verkefni nemenda	Nemendur undirbúa könnun um mannréttindi og æfa sig í tímanum. Sjálf könnunin verður heimavinna nemenda vikuna á eftir.
Gögn	Dreifiblöð, pappír, blýantar og pennar.
Aðferð	Kannanir gerðar í hópvinnu.

Lýsing á kennslustund

Bekkurinn er nú kominn með lista yfir mannréttindi (með vilja er þetta ekki fullkominn listi). Af listanum má ljóst vera að jafnvel án þekkingar á mannréttindahugtakinu vita allir að fólk hefur þarfir og að þessum þörfum svipar mjög til réttindanna sem sett eru fram í greinum Mannréttinda-yfirlýsingar SÞ. Með því að átta sig á þessu hafa nemendur að nokkru leyti lýst sögu mannréttinda sem, þegar allt kemur til alls, urðu ekki til fyrir tilviljun og sem einangrað fyrirbæri, heldur voru þróuð út frá þeirri hugmynd að allir menn hafa grundvallarréttindi sem enginn getur frá þeim tekið.

Í þriðju og fjórðu kennslustund eiga nemendur að gera stutta könnun. Þeir eiga að reyna að komast að því hvað fólk í þeirra næsta nágrenni telur að tengist mannréttindum, hvernig lítið er á mannréttindi og hvernig grunnþekkingu fólks á mannréttindum er háttað.

Nemendur taka saman niðurstöður þessarar könnunar og meta þær. Markmiðið er að þeir átti sig á því hvernig þekkingu og skoðunum fólks í næsta nágrenni á mannréttindum er háttað. Kennarinn lætur nemendur fá dreifiblað sem þeir geta skráð á mismunandi flokka svara: persónuleg viðhorf til mannréttinda, þekkingu á mannréttindum og núverandi ástand mála hér á landi. Nemendur eiga að tala við fullorðið fólk (ættingja, vini, nágretta, vegfarendur) og spyrja eftirfarandi spurninga:

- Finnst þér mikilvægt að mannréttindi hafi verið staðfest um allan heim? Ef svo er, hvers vegna? Ef ekki, af hverju?
- Hvaða réttindi er mikilvægast að verja alls staðar í heiminum?
- Hverjir bera ábyrgð á að það sé gert?
- Hvaða réttindi er mikilvægast að verja hér á landi?
- Hverjir bera ábyrgð á að það sé gert?

Nemendur ættu að gæta þess að fella ekki dóma um hvort viðhorf, skoðanir eða þekking sem þarna birtist er rétt eða ekki. Þeir eiga einfaldlega að skrifa hjá sér svörin.

Viðtöl sem þessi eru ekki auðveld og því gæti verið gott að æfa þau í skólastofunni. Lítil hópur nemenda yrði þá í hlutverki spyrjenda og tveir nemendur gætu tekið að sér hlutverk óþekktra vegfarenda. Einnig mætti æfa viðtöl við vini eða ættingja. Mikilvægt er að nemendur gleymi ekki að kynna sig og greina frá tilgangi viðtalsins. Aðrir nemendur sem fylgjast með æfingunum geta

komið með góð ráð og leiðbeiningar. Þannig læra allir eitthvað.

Atriði sem hafa mætti í huga:

- Hvernig eru svörin skráð?
- Hver er hlutverkaskiptingin innan viðtalshópsins?
- Hvernig á að kynna niðurstöðurnar í næsta tíma?

Kennarinn gefur nemendum eina viku til að taka viðtölin. Best er að hóparnir sem taka þau séu litlir.

4. kennslustund

Lifandi mannréttindi!

Kynning og umræður um niðurstöður könnunarinnar

Markmið	Að nemendur átti sig á því, þegar þeir kynna niðurstöður könnunar sinnar, hversu misjafnlega fólk metur einstök mannréttindi. Þeir ígrundi hvað þeir lærðu og hvernig og miðli þannig milli sín þekkingu og færni.
Verkefni nemenda	Nemendur kynna og ræða niðurstöður könnunarinnar. Þeir ígrunda allt sem þeir hafa lært.
Gögn	A4-blöð fyrir athugasemdir.
Aðferðir	Hópumræða, bekkjarumræða.

Ábendingar

Umræður (á ensku discussion, það að skiptast á röksemdum, ættað úr latínu discussio) eru sérstakt form munnlegra samskipta tveggja eða fleiri einstaklinga þar sem fjallað er um eitt eða fleiri málefni og hver aðili teflir fram sínum röksemdum. Umræður eiga að fara fram með gagnkvæmri virðingu. Góð umræðuhefð krefst þess að mælendur leyfi öðrum sjónarmiðum og skoðunum en sínum eigin að komast að og hvetji jafnvel til þess, og íhugi þau vandlega í stað þess að hafna þeim fyrir fram. Persónueiginleikar eins og hugarró, stilling og kurteisni koma sér vel fyrir báða aðila. Ákjósanlegast er að umræðurnar leiði til lausnar á vanda eða málamiðlunar sem allir hlutaðeigandi geta sætt sig við.

Í nútímasamfélögum eru umræður kurteislegar, þær eru friðsamleg leið til að leysa deilur, jafna hagsmunaaðrekstra og sætta ólík sjónarmið. Ágreiningsefni eru ekki þögguguð niður heldur leyst. Með því að tileinka sér umræðufærni og þjálfna hana fá nemendur mikilvægt verkfæri til að vinna að og viðhalda friði í samfélaginu.

Lýsing á kennslustund

Nemendur kynna niðurstöður könnunar sinnar um viðhorf til mannréttinda, þekkingu á þeim og framkvæmd þeirra. Ekki verður hægt að kynna allar niðurstöðurnar í einni kennslustund. Í staðinn ætti að skipta bekknum í þrjá hópa sem hver kynnir sameiginlegar niðurstöður. Aðeins er hægt að ræða meginniðurstöður í bekkjarumræðunum, sem verða grundvöllur lokaumræðnanna.

Mælt er með að hver nemandi skrifi hjá sér á blað hvað honum kom mest á óvart, hvað hann var ánægðastur með og hvað angraði hann mest við könnunina.

Ganga ætti þannig frá athugasemdunum að hægt sé að leggja þær fram eða hengja þær upp í skólastofunni.

Hér á landi er enn mikið um mannréttindabrot.

Ég var hissa á hversu margt fólk vildi svara spurningunum.

Fólk veit yfirleitt lítið um einstök atriði mannréttinda.

Mikilvægt er þegar kemur að lokaumræðunum að kennarinn álykti ekki sem svo að nú viti nemendur allt um mannréttindi. Þetta var einungis fyrsta greining á þeim og tilraun til að opna umræðu um þau. Nemendur ættu að vera móttækilegir og fúsir til að halda áfram að velta mannréttindum fyrir sér með gagnrýnum huga. Kennarinn gæti hugsanlega hvatt áhugasama nemendur til að fræðast meira um mannréttindi með því að kynna sér starf Sameinuðu þjóðanna, Evrópuráðsins eða mannréttindasamtaka eins og Amnesty International.

Allar lykilsetningar úr niðurstöðum könnunarinnar skal láta liggja frammi eða hengja upp í skólastofunni og síðan lesa nemendur þær í hljóði. Að því loknu er efnt til umræðna sem skipta má í spurningar og athugasemdir varðandi eftirfarandi:

- lærdómsferlið;
- nýja þekkingu;
- það sem læra mátti af viðtölunum;
- hugmyndir um áframhaldandi vinnu í tengslum við mannréttindi; bekkjarins í heild eða einstaklinga.

Hér er skynsamlegt að allir sem hlut eiga að máli (kennarinn, nemendur og allur skólinn) séu búnir að finna út hvernig halda megj áfram vinnu að þessu málefni í framtíðinni. Mannréttindi hljóta ætíð að höfða til fólks – þau eru ekki eins og hvert annað viðfangsefni sem hægt er að „merkja sem lokið“ á námsefnislistanum.

9. KAFLI MIÐLAR Miðstig grunnskóla

Notkun miðla: Ef ég bara gæti

9.1 Við undirbúum sýningu

Gömul og ný miðlunartæki – hvað finnum við?

9.2 Vald þekkingar og færni!

Nemendur undirbúa kynningar á miðlunarbúnaði

9.3 Þá er það kynningin!

Hópar sérfræðinga sýna tæknilega færni sína

9.4 Við undirbúum fjölmiðlunarverkefni

Hvernig nýtum við færni okkar? Nemendur koma sér saman um viðfangsefni og áætlun

9. kafli: Lykilhugtak – „Miðlar“ (miðstig grunnskóla)**Ítarefni fyrir kennara: nemendur sýna hver öðrum notkun miðlunarbúnaðar**

Eins og fram kom í inngangi þessarar kennsluhandbókar er gert ráð fyrir þrenns konar færni í menntun til lýðræðislegrar borgaravitundar og mannréttindamenntun. Í þessum kafla er fjallað um færni í tengslum við hvers kyns miðla, sem er einn þeirra lykilþátta sem gera fólki fært að vera bæði virkir og óvirkir þátttakendur í borgaralegu samfélagi. Til að ítreka þetta enn frekar er hér aftur gerð grein fyrir þessari þrenns konar færni.

MLB/MRM-færni:

Færni í pólitískri greiningu og mati	Færni í notkun aðferða	Færni í lýðræðislegri ákvarðanatöku og athöfnum
Hæfnin til að greina og ræða pólitíska atburði, vandamál og deiluefni.	Það að tileinka sér færni og hæfni til að finna og meðtaka upplýsingar, að nota samskiptabúnað og samskiptamiðla.	Hæfnin til að meta færni sína (og takmarkanir) til pólitískrar þátttöku og velja viðeigandi leiðir til athafna.

Í öðrum lið töflunnar – „færni í notkun aðferða“ – er miðlafærni lykilþáttur. Í eftirfarandi kafla er megináhersla lögð á hæfnina til að beita fyrirliggjandi miðlum, nýta möguleika þeirra og gera sér grein fyrir takmörkunum þeirra. Í miðlamennt má greina milli færni á fjórum sviðum:

Tæknileg miðlafærni:

- Hæfnin til að fara rétt með miðlana og vita af þeim möguleikum sem þeim tengjast.

Menningarleg miðlafærni:

- Að þekkja „táknmál“ miðlanna og öll listræn og félagsleg tjáningarform þeirra. Færir notendur skilja táknmál miðlanna, skynja og skilja framsetningu þeirra og geta notað þá í öðrum tilgangi.

Félagsleg miðlafærni:

- Færnin til að beita skynsamlega þeim fjölbreyttu samskiptaformum sem bjóðast. Tengsl milli fólks byggjast æ meira á samskiptamiðlum, þar á meðal ýmsum formum „félagslegs hugbúnaðar“.

Færni til að gagnrýna miðla:

- Notandinn getur greint hlutverk og áhrif miðla á gagnrýninn hátt, svo og eigin afstöðu til þeirra hverju sinni.

Öll miðlamennt tekur til þessara fjögurra sviða. MLB/MRM fjallar aðeins um sumar hliðar þessara hugtaka og kemur ekki í stað miðlamenntar. Þegar hugað er að markmiðum og leiðum í miðlamennt eru hugtökin hins vegar nauðsynleg. Þessi kafli er einnig gagnlegur vegna þess að bein tengsl eru milli tæknilegrar miðlafærni kennara og þess hversu mikið hinir ýmsu miðlar eru notaðir í kennslustofunni. Margir kennarar viðurkenna fúslega að þeir viti ekki nákvæmlega hvernig fjalla skuli um og vinna með ólíka miðla og átti sig ekki fullkomlega á þeim möguleikum sem felast í

notkun þeirra í kennslu. Eitt er þó ljóst: því öruggari sem kennurum finnst þeir vera í meðferð alls kyns miðla, þeim mun oftara nota þeir þá í kennslu sinni.

Í þessum kafla er bæði hugað að hagnýtri miðlafærni kennara og nemenda. Það er ekki fyrr en þeim þætti hafa verið gerð skil að kastljósinu er beint að notkun miðla og vali á tilteknu viðfangsefni.

Markmiðið með menntun til lýðræðislegrar borgaravitundar er að stuðla að færni á þremur sviðum. Í þessum kafla er lögð áhersla á færni í eftirfarandi atriðum:

Færni í ...		
... pólitískri greiningu og mati	... notkun aðferða	... lýðræðislegri ákvarðanatöku og athöfnum
**	*	***

Verkfæri

Í þessum kafla verða eftirfarandi verkfæri úr verkfærasafni nemenda notuð. Kennarinn verður að skera úr um hvort einhverjir nemendur, eða jafnvel allir, þurfi á meiri undirbúningi að halda til að geta nýtt sér þessi verkfæri.

- x Notkun í bókasafna
- x Leit á netinu
- 0 Viðtöl og kannanir
- 0 Túlkun mynda
- x Hugarkort
- x Veggspjaldagerð
- x Sýningahald
- x Undirbúningur og flutningur kynninga
- 0 Gerð glæra eða PowerPoint-kynninga
- 0 Ritun blaðagreina
- 0 Uppsetning leikþátta
- 0 Rökræður

9. KAFLI: Miðlar**Notkun miðla: Ef ég bara gæti!****Nemendur sýna hver öðrum notkun miðlunarbúnaðar**

Viðfangsefni	Markmið	Verkefni nemenda	Gögn	Aðferð
1. kennslust.: Við undirbúum sýningu.	Að nemendur átti sig á að mikilvægt er að skilja tæknilega eiginleika miðlunarbúnaðar og að verja nauðsynlegum tíma til þess. Þeir undirbúi sýningu á eigin búnaði og búnaði skólans.	Nemendur taka fyrir tæki sem þeir þekkja ekki og reyna að lýsa því og virkni þess. Þeir safna saman og lýsa ýmsum tækjum og undirbúa sýningu bekkjarins.	Miðlunartæki (t.d. myndavél o.s.frv.), dreifiblað.	Samræður, hópvinna, heimavinna.
2. kennslust.: Vald þekkingar og færni.	Að nemendur átti sig á fjölbreytni eða þeim takmarkaða fjölda miðlunartækja sem þeir geta notað. Kennarinn leggi fram ítarefni um miðla og notkun þeirra.	Nemendur undirbúa sýningu á miðlunarbúnaði í skólastofunni og öðlast aukinn skilning á því hvernig eitt tiltekið miðlunartæki virkar.	Miðlunartæki í einkaeign, tæki skólans, bakgrunns efni kennara fyrir 9. kafla, 1 og 2, dreifiblað.	Fer eftir þeirri tilhögun sem kennarinn velur.
3. kennslust.: Þá er það kynningin!	Að nemendur verði tæknilegir sérfræðingar í miðlunartækinu sem þeir hafa valið. Þeir læri að kynna upplýsingar sem þeir hafa aflað sér.	Nemendur teljast nú vera sérfræðingar í miðlunartækjunum sem þeir völdu og útbúa kynningar á þeim í hópvinnu.	Miðlunartæki, búnaður til að útbúa kynningar.	Hópkynningar.
4. kennslust.: Við undirbúum gerð fjölmíðlunartækis.	Að þeirri tæknilegu fjölmíðlafærni sem nemendur hafa tileinkað sér verði beitt. Nemendur velji sér viðfangsefni og ákveði einnig hvaða miðlunartæki skuli nota.	Með því að nota lýðræðislegt ferli með þátttöku sem flestra (í litlum hópum og bekkjarumræðu) ákveður bekkurinn viðfangsefnið og hvaða miðlunartæki skuli notuð.	„Hugarkortið“ úr verkfærasafninu Dreifiblað: kynningarspjöld með stuttri lýsingu á miðlunartækjunum.	Hópvinna, ákvarðanatöku í bekkjarumræðum.

1. kennslustund

Við undirbúum sýningu

Gömul og ný miðlunartæki – hvað finnum við?


Markmið	Að nemendur átti sig á að mikilvægt er að skilja tæknilega eiginleika miðlunarbúnaðar og að verja nauðsynlegum tíma til þess. Þeir undirbúi sýningu á eigin búnaði og búnaði skólans.
Verkefni nemenda	Nemendur taka fyrir tæki sem þeir þekkja ekki og reyna að lýsa því og virkni þess. Þeir safna saman og lýsa ýmsum tækjum og undirbúa sýningu bekkjarins.
Gögn	Miðlunartæki (t.d. myndavél o.s.frv.), dreifiblað.
Aðferðir	Samræður, hópvinna, heimavinna.

Lýsing á kennslustund

Til að gera nemendum grein fyrir viðfangsefninu ætti kennarinn að koma með miðlunartæki í skólann, svo sem myndavél, skyggusýningarvél, myndbandstökuvél, farsíma, gamla filmumyndavél, segulbandstæki, myndvarpa o.s.frv. Handbókin með tækinu þarf einnig að vera til reiðu en kennarinn ætti þó ekki að afhenda hana strax.

Þegar kennslustundin hefst liggur tækið á borði í miðri kennslustofunni. Nemendur fá það verkefni að útskýra hvernig myndavélin eða eitthvert annað tæki vinnur, þó að þeir þekki það ekki vel. Þetta gera þeir með því að teikna mynd af myndavélinni (til dæmis) þar sem allir sýnilegir hlutar og hnappar koma fram og eru merktir (eins og sýnt er á myndinni hér fyrir neðan). Mikilvægt er að nemendur teikni einnig þá hluta tækisins sem þeir þekkja ekki eða átta sig ekki á og skrifi á teikninguna til hvers þeir haldi að þessir hlutar séu.

Dæmi um hlut og útfærslu teikningar:

	<p>Skýringar:</p> <p>1: linsa 2: hlutgler 3: óþekkt 4: hylki 5: ... 6: ...</p>
---	--

Því flóknara sem tækið er, þeim mun erfiðara verður að leysa þetta verkefni. Nemendur eiga ekki að óttast þetta. Hér er ekkert rétt eða rangt. Þeir verða að átta sig á því að margir ólíkir möguleikar felast í tæki sem þessu og það getur verið gott að kynna sér þá.

Tilbrigði:

Hægt er að afrita teikninguna með skýringunum yfir á glæru til að sýna öllum. Kennarinn afhendir síðan hópi nemenda handbókina með tækinu (einnig gæti hann verið búinn að því daginn áður, án þess að láta aðra í bekknum vita). Misjafnt er eftir tækjum hvort hægt er að lýsa allri virkni þeirra og kynna sér hana í þaula. Það skiptir ekki máli þegar hér er komið sögu því að þetta er aðeins inngangur.

Þessu næst útskýrir kennarinn markmið og ferli kaflans í heild:

- Að skipuleggja sýningu á miðlunartækjum af heimilum nemenda og úr skólanum (2. kennslustund).
- Að kynnast einu þessara tækja og virkni þess og möguleikum og kynna það fyrir öðrum í bekknum (3. kennslustund – og fleiri kennslustundir, allt eftir fjölda tækja).
- Þegar nemendur hafa áttað sig á tækjunum kemur bekkurinn sér saman um gerð fjölmiðlunarefnis (kvikmynd, hljóðefni, ljósmyndasýningu o.s.frv.) og setur upp grófan tímaramma (4. kennslustund).

Í lok tímans safnar kennarinn saman öllum hugmyndum nemenda og gefur þeim skýrar leiðbeiningar um uppstillingu tækjanna í skólastofunni. Hann afhendir nemendum eyðublöðin fyrir lýsingu tækjanna (dreifiblað).

Athugasemd: tæki í eigu skólans ættu einnig að vera á sýningunni. Nemendur sem ekki hafa komið með tæki eða hafa tíma aflögu geta útbúið lýsingar á tækjum skólans og komið með þær á sýninguna.

2. kennslustund

Vald þekkingar og færni!

Nemendur undirbúa kynningar á miðlunartækjum

Markmið	Að nemendur átti sig á fjölbreytni eða þeim takmarkaða fjölda miðlunartækja sem þeir geta notað. Kennarinn leggi fram ítarefni um miðla og notkun þeirra.
Verkefni nemenda	Nemendur undirbúa sýningu á miðlunarbúnaði í skólastofunni og öðlast aukinn skilning á því hvernig eitt tiltekið miðlunartæki virkar.
Gögn	Miðlunartæki í einkaeign, tæki skólans, bakgrunnsefni kennara fyrir 9. kafla, 1 og 2, dreifiblað.
Aðferðir	Fer eftir þeirri tilhögun sem kennarinn velur.

Lýsing á kennslustund

Í lok fyrstu kennslustundar tekur kennarinn (eða hópur nemenda) til borð þar sem sýningartækjunum verður komið fyrir. Ef hægt er að læsa skólastofunni tryggilega geta nemendur komið fyrr með tæki sín og leyft sýningunni að stækka smám saman. Kennarinn þarf að fylgjast með því þegar nemendur safna saman tækjunum og svara spurningum sem kunna að vakna. Einnig ætti að láta foreldra vita hvers vegna nemendur þurfa að taka tækin með sér í skólann.

2. Þegar sýningin er tilbúin og hlutum hefur verið haganlega komið fyrir getur kennarinn tilnefnt „sýningarstjóra“ – nemendur sem bera ábyrgð á sýningunni og geta veitt bekkjarsystkinum sínum stuðning. Að sjálfsögðu verða nemendur að vera varkárir í meðhöndlun tækjanna á þessu stigi.

3. Nemendur gera lista, með hjálp kennarans ef með þarf, þar sem skráð er hvaða hópar fjalla um hvaða tæki. Tímasetning kynningarinnar þarf einnig að koma fram á listanum. Það fer eftir stærð bekkjarins og hversu mörg tæki hafa verið valin, hugsanlega þarf fleiri en eina kennslustund fyrir kynningarnar (sjá dreifiblað).

Listann ætti að hengja upp þar sem allir geta séð hann – þannig styður hann einnig sjálfstýrt nám.

Listinn gæti verið í líkingu við eftirfarandi dæmi:

Miðlunartæki	Í hópnum eru	Dag- og tímasetning kynningar og lengd hennar
Myndbandstökuvél	Tómas, María, Sigríður, Magnús	Miðvikudaginn 14. febrúar kl. 09:00; 20 mínútur
Stafræn myndavél	Lena, Elísa, Soffía, Jón	Miðvikudaginn 14. febrúar kl. 09:20; 20 mínútur
...		

Sem viðbót við þessa kennslustund getur kennarinn undirbúið stuttan fyrirlestur sem hann flytur eftir kynningarnar (u.þ.b. tíu mínútur). Tvennt kemur til greina (en kennarar geta einnig valið annað efni):

Miðlar í lýðræði. Markmiðið er að gera nemendum ljóst hvaða hlutverki miðlar gegna í samfélagi okkar. Fyrir nemendur á miðstigi geta þetta verið grunnupplýsingar sem hjálpa þeim að dýpka skilning sinn smám saman; sjá bakgrunnsefni kennara fyrir 9. kafla, 9.1.

Glíman við sjónvarpið. Kennarinn getur einnig haldið fyrirlestur um „glímuna við sjónvarpið“ ef það hentar betur hugmyndum hans um kennsluhætti; sjá bakgrunnsefni kennara 9.2. Fyrirlestrarnir þarfnast ekki nánari umræðna, heldur er þeim ætlað að auka smám saman við þekkingu nemenda á þessu sviði. Eins og oft vill verða þegar þekkingu er miðlað er hugsanlegt að nemendur skilji ekki allt út í hörgul. Það er eðlilegt þegar aðstæður eru flóknar og kennarinn verður að finna út til hvers hægt er að ætlast af nemendum.

3. kennslustund

Þá er það kynningin!

Hópar nemenda sýna tæknilega miðlunarfærni sína

Markmið	Að nemendur verði tæknilegir sérfræðingar í miðlunartækinu sem þeir hafa valið. Þeir læri að kynna upplýsingar sem þeir hafa aflað sér.
Verkefni nemenda	Nemendur teljast nú vera sérfræðingar í miðlunartækjunum sem þeir völdu og útbúa kynningar á þeim í hópvinnu.
Gögn	Miðlunartæki, búnaður til að útbúa kynningar.
Aðferð	Hóp kynningar.

Lýsing á kennslustund

Nemendur undirbúa þessa kennslustund (eða kennslustundir, eftir því hversu margar kynningarnar eru). Kynningarnar verða aðalviðfangsefnið. Hlutverk kennarans verður fyrst og fremst að fylgjast með hópunum á undirbúningsstiginu. Það fer eftir færni nemenda við að koma upplýsingum til skila en þetta verkefni getur reynst töluvert flókið.

Nemendur þurfa að íhuga vandlega hvernig þeir hyggjast koma öllu efninu til skila í kynningunum. Í verkfærasafni nemenda má finna ýmislegt sem komið getur að gagni við þetta, svo sem leiðbeiningar um:

- veggspjaldagerð;
- gerð glæra;
- undirbúning og flutning kynninga.

Sumir hópar vilja ef til vill æfa kynningar sínar. Það getur veitt nemendum visst öryggi að fá að sýna kennaranum eða bekkjarfélögum kynningar sínar fyrir fram og fá viðbrögð. Þetta getur líka styrkt þá í verkefnum af þessu tagi í framtíðinni. Þetta er þýðingarmikið út frá sjónarhóli MLB/MRM því eitt mikilvægasta atriðið í beitingu lýðræðislegra aðferða er að geta komið upplýsingum og skoðunum á framfæri á óþvingaðan og sannfærandi hátt.

4. kennslustund

Við undirbúum gerð fjölmiðlunarefnis

Hvernig nýtum við færni okkar? Nemendur koma sér saman um viðfangsefni og áætlun

Markmið	Að þeirri tæknilegu fjölmiðlafærni sem nemendur hafa tileinkað sér verði beitt. Nemendur velji sér viðfangsefni og ákveði einnig hvaða miðlunartæki skuli nota.
Verkefni nemenda	Með því að nota lýðræðislegt ferli með þátttöku sem flestra, í litlum hópum og bekkjarumræðu, ákveður bekkurinn viðfangsefnið og hvaða miðlunartæki skuli notuð.
Gögn	„Hugarkort“ (í verkfærasafninu). Dreifiblað: kynningarspjöld með stuttri lýsingu á miðlunartækjunum.
Aðferðir	Hópvinna, ákvarðanatáka í bekkjarumræðum.

Lýsing á kennslustund

Í samráði við kennarann velja nemendur sér viðfangsefni og notfæra sér upplýsingarnar sem þeir hafa safnað um notkun miðlunartækja. Efnið gæti tengst einhverju sviði MLB/MRM – til dæmis gætu nemendur ákveðið að skrá alla leikvelli í hverfinu eða bænum og allt það sem þar vantar. Þeir geta síðan sent þessar upplýsingar til þar til bærra stjórnvalda eða fengið þær birtar í bæjar- eða héraðsfréttamiðli. Einnig mætti fylgjast með byggingarsvæði í tiltekinn tíma (nota bæði myndir og hljóð) og taka saman áhugaverða skýrslu.

Þegar viðfangsefnið hefur verið valið þurfa nemendur einnig að ákveða hvers konar miðlunartæki skuli nota til að skrásetja upplýsingarnar.

Kennarinn leggur fram áætlun um val á viðfangsefni sem allir geta verið sáttir við og fjallað verður um með því að nota miðlunartæki. Ef kennarinn vill hafa valið opið getur hann safnað öllum hugmyndum nemenda saman á lista. Hugmyndavinnan gæti farið fram í litlum hópum sem síðan kynntu hugmyndirnar í bekkjarumræðu. Sameiginlegur listi yrði síðan skrifaður á flettistöflu.

Leit að viðfangsefni sem allir eru sáttir við er flókin en getur verið góð leið til að læra að miðla málum. Kennarinn ætti einnig að leggja mat á þá færni.

Þessu næst á nemendahópurinn að leggja drög að hugmyndum og nota til þess hugarkortsverkfær- ið úr verkfærasafninu. Hugmyndirnar verða reifaðar í tímanum. Ef nemendur eru að nota hugar- kort í fyrsta skipti ætti kennarinn að lýsa notkun þeirra og gæti jafnvel tekið dæmi á töflunni, t.d. eftirfarandi:

- Skrifðu heiti viðfangsefnisins í miðjuna á blaðinu og teiknið hring utan um það. Gætið þess að nota nógu stórt blað.
- Teiknið nokkrar breiðar línur út frá hringnum. Skrifðu á hverja línu heiti eins efnis sem tengist aðalviðfangsefninu í miðjunni.
- Út frá breiðu línunum er hægt að teikna nokkrar í viðbót, mjórri sem tákna undirflokkar eða spurningar sem tengjast efninu á breiðu línunni.

- Reynið að finna eins mörg ólík orð eða hugtök og þið getið og setja þau í viðeigandi flokka. Hægt er að nota mismunandi leturstærðir, tákni og liti.

Sömu hóparnir (eða ef til vill allur bekkurinn) íhuga síðan hvaða miðlunartæki væri best að nota (sjá dreifiblað: kynningarspjöld með stuttri lýsingu á miðlunartækjunum).

Ef unnið var að tillögunum í hópvinnu þarf að safna niðurstöðunum saman.

Í bekkjarumræðu þarf aftur að fjalla um spurninguna um ábyrgð:

- Hvers konar ábyrgð ber sá sem tekur upp myndir og hljóð?
- Hvað merkir vernd persónulegra réttinda einstaklings?
- Hverja þurfum við að spyrja eða upplýsa?

9. kafli ætti að enda á þessum áfanga. Framkvæmd viðfangsefnisins sem er valið verður liður í kennslu þeirrar námsgreinar sem það fellur undir.

Bakgrunnsefni fyrir kennara

9. kafli – dreifiblað kennara 1: miðlar í lýðræði

Í lýðræðissamfélagi eru fjölmiðlarnir á bandi fólksins og sannleikans. Staðreyndir eru settar fram á hlutlægan hátt og frá öllum hliðum. Skoðanir og dómar eru greinilega auðkenndir (til dæmis með skýrri aðgreiningu efnis og athugasemda), svo og upplýsingar sem ekki er hægt að sannreyna eða aðeins má telja líklegt að séu réttar.

Þar að auki eru fjölmiðlar af ýmsu tagi. Því getur þurft upplýsingar úr fleiri en einum miðli til að gefa heildarmynd og fyrir kemur að þeir leiðrétti hver annan. Fjölmiðlanotandinn þarf því að vera fær um að afla sér traustra upplýsinga til að byggja á skoðanir sínar.

Í einræðissamfélagi eru fjölmiðlarnir hins vegar á bandi einvaldsins eða þeirra fáu sem fara með völdin. Fjölmiðlarnir styðja valdablokk og stjórnmalastefnu þess eða þeirra sem ráða með því að beita áróðurstækni, eins og því að sleppa upplýsingum, falsa upplýsingar eða hlaða þær tilfinningum o.s.frv.

Einnig má líta svo á að greining á fjölmiðlum geti gefið til kynna hvort um lýðræði er að ræða eða ekki. Skoðanafrelsi og frelsi fjölmiðla er sérlega mikilvægt í lýðræði: án þess er ekkert lýðræði og þá njóta menn ekki fullra mannréttinda. Þar að auki má rekja til fjölmiðla mörg dæmi um sigra á sviði mannréttinda í gegnum tíðina. Oftar en einu sinni hafa fréttir í fjölmiðlum, sjónvarpsviðtöl eða önnur sjónræn skilaboð leitt til lausnar fólks sem setið hefur í fangelsi fyrir pólitískar skoðanir sínar; og oftar en einu sinni hefur fólk sent SMS-skilaboð úr farsímum sínum til að vara aðra við yfirvofandi hættu.

Þess vegna er það alvarleg viðvörðun þegar fjölmiðlar taka að steypast í sama mót í lýðræðissamfélagi. Þetta lýsir sér yfirleitt í því að allir fjölmiðlar segja frá atviki með sama hætti, jafnvel þó að líklegt megi telja að á því séu skiptar skoðanir og mismunandi mat sé lagt á það.

Stundum er þó hægt að afla hlutlægra og réttra upplýsinga fyrir tilstilli fáeinna gagnrýninna einstaklinga sem mótmæla opinberlega og fyrir kemur að slík samþjöppun fjölmiðla eða tilhneiging til einsleitni sé afhjúpuð. Meirihluti þegnanna getur hins vegar aðeins notað einsleitu fjölmiðlana og alls ekki má vanmeta afleiðingar þess.

Fjölmiðlar bera einnig ábyrgð á upplýsingunum sem þeir dreifa: getur fréttamaður verið viss um að það sem hann greinir frá sé rétt? Er gagnrýni hans réttmæt eða vill hann bara vera fyrstur með „hneykslisfrétt“?

Í notkun miðla felst einnig beiting valds. Hver sá sem tekur upp mynd- eða hljóðefni og birtir það opinberlega þarf að gera það af ríkri ábyrgðartilfinningu og verður að átta sig á lýðræðislegu hlutverki sínu.

Bakgrunnsefni fyrir kennara

9. kafli: dreifiblað kennara 2: glíman við sjónvarpið

1. Hvers vegna eru börn svona heilluð af sjónvarpi?

Sjónvarpið býður upp á stöðuga tilbreytingu, slökun og ævintýri. Þegar ýtt er á einn takka er heimurinn allur – hvort sem það er raunheimur eða ímyndaður – innan seilingar og það án minnstu fyrirhafnar, líkamlegrar eða andlegrar. Fjarstýringin og sægur þátta gera manni kleift að skipta eldsnöggð úr einum æsilegum atburðinum yfir í annan. Börn samsama sig gjarnan persónum og frægðarfólki úr sjónvarpsþáttum; þau nota sjónvarp til upplýsingar og þau nota það þegar þau hafa ekkert betra að gera.

2. Hversu miklum tíma á dag eyða börn fyrir framan sjónvarpið?

Í Vestur-Evrópu er meðalsjónvarpsáhorf barna á aldrinum þriggja til þrettán ára níutíu mínútur á dag. Reyndar eru það aðeins 60% barna sem láta sér detta í hug að slökkva á sjónvarpinu. Sjónvarpið er líka oft í gangi meðan börnin eru að gera eitthvað annað. Foreldrar þurfa að setja einhverjar reglur um sjónvarpsáhorf og ættu einnig að reyna að fá börn sín til að íhuga betur hvað það er sem þau horfa á. Yfirleitt er mælt með því að sjónvarpið sé ekki stöðugt í gangi og að börn horfi eingöngu á þætti sem henta aldri þeirra og eru um leið skemmtilegir og áhugaverðir.

3. Horfa mörg börn allt of mikið á sjónvarp?

Svokallaðir „sjónvarpssjúklingar“ eyða meiri tíma fyrir framan sjónvarpið en við aðrar athafnir, s.s. skóla, leiki, samveru með vinum sínum o.s.frv. Hins vegar falla mjög fá börn í þennan flokk. Það þarf ekki að vera vandamál þó að barn horfi meira á sjónvarp einn daginn en annan. Hins vegar verður það vandamál þegar áhorfið verður stjórnlaust eða þegar eitthvað fer úrskaiðis í fjölskyldunni eða hjá barninu. Í slíkum tilvikum getur sjónvarpið orðið leið til að flýja raunveruleikann.

4. Hvað vilja börnin horfa á eftir aldri?

Lítil börn vilja yfirleitt horfa á þætti sem þau geta lært eitthvað af og einnig teiknimyndir byggðar á ævintýrum. Í kringum sex ára aldur fara börn að fá áhuga á hlutverkum kynjanna. Þá horfa drengir gjarnan á spennumyndir þar sem þeir geta samsamað sig karlhetjum; stúlkur hneigjast að skemmtiþáttum og tónlistarþáttum svo og þáttum þar sem fjölskyldur og dýr eru í áberandi hlutverkum. Í kringum tólf ára aldur vaknar áhugi á tónlistarmyndböndum með nýjustu smellunum og framhaldsþáttum um unglunga og ástamál. Nær öll börn horfa á slíka þætti en á þessu skeiði fara þau einnig að horfa meira á efni ætlað fullorðnum. Hér þurfa foreldrar að gæta þess að kynna sér efni þátta fyrir fram svo að forðast megi þá sem ekki henta börnum.

5. Hver eru áhrif sjónvarpsins?

Sjónvarp getur haft slökunaráhrif en það getur líka valdið börnum ugg og æst þau upp. Þetta stafar af því að myndir breytast ört og hljóð eru oft hávæx, einkum í teiknimyndum og spennuþáttum.

Sumir þættir gefa hugmyndir um það hvernig raunheimurinn lítur út og það sem þar fer fram. Þá hefur sjónvarp áhrif á tilfinningar barna og þau bregðast við gleði, hræðslu eða árásarhneigð á sama hátt og fullorðnir. Einhæfni getur verið vandamál og því er ráðlegt að hindra að börn horfi aðeins á þætti af einni tiltekinni tegund.

6. Hvaða fræðsluþættir eru sérstaklega góðir fyrir börn?

Flestar stöðvar eru með sérstaka þætti fyrir börn sem upplýsa þau um heiminn. Sumar stöðvar eru jafnvel með barnafréttir sem eru settar þannig fram að börn eigi auðvelt með að skilja þær. Þá er forðast að birta í fréttum ætluðum fullorðnum, sem sendar eru út um kvöldmatarleytið eða snemma kvölds, myndir sem ekki eru við hæfi barna. Fullorðnir þurfa samt sem áður að vera viðbúnir því að þurfa að útskýra fyrir börnum það sem þau skilja ekki.

7. Hversu mikilvægt er sjónvarpið í samanburði við aðra miðla?

Meðal ungra barna er sjónvarp sá miðill sem mest er notaður. Með tímanum vex notkun ýmissa annarra miðla (geisladiska, MP3, tónlistarmyndbanda og netsins), en sjónvarpsskjárin er áfram meginuppspretta upplýsinga og umræðu.

Foreldrar ungra barna ættu samt að gæta þess að börnin fái að kynnast margs konar miðlum: sjónvarpi til að njóta fréttu og afþreyingar; útvarpi þar sem hlusta má á tónlist yfir daginn og fá stuttar fréttir; bókum sem örva ímyndunaraflið og málþroskann; og tölvum og netinu sem börnin geta nýtt sér til sjálfstæðs náms og til samskipta við aðra.

8. Hvert er gagnið af sjónvarpi og hvenær reynist það haldlítið?

Börn sem horfa á fjölbreytt sjónvarpsefni (fréttir, spjallþætti, framhaldsþætti o.s.frv.) vita heilmikið um það sem er efst á baugi og hafa á takteinum ýmsar staðreyndir um lífið og tilveruna. Hins vegar kemur sjónvarpið að litlu gagni við lausn vandamála. Þegar maður á í átökum við einhvern, er að íhuga hvernig bregðast skuli við einhverju eða að reyna að leysa erfitt vandamál, gagnast tómar staðreyndir lítið. Þess vegna kemur sjónvarpið aldrei í staðinn fyrir þá menntun sem skólinn eða foreldrar láta í té.

9. Eru fullorðnir fyrirmyndir?

Jafnvel ung börn líkja eftir miðlanotkun fullorðinna. Ef hinir fullorðnu lesa dagblaðið er líklegra að börn þeirra lesi það líka. Ef hinir fullorðnu eyða miklum tíma framan við sjónvarpið er líklegt að börnin geri það líka. Því ættu foreldrar aldrei að kvarta yfir sjónvarpssiðum barna sinna, heldur vera þeim góð fyrirmynd að þessu leyti. Þeir ættu ekki að horfa á hvað sem er heldur vera gagnrýnir áhorfendur.

10. Hvað geta foreldrar gert til að hvetja börn sín til skynsamlegrar sjónvarps- og tölvunotkunar?

Foreldrar ættu ekki að banna sjónvarp, heldur horfa á það með börnum sínum og útskýra fyrir þeim hvers vegna sumt efni er gott en annað ekki. Ekki ætti heldur að nota sjónvarp eða tölvu sem umbun eða refsingu. Mikilvægt er að finna rétt jafnvægi. Börn þurfa að hafa nægan tíma til „raunverulegra“ upplifana – fá að vera með vinum sínum, leika sér, njóta náttúru, borgarlífs og samvista við annað fólk.

Handbók nemenda



I. Dreifiblöð nemenda

II. Verkfærasafn nemenda

I. Dreifiblöð

Inngangur

Kæru nemendur.

Þetta er handbókin ykkar. Á eftirfarandi síðum finnið þið fjölda dreifiblaða sem þið getið notað í kennslustundum eða heima.

Kennarinn útskýrir fyrir ykkur hvenær og hvernig nota skuli dreifiblöðin en þið getið einnig ákveðið sjálf að nota þau ef þið teljið að þau geti komið að gagni.

Sum dreifiblöðin krefjast þess að þið vinnið sjálfstætt. Önnur notið þið í samvinnu við bekkjarfélagið ykkar.

Stundum þurfið þið að klippa eitthvað út úr dreifiblöðunum og einnig getið þið þurft að skrifa eða teikna eitthvað á þau.

Sum verkefni verða auðveld viðfangs. Önnur verða erfiðari og krefjast töluverðrar umhugsunar.

Ef þið þurfið meiri aðstoð getið þið einnig notað verkfærasafnið aftar í bókinni.

Við vonum að þið njótið þessarar vinnu og fáið margar góðar hugmyndir!

Efnisyfirlit

1. kafli: Ég í samfélagi mínu

- Tafla yfir „það sem mér finnst gaman og ekki gaman“
- Sniðmát fyrir skjaldarmerki
- Umræður í þremur áföngum

2. kafli: Heima í Evrópu

- Kort af Evrópu
- Lönd og höfuðborgir í Evrópu
- Fánar Evrópu
- Ár og fljót í Evrópu
- Fjöll og landslag í Evrópu
- Landlýsing

3. kafli: Minnihlutahópar og meirihlutahópar

- Tafla fyrir athugasemdir
- Tölfræðitafla
- Orða- og valdaspjöld

4. kafli: Reglur koma að gagni við lausn á ágreiningi

- Vandamál okkar – vandamál mitt
- Kosningaspjöld

5. kafli: Grundvöllur þess að fólk geti lifað saman

- Réttindi, ábyrgð og reglur í skólanum okkar
- Kosningaspjöld
- Forsendur fyrir góðum reglum

6. kafli: Það er ég sem ræð! Er það?

- Ofurhetja?
- Skýringarmynd af skipan pólitískra fulltrúa
- Upplýsingar um kosningar

7. kafli: Ég vernda umhverfið ... skólinn minn tekur þátt í því!

- Ábyrgð á hverju?
- Hver ber hvers konar ábyrgð?

8. kafli: Réttindi mín – réttindi þín

- Að greina milli „LANGANA“ og „ÞARFA“
- Mannréttindi: listi til að bera saman réttindi og þarfir
- Könnun um mannréttindi

9. kafli: Notkun miðla: Ef ég bara gæti

- Kynningarspjöld með stuttri lýsingu á miðlunartækjum

Dreifiblað fyrir 1. kafla, 1. kennslustund
Tafla yfir „það sem mér finnst gaman og ekki gaman“

Það sem mér finnst gaman að gera, og geri

Kyn: _____


	Mér finnst gaman að gera, og ég geri	Ég geri, en finnst ekki gaman að gera	Mér finnst ekki gaman að gera, og geri ekki	Ég geri ekki, en langar að gera
1				
2				
3				
4				
5				

Það sem mér finnst gaman að gera, og geri

Kyn: _____

	Mér finnst gaman að gera, og ég geri	Ég geri, en finnst ekki gaman að gera	Mér finnst ekki gaman að gera, og geri ekki	Ég geri ekki, en langar að gera
1				
2				
3				
4				
5				

**Dreifiblað fyrir 1. kafla, 2. og 3. kennslustund:
Sniðmát fyrir skjaldarmerki**



**Dreifiblað fyrir 1. kafla, 4. kennslustund:
Umræður í þremur áföngum**

1

Það sem ég get gert ...

2

Það sem kemur til góða í skólanum ...

3

Og utan skólans ...

Dreifiblað fyrir 2. kafla, 1. kennslustund: Kort af Evrópu (stækkið í A3)



- Litið löndin með mismunandi litum.
- Setjið inn heiti landanna og höfuðborga þeirra.
- Hvar eigið þið heima? Merkið það á kortið og skrifið heitið.
- Hvað heita höfin?
- Teiknið helstu árnar inn á kortið.
- Hvað annað viljið þið setja inn á kortið?

Dreifiblað fyrir 2. kafla, 1. kennslustund: Löndin og höfuðborgirnar í Evrópu

Skrifið löndin og höfuðborgirnar í Evrópu inn á auða kortið.



Dreifiblað fyrir 2. kafla, 1. kennslustund: Fánar Evrópu

Finnið hvaða land á auða kortinu á hvaða fána.



Hver er eftirlætisfáninn ykkar?

Dreifiblað fyrir 2. kafla, 1. kennslustund: Ár og fljót í Evrópu

Finnið þessar ár á kortinu hér fyrir neðan og setjið þær inn á Evrópukortið.


Dóná	Volga
Rín	Óder
Pó	Leira (Loire)
Dnépr	Signa
Rón	Visla
Elbe	Ebró
Úral	Tíber
Shannon	Thames
Tajo (Tagus)	Don



**Dreifiblað fyrir 2. kafla, 1. kennslustund:
Fjöll og landslag í Evrópu**

Finnið eftirtalin fjöll á kortinu hér fyrir neðan og skrifið heiti þeirra á Evrópukortið.

Alpafjöll
Kjölurinn
Karpatafjöll
Úralfjöll
Pýreneafjöll
Appennínafjöll
Balkanfjöll
Dínaralpar
Kákasusfjöll
Mesetahásléttan



Dreifiblað fyrir 2. kafla, 2. og 3. kennslustund: Landlýsing

Landlýsing

Landið okkar heitir:

Fáninn okkar lítur svona út:



Höfuðborgin heitir:

Svona er landið okkar í laginu:

Í landinu okkar eru um

_____ íbúar

Tungumálið sem er talað heitir:

Þekktir réttir í landinu okkar:

Stærstu árnar, vötnin og fjöllin heita:

Svona segir fólk:

Sæl(l)

Bless

Landið okkar er frægt fyrir:






Hvað segirðu gott?

Ég heiti

Dreifiblað fyrir 3. kafla, 3. kennslustund: Tölfræðiblað

100														
98														
96														
94														
92														
90														
88														
86														
84														
82														
80														
78														
76														
74														
72														
70														
68														
66														
64														
62														
60														
58														
56														
54														
52														
50														
48														
46														
44														
42														
40														
38														
36														
34														
32														
30														
28														
26														
24														
22														
20														
18														
16														
14														
12														
10														
8														
6														
4														
2														
0														
Athafnir	♀	♂	♀	♂	♀	♂	♀	♂	♀	♂	♀	♂	♀	♂
	_____		_____		_____		_____		_____		_____		_____	

**Dreifiblað fyrir 3. kafla, 4. kennslustund:
Orða- og valdaspjöld**

Orðaspjöld	Valdaspjöld
<p>Pönkarar</p>	
<p>Eldri borgarar</p>	
<p>Brettafólk</p>	
<p>Stjórnmálamenn</p>	
<p>Prestar</p>	

**Dreifiblað fyrir 4. kafla, 1. kennslustund:
Vandamál okkar – vandamál mitt**

Sameiginleg og einstaklingsbundin vandamál eða ágreiningur


<p>Sameiginlegt vandamál/ágreiningur snertir alla nemendur í bekknum. Lausn á sameiginlegu vandamáli/ágreiningi getur haft mismunandi afleiðingar fyrir ólíka nemendur.</p> <p>Dæmi:</p> <p>Stundum er of mikill hávaði í skólastofunni.</p>	<p>Einstaklingsbundið vandamál/ágreiningur snertir aðeins einn nemanda í bekknum. Lausn á slíku vandamáli ætti líka aðeins að snerta þennan eina nemanda.</p> <p>Dæmi:</p> <p>Stundum verð ég svangur/svöng í kennslustund.</p>
--	---

Finnið fleiri dæmi:	

**Dreifiblað fyrir 4. kafla, 3. kennslustund:
Kosningaspjöld**

1	2	3	4	5
1	2	3	4	5
1	2	3	4	5
1	2	3	4	5

**Dreifiblað fyrir 5. kafla, 3. kennslustund:
Kosningaspjöld**

Samþykki	Hafna	Sit hjá
		
		
		

**Dreifiblað fyrir 6. kafla, 1. kennslustund:
Ofurhetja?**

Ofurhetja?


Skrifaðu niður það sem bekkjarformaður þarf að geta gert og hverju hann eða hún ætti að bera ábyrgð á. Verður bekkjarformaðurinn ofurhetja? Veltu þessu fyrir þér.



Dreifiblað fyrir 6. kafla, 2. kennslustund: Skýringarmynd af skipan pólitískra fulltrúa

Skrifaðu eftirfarandi orð á rétta staði:

Þjóðþing	Þjóð	Ríkisstjórn
----------	------	-------------



**Dreifiblað fyrir 6. kafla, 3. kennslustund:
Upplýsingar um kosningar**

Spyrjið foreldra ykkar eftirfarandi spurninga um kosningar. Skrifðið niður svörin.
Hvenær kaustu síðast í kosningum?

Hvers konar kosningar voru það?

Hvar fóru þær fram?

Hvernig fóru þær fram?

Spyrjið foreldra ykkar eftirfarandi spurninga um kosningar. Skrifðið niður svörin.
Hvenær kaustu síðast í kosningum?

Hvers konar kosningar voru það?

Hvar fóru þær fram?

Hvernig fóru þær fram?

**Dreifiblað fyrir 7. kafla, 1. kennslustund:
Ábyrgð á hverju?**

Ég ber ábyrgð á ...

... hundinum mínum	... kettinum mínum
... fiskinum mínum	... barni
... starfi	... hópi fólks
... fjölskyldu	... stöðuvatni
... neysluvatninu	... mat
... sjálfum/sjálfri mér	... skólalóðinni
...	...
...	...
...	...

Dreifiblað fyrir 7. kafla, 4. kennslustund: Hver ber hvers konar ábyrgð?

Að axla ábyrgð, að deila ábyrgð		
Dæmi: umhverfisvernd		
Staður/aðstæður	Hvers konar ábyrgð ber þessi einstaklingur?	
Bekkur	Kennari	Nemandi
Skóli	Yfirkennari	Kennari/nemandi
Ríki	Þjóðhöfðingi	Þjóð
?		

Dreifiblað fyrir 8. kafla, 1. kennslustund: Að greina milli „LANGANA“ og „ÞARFA“

- Hver hópur velur tíu myndir úr safninu öllu. Fimm þeirra þurfa að falla í flokkinn „LANGANIR“ og fimm í flokkinn „ÞARFIR“. Ef tveir eða fleiri hópar vilja sömu mynd þarf að reyna að miðla málum.
- Ræðið um val ykkar:
 - Hvers vegna skiptir þetta máli fyrir mig?
 - Hvað þýddi það ef ég hefði þetta ekki?
 - Hvað langar mig til að hafa eða öðlast seinna á ævinni?
 - Hvaða þýðingu hefur þetta fyrir mig sem stelpu/strák?
- Raðið myndunum tíu í röð eftir mikilvægi og útskýrið hvers vegna þið hafið valið þær í þessari röð. Getið þið komist að niðurstöðu sem allir í hópnum eru sáttir við?
- Tveir í hópnum halda snúrunni með myndunum uppi og einn útskýrir valið.
- Útskýrið aðeins fyrsta og síðasta valið. Reynið að útskýra með eigin orðum muninn á „LÖNGUNUM“ og „ÞÖRFUM“. Getið þið fundið „skilgreiningu“ á hvoru tveggja?

Dreifiblað fyrir 8. kafla, 2. kennslustund: Mannréttindi: listi til að bera saman réttindi og þarfir

Listi yfir grundvallarréttindi	„ÞARFIRNAR“ sem við höfum skilgreint	Hvaða grein í upprunalegu mannréttindayfirlýsingunni tilheyrir þetta?
Réttur til að lifa, vera til		
Réttur til vinnu		
Eignarréttur		
Málfrelsi		
Réttur til að lifa við öryggi		
Réttur til verndar gegn ofbeldi		
Réttur á vernd laganna		
Réttur til að vera ekki handtekinn nema ástæða sé til að ætla að afbrot hafi verið framið		
Réttur til sanngjarnrar málsmeðferðar		
Réttur til að vera álitinn saklaus, jafnvel ef maður er handtekinn, þar til sök telst vera sönnuð með réttlátri málsmeðferð		
Réttur til að vera ríkisborgari lands		
Kosningaréttur		
Réttur til að sækja um hæli ef einstaklingur sætir illri meðferð í heimalandi sínu		
Hugsanafrelsi		
Trúfrelsi		
Réttur til friðsamlegra mótmæla gegn stjórnvöldum eða hópi		
Réttur til helstu grunnþarfa (matar, húsnæðis, klæðnaðar o.s.frv.)		
Réttur til menntunar		
Réttur til heilbrigðisþjónustu (læknisþjónustu)		
Réttur allra sem komnir eru á leyfilegan aldur til að ganga í hjónaband, óháð kynþætti, trúarbrögðum eða kynhneigð		

Dreifiblað fyrir 8. kafla, 3. kennslustund: Könnun um mannréttindi

Einstaklingur sem talað var við (nafn, aldur, kyn, starfsstétt, dagsetning og staður viðtals):

Í hópnum eru:

1.

Finnst þér mikilvægt að mannréttindi hafi verið staðfest um allan heim. Ef svo er, hvers vegna? Ef ekki, af hverju?

2.

Hvaða réttindi er mikilvægast að verja alls staðar í heiminum? Hverjir bera ábyrgð á að það sé gert?

3.

Hvaða réttindi er mikilvægast að verja hér á landi? Hverjir bera ábyrgð á að það sé gert?

Aðrar áhugaverðar upplýsingar sem fram komu í viðtalinu:

**Dreifiblað fyrir 9. kafla, 1. kennslustund:
Kynningarspjöld með stuttri lýsingu á miðlunartækjunum
(til að klippa út og brjóta síðan saman í miðjunni)**

Nafn eiganda: Nafn nemanda/nemendahópsins: Tegund tækis: Hlutverk eða not: Framleiðsluár: Annað:

Nafn eiganda: Nafn nemanda/nemendahópsins: Tegund tækis: Hlutverk eða not: Framleiðsluár: Annað:

II. Verkfærasafn nemenda

Inngangur

Kæru nemendur.

Þetta er verkfærasafnið ykkar. Á eftirfarandi síðum finnið þið fjölda verkfæra sem þið getið notað í skólanum eða heima. Hvað er verkfæri? Þið vitið öll að hamar, skrúfjárn og skæri eru verkfæri. Í námi er verkfæri aðferð sem bætir árangur í námi. Þannig að ef þið vitið hvernig á að leita að upplýsingum eða setja þær fram eða undirbúa kynningu eruð þið betur undirbúin fyrir framtíðina.

Kennarinn ykkar útskýrir fyrir ykkur hvenær og hvernig á að nota hvaða verkfæri. En þið getið einnig sjálf skoðað verkfærin hvenær sem þið viljið.

Verkfærin geta hjálpað ykkur við ýmislegt, til dæmis:

- að leita að og safna saman upplýsingum;
- að flokka upplýsingar;
- að vera skapandi í starfi;
- að kynna vinnu ykkar;
- að vinna með öðrum nemendum.

Hvert verkfæri byrjar á nýrri blaðsíðu. Hægt er að lesa sér til um það einn eða með öðrum nemendum.

Hugsanlega þekkið þið þegar til sumra verkfæra. Önnur gætu reynst vera ný og gagnleg fyrir ykkur.

Vonandi njótið þið vinnunnar og hafið gaman af að nota verkfærin í safninu!

Efnisyfirlit

1. Notkun bókasafna
2. Leit á netinu
3. Viðtöl og kannanir
4. Túlkun mynda
5. Hugarkort
6. Veggspjaldagerð
7. Sýningahald
8. Undirbúningur og flutningur kynninga
9. Gerð glæra eða PowerPoint-kynninga
10. Ritun blaðagreina
11. Uppsetning leikþátta
12. Rökræður

1. Notkun bókasafna

Í bókasöfnum getur þú fundið heilmiklar upplýsingar sem þú þarft á að halda við rannsókn á tilteknu viðfangsefni. Til að geta notað þessar upplýsingar þarftu að geta valið úr það sem mestu máli skiptir. Eftirfarandi gátlisti getur hjálpað þér við að finna upplýsingar (rannsaka).

1) Hvet er markmiðið?

- Hvað er ég að búa til? Í hvaða formi á það að vera? Á þetta að vera kynning? Skýrsla? Veggspjald?
- Þú þarft að leita að mismunandi upplýsingum eftir því hvert markmiðið með vinnunni er. Ef búa á til veggspjald þarf að finna myndir sem hægt er að klippa út, ef um skýrslu er að ræða þarf að finna nákvæmar upplýsingar um tiltekið efni.

2) Hvaða upplýsingar vantar mig?

- Skrifaðu niður allt sem þú veist um efnið (hugarkort getur hjálpað til við þetta).
- Skrifaðu niður allt sem þú vildir gjarnan vita um efnið (auðkenndu atriðin á hugarkortinu). Tilgreindu nákvæmlega hvaða atriði viðfangsefnisins þú vilt fræðast um. Það fer eftir því í hvaða formi á að skila verkefninu hvort þú þarft að tilgreina mörg atriði eða einungis fá.

3) Hvernig finn ég upplýsingar og hvernig skipulegg ég þær?

- Farðu í gegnum bækurnar, tímaritin, kvikmyndirnar og aðrar heimildir sem þú hefur fundið á bókasafninu og athugaðu hvort þessi gögn geta svarað spurningum þínum. Gagnlegt getur verið að skoða atriðisorðaskrána eða efnisyfirlitið.
- Skrifaðu á stakan miða heiti bókarinnar og blaðsíðunúmerið þar sem þú fannst upplýsingarnar. Þú getur einnig merkt síðuna með bókamerki eða minnismiða.
- Oft getur verið gott að ljósrita blaðsíðuna. Gleymdu samt ekki að skrifa heiti bókarinnar á ljósritið.
- Skoðaðu myndir í tímaritum. Ljósritaðu þær eða merktu blaðsíðuna með bókamerki.
- Ef þú notar kvikmynd skaltu skoða hana og stöðva hana í hvert sinn sem einhverju áhuga-verðu er lýst.
- Safnaðu efninu saman og settu það í plastmöppu.
- Auðkenndu mikilvægustu upplýsingarnar.
- Skrifaðu á blað mikilvægustu upplýsingarnar um efnið, með eigin orðum.

4) Hvernig set ég upplýsingarnar fram?

Þú getur til dæmis:

- útbúið veggspjald;
- útbúið glærur;
- haldið sýningu;
- skrifað blaðagrein;
- flutt ræðu;
- sýnt myndskaið.

5) Hvernig met ég rannsóknina?

- Lærðir þú eitthvað nýtt?
- Fannstu nægar upplýsingar sem koma að gagni?
- Hvað í rannsókninni gekk vel? Hvað var erfitt?
- Hvað myndir þú gera öðruvísi í næsta skipti?

2. Leit á netinu

Þú getur fundið upplýsingar um allt milli himins og jarðar á netinu en þú þarft að velta fyrir þér hvernig hægt er að leita uppi mikilvægustu og nákvæmstu upplýsingarnar um viðfangsefnið.

1) Að finna upplýsingar

Skrifaðu á blað lykilorð sem tengjast viðfangsefninu. Reyndu að finna út nákvæmlega hvað þú vilt vita um þetta efni.

Dæmi:

- Menntun til lýðræðislegrar borgaravitundar og mannréttindamenntun;
- Evrópuráðið;
- Minnihlutahópar;
- Lýðræði.

Hægt er að tengja saman leitarorð, svo sem „markaðstorg á miðöldum“, með því að hafa þau innan gæsalappa.

- Hvaða klasar orða gefa þér upplýsingarnar sem segja mest um efnið? Skrifðu þá hjá þér á blað.

2) Sannprófun upplýsinga

Þar sem hver sem er hefur aðgang að netinu og getur sett þar inn upplýsingar er mikilvægt að þú sannprófir upplýsingarnar sem þú finnur áður en þú notar þær.

Reyndu að átta þig á eftirfarandi atriðum:

- Er hægt að finna þessar upplýsingar á öðrum síðum á netinu?
- Hver gerði þessar upplýsingar aðgengilegar almenningi?
- Hvaða hag gæti þessi einstaklingur eða stofnun haft af því að gera þessar upplýsingar aðgengilegar öllum?
- Er þetta áreiðanlegur einstaklingur eða stofnun?

Berðu upplýsingarnar af netinu saman við upplýsingar úr öðrum heimildum:

- Getur þú fundið sömu upplýsingar í bók, með því að tala við einhvern eða eru þær í samræmi við þína eigin reynslu?
- Eru upplýsingarnar á netinu uppfærðar, skiljanlegar og rækilegri en það sem þú getur fundið í bók, með því að tala við einhvern eða byggt á eigin athugun?
- Hvaða upplýsingar henta best markmiði þínu?

3) Vistun upplýsinganna

Þegar þú hefur fundið góða netsíðu sem þú vilt fara á síðar eða vilt nota sem heimild í verkefni þínu skaltu útbúa þinn eigin lista yfir vefsvæði:

- Opnaðu sérstakt skjal.
- Auðkenndu veffangið (URL).
- Afritaðu veffangið með því að ýta á CTRL og C samtímis.
- Afritaðu það yfir í skjalið með því að ýta á CTRL og V samtímis.
- Vistaðu skjalið með heitinu „veflisti_efni“, t.d. „veflisti_lýðræði“.

3. Viðtöl og kannanir

Þið getið aflað upplýsinga um efni með því að spyrja fólk hvað það viti um efnið eða um skoðanir þess á því.

Þið getið spurt:

- sérfræðinga – ef þið viljið finna eitthvað sértækt um efnið;
- fólk sem ekki hefur sérþekkingu á efninu en þið viljið gjarnan vita hvað því finnst um það.

Best er að litlir hópar taki viðtöl og geri skoðanakannanir. Þannig er hægt að hjálpast að með spurningarnar og skráningu svaranna.

Farið eftir þessum atriðum á gátlistanum:

- Skriðið niður stutt svar við hverri spurningu.
- Merkið við spurningarnar sem þið hafið ekki svar við.
- Ræðið allar opnar spurningar við bekkinn.

Nauðsynleg skref:

1) Markmiðið

- Hvert er viðfangsefnið? Hvað viljum við vita?
- Í hvaða formi á verkefnið að vera?

2) Undirbúningur

- Við hverja ætti að tala? Hversu margt fólk? Skiptir aldur eða kyn máli?
- Hvernig veljum við rétta fólkið?
- Hvenær ætti viðtalið/skoðanakönnunin að fara fram?
- Hvernig ætti það að fara fram?
- Hvern þarf að láta vita eða hjá hverjum þarf að fá leyfi?
- Hvernig verða svörin skráð (á upptökutæki, skrifuð niður, spurningalistar lagðir fyrir)?

3) Spurningarnar

- Hvaða spurninga eigum við að spyrja?
- Hversu margar geta spurningarnar orðið? Hversu mikinn tíma höfum við?
- Raðið saman spurningunum fyrir könnunina.

4) Fyrirkomulag könnunarinnar/viðtalsins

- Hvernig byrjum við á spurningunum?
- Hver fer með hvaða hlutverk í hópnum (spyr spurninga, skráir svör, setur upptökutækið í gang og slekkur á því)?
- Hvernig ljúkum við viðtalinu?

5) Mat

- Ef þið töluðuð við sérfræðing, íhugið þá hvað var mikilvægast af því sem hann sagði og skrifið það hjá ykkur.
- Ef þið spurðuð margt fólk um sama efni og viljið vita hversu margir gáfu svipuð svör skuluð þið raða svörunum í samræmi við það.

6) Kynningin

Ákveðið hvort kynningin eigi að vera í formi:

- kynningar fyrir bekkinn;
- blaðagreinar;
- veggspjalds;
- í einhverju öðru formi.

4. Túlkun mynda

Rétt eins og í textum eru heilmiklar upplýsingar í myndum. Eftirfarandi ábendingar hjálpa til við að túlka og skilja myndir.

Hvaða upplýsingar veitir myndin?

- Hvaða litir einkenna myndina?
- Hvar eru áberandi form, mynstur eða línur?
- Hvað er stærra eða minna en eðlilegt er?
- Hversu stór er hluturinn/manneskjan í raun og veru?
- Hvaða tímabil (fortíð, nútíð) og hvaða árstíma eða tíma dags sýnir myndin?
- Frá hvaða sjónarhorni sjáið þið myndefnið: með augum frosks, fugls eða manneskju?
- Á hverju getið þið áttað ykkur í myndinni?
- Hvers konar mynd er þetta (ljósmynd, veggspjald, málverk, trérista, grafík, klippimynd, mannamynd, landslagsmynd, skopmynd o.s.frv.)?
- Hvað er ýkt eða lögð áhersla á í myndinni (ljós/skuggi, hlutföll, forgrunnur/bakgrunnur, litbrigði, hreyfing/kyrrstaða, líkamstjáning, svipbrigði)?

Virðið myndina fyrir ykkur

- Hvað er sérstaklega eftirtektarvert við myndina?
- Að hvaða leyti finnst ykkur hún góð?
- Hvað er einkennandi fyrir myndina?
- Hvernig líður ykkur þegar þið horfið á myndina?
- Hvaða hluti myndarinnar er fallegastur?
- Hvaða orð koma upp í hugann þegar þið horfið á myndina?

Ræðið um myndina

- Lýsið myndinni með eigin orðum.
- Segið hvert öðru hvað ykkur finnst vera þýðingarmikið, áberandi eða mikilvægt í myndinni.
- Spyrið hvert annað spurninga um myndina.
- Skiptist á stuttum fyrirmælum, svo sem leitaðu að, finndu, sýndu, útskýrðu ...
- Ræðið spurningar eins og: Hvers vegna voru þessar myndir valdar? Hvaða myndir styðja textann sem þær tilheyra. Hvaða myndir stríða gegn því sem stendur í textanum?

Vinnið með myndirnar

- Veljið mynd og sviðsetjið það sem þið sjáið þar.
- Kynnið einstaklinginn sem þið sjáið á myndinni.
- Breytið myndunum og skrifið athugasemdir við þær.
- Berið myndir frá fyrri tíma saman við myndirnar sem þið eruð með.
- Útskýrið hvað hefði verið erfitt að skilja í textanum ef engar myndir hefðu fylgt honum.
- Setjið inn viðeigandi myndir sem styðja textann.
- Berið myndirnar saman og leggið á þær mat. Eruð þið ánægð með þær? Ef ekki, af hverju?
- Skrifið lýsingu á myndinni.
- Íhugið hvað gerðist rétt áður en myndin var tekin eða máluð/teiknuð.
- Veltið fyrir ykkur hvað myndi gerast ef myndin lifnaði við.
- Setjið nokkrar talbólur með texta inn á myndina.
- Lýsið lyktinni og hljóðunum sem myndin kallar fram í huga ykkar.
- Finnið myndir með svipuðu myndefni.

Túlkið myndina

- Hvaða heiti mynduð þið gefa myndinni?
- Hvar var myndin tekin eða máluð/teiknuð?
- Hvað vildi ljósmyndarinn/listamaðurinn segja með þessari mynd?
- Hvers vegna var myndin tekin eða máluð/teiknuð?

5. Hugarkort


Hugarkort hjálpar ykkur að koma skipulagi á hugsanir ykkar. Það er það sem hugtakið merkir bókstaflega. Hugarkort geta komið að gagni við margs konar aðstæður þegar íhuga þarf tiltekið efni: safna hugmyndum, undirbúa kynningu, undirbúa verkefni o.s.frv.

Leiðbeiningar um gerð hugarkorts

- Skrifðu heiti viðfangsefnisins í miðjuna á blaðinu og teiknið hring utan um það. Gætið þess að nota nógu stórt blað.
- Teiknið nokkrar breiðar línur út frá hringnum. Skrifðu á hverja línu heiti eins efnis sem tengist aðalviðfangsefninu í miðjunni.
- Út frá breiðu línunum er hægt að teikna nokkrar í viðbót, mjórri, sem tákna undirflokkana eða spurningar sem tengjast efninu á breiðu línunni.
- Reynið að finna eins mörg ólík orð eða hugtök og þið getið og setja þau í viðeigandi flokka. Hægt er að nota mismunandi leturstærðir, tákni og liti.

Berið hugarkortið ykkar saman við kort bekkjarfélaganna

- Eftir hverju takið þið?
- Að hvaða leyti eru hugarkortin ykkar lík?
- Að hvaða leyti eru þau ólík?
- Hver eru mikilvægustu hugtökin?
- Er röðun undirflokka rökrétt?
- Er eitthvað mikilvægt sem vantar?
- Hvað mynduð þið gera öðruvísi í næsta skipti?

	
Viðfangsefni:	Dagsetning:

6. Veggspjaldagerð

Með veggspjaldi getið þið gert grein fyrir vinnu ykkar og kynnt hana bekkjarfélögunum. Framsetning veggspjaldsins þarf að vera þannig að það fangi athygli fólks. Það þarf að gera áhorfendur forvitna svo að þeir vilji sjá meira.

Myndið lítinn hóp og veltið fyrir ykkur hvaða þættir eru mikilvægastir í velheppnuðu veggspjaldi og íhugið hvaða atriði þið getið nýtt ykkur.

Ef þið hafið þegar útbúið veggspjaldið ykkar getið þið notað þessi atriði sem gátlista til að meta annað veggspjald.

Gátlisti

Yfirskrift: þarf að vera stutt og vekja áhuga; sýnileg úr fjarlægð.

Skrift eða letur: þarf að vera nógu stórt og læsilegt. Ef þið notið tölvu skuluð þið gæta þess að nota ekki of margar ólíkar leturgerðir. Skriðið stuttar setningar sem eru sýnilegar úr fjarlægð.

Myndir, ljósmyndir, teikningar: þurfa að styðja það sem þið viljið segja og vekja áhuga á veggspjaldinu. Hafið fáar en áhrifamiklar myndir.

Framsetning: hvar eiga yfirskriftin, fyrirsagnirnar, áherslumerkin, rammarnir, ljósmyndirnar eða aðrar myndir að vera? Teiknið drög að veggspjaldinu áður en þið byrjið.

Íhugið uppsetninguna vandlega: veggspjaldið ætti að fylgja sniðinu sem hefur verið ákveðið en það má ekki vera ofhlaðið.

7. Sýningahald

Sýning er góð leið fyrir nemendahópa til að kynna öðrum vinnu sína (bekknum eða boðsgestum) svo að þeir fái hugmynd um það sem hóparnir hafa verið að gera. Eftirfarandi gátlisti getur hjálpað ykkur við að undirbúa og halda sýningu.

Gátlisti

1. Hvað viljum við sýna?

- Hver eru meginskilaboðin sem á að reyna að koma á framfæri með sýningunni?
- Hver ætti yfirskrift sýningarinnar að vera?

2. Hver er markhópurinn?

- Börn og kennarar í skólanum?
- Foreldrar og systkini?
- Viðskiptavinir ferðaskrifstofu?

3. Hvar á að halda sýninguna?

- Í skólastofunni eða annars staðar í skólanum?
- Á opinberum stað (í ráðhúsinu til dæmis)?
- Verður nóg rými og birta?
- Fáum við þau tæki og búnað sem við þurfum á að halda?

4. Hvernig höldum við minnisstæða sýningu?

- Leyfum að líkön og hlutir séu snert?
- Höfum rými fyrir leik, prófun hluta, athuganir, tilraunir?
- Spilum tónlist eða flytjum hana sjálf?
- Bjóðum léttar veitingar?
- Bjóðum leiðsögn um sýninguna?
- Útbúum bækling um sýninguna?
- Efnum til samkeppni eða spurningaleiks?

5. Hverja þarf að láta vita áður?

- Kennara í skólanum?
- Starfsfólk í mötuneyti, ræstingum og þjónustu?
- Skólanefndina?
- Skólastjórnendur?
- Sérfræðinga sem geta aðstoðað okkur?
- Gesti?

6. Hvað þurfum við að gera?

- Búa til gátlista?
- Gera lista yfir efnivið?
- Gera tímaáætlun (hver á að gera hvað og fyrir hvaða tíma)?
- Kanna hversu mikið fé við höfum tiltækt og hversu mikið hefur verið notað?
- Búa til kynningarbækling eða boðskort?
- Láta fjölmiðla vita?

7. Hvernig verður lagt mat á sýninguna?

- Hver eru mikilvægustu viðmiðin?
- Hverjir eiga að meta sýninguna (kennarar, bekkjarfélagar, gestir)?

8. Undirbúningur og flutningur kynninga

Þú getur haldið ræðu fyrir bekkjarfélagana, foreldra þína eða önnur börn í skólanum. Hverjir sem áheyrendur eru verður þú að undirbúa ræðuna vel. Eftirfarandi gátlisti kemur að gagni við það.

A. Undirbúningur ræðu

1. Hverjir verða áheyrendur?

- Hvar ættir þú að halda ræðuna?

2. Hver heldur ræðuna?

- Heldur þú ræðuna ein(n) eða með hópi?
- Hvernig hefur hópurinn skipt með sér verkum?

3. Hvert er markmiðið með ræðunni?

- Hvað eiga áheyrendur að læra af henni?
- Eiga áheyrendur að koma með athugasemdir?

4. Hversu mikinn tíma hefur þú?

- Ættir þú að gefa áheyrendum tíma til fyrirspurna?
- Ættu áheyrendur að fá að koma með athugasemdir og andsvör?

5. Hvaða búnaður er tiltækur?

- Tafla/tússtafla?
- Myndvarpi?
- Tölva og skjávarpi fyrir PowerPoint-kynningu?
- Veggspjöld (flettitafla)?
- Hljómflutningstæki?

6. Hvernig færðu áheyrendur til þátttöku?

- Með því að gefa tíma til fyrirspurna.
- Með því að leggja fyrir þá gátu eða spurningar.
- Með því að láta hluti ganga milli manna.

7. Hvað viltu segja?

- Finndu þrjár til sex fyrirsgnir eða stuttar setningar sem lýsa efninu vel og skrifaðu hverja þeirra á sérstakt blað;
- Skrifaðu á blöðin nokkur lykilorð sem tengjast hverri fyrirsögn.

B. Flutningur ræðunnar

Skipta má ræðu eða kynningu í nokkra hluta: inngang, meginmál og niðurlag. Hér eru nokkrar hugmyndir sem geta gagnast þér við ræðuflutninginn.

1. Inngangur

- Byrjaðu á tilvitnun sem tengist efninu eða með því að sýna mynd eða hlut sem tengist því.
- Kynntu aðalefnið.
- Útskýrðu hvernig ræðan verður byggð upp.

2. Meginmálið

- Skýrðu áheyrendum frá efni ræðunnar.
- Raðaðu blöðunum með fyrirsögnunum og lykilorðunum sem þú hefur skrifað hjá þér í rétta röð.
- Hafðu þessar fyrirsagnir til hliðsjónar við flutning ræðunnar.
- Í hvert sinn sem þú byrjar á nýrri fyrirsögn skaltu gefa það til kynna með mynd, útskýringu eða öðru slíku.
- Sýndu viðeigandi mynd eða hlut eða spilaðu brot úr lagi með hverri fyrirsögn.
- Veltu fyrir þér hvernig skuli sýna myndirnar – láta þær ganga, setja þær á glærur, sýna þær á veggspjaldi o.s.frv.

3. Niðurlag

- Lýstu því sem var nýtt fyrir þér.
- Segðu hvað þú lærðir af þessu.
- Sýndu eina mynd í lokin.
- Varpaðu fram spurningum til bekkjarfélaganna.
- Gefðu tíma fyrir fyrirspurnir.

9. Gerð glæra eða PowerPoint-kynninga

PowerPoint-kynningar eða glærur sem sýndar eru á skjávarpa eru oft notaðar í kynningum og þá gilda þessar reglur.

Við gerð þeirra þarf að gæta þess að:

- lettrið sé skýrt og læsilegt;
- aðeins sé notuð ein leturgerð;
- lettrið sé stórt;
- nægilegt bil sé milli línanna;
- ekki sé mikill texti á hverri glæru;
- myndir, kort og línurit séu nógu stór og sjáist vel;
- aðeins séu notaðir fáir litir og tákn;
- ekki séu of margar glærur.

10. Ritun blaðgreina

Til að upplýsa aðra um viðfangsefni þitt getur þú brugðið þér í hlutverk blaðamanns og skrifað grein. Í MLB/MRM eru greinaskrif einnig leið til að vekja athygli almennings á málum. Þannig má hugsanlega breyta málum til batnaðar í samfélaginu.

Blaðgrein skiptist í nokkra hluta:

- Fyrirsögn: á að vera stutt og skýr.
- Inngangsorð: kynning á meginefninu í mjög fáum og fremur stuttum setningum.
- Höfundur: hver skrifaði greinina?
- Meginmál: greinin sjálf.
- Millifyrirsagnir: til að hjálpa lesandanum að greina milli „kaflanna“.
- Mynd: mynd sem tengist textanum, með stuttum skýringartexta fyrir neðan.

Gátlisti

- Berðu grein úr blaði frá því í dag saman við dæmið hér að ofan. Sérðu kaflaskiptinguna?
- Auðkenndu kaflana með mismunandi litum.
- Taktu eftir leturbrigðunum (feitletur, venjulegt, skáletur).
- Berðu blaðgreinina þína saman við greinar bekkjarfélaganna.
- Notaðu þessa kaflaskiptingu í þinni eigin blaðgrein.

12. Rökræður

Með rökræðum getum við áttað okkur á mismunandi viðhorfum til mála og gert okkur grein fyrir kostum og göllum í tengslum við umdeild málefni. Svo að hægt sé að efna til rökræðna þarf umdeilanlega spurningu sem hægt er að svara játandi eða neitandi. Í lýðræði eru lausnirnar eða skoðanirnar alltaf fleiri en ein.

Tvær skoðanir – rökræður

Svona fer þetta fram:

- Skiptið bekknum í tvo hópa. Annar hópurinn er „með“ (hliðhollur) málefninu, hinn er „á móti“ málefninu.
- Hvor hópur um sig finnur mögulegar röksemdir¹ til að styðja skoðun sína. Hóparnir þurfa einnig að móta röksemdir sem eru í andstöðu við skoðun hins hósins.
- Skrifid röksemdirnar niður með lykilorðum.
- Hvor hópur tilnefnir tvo mælendur.
- Rökræðurnar skiptast í þrjá hluta: upphafslotu, opnar umræður og lokalotu.
- Upphafslotan: Hver mælandi útskýrir stuttlega röksemdafærslu sína. „Meðmælendur“ og „mótmælendur“² skiptast á.
- Rökræðurnar: mælendurnir kynna röksemdir sínar og reyna að ráðast gegn röksemdum andstæðinganna.
- Lokalotan: ferlið er hið sama og í upphafslotunni. Hver og einn fær tækifæri til að lýsa skoðun sinni í stuttu máli.

Tímavörðurinn

Veljið einhvern úr bekknum til að sjá um tímavörslu í rökræðunum.

- Upphafslotan ætti ekki að vera lengri en átta mínútur (tvær mínútur á mann).
- Umræðurnar sjálfar ættu ekki að vera lengri en sex mínútur.
- Lokalotan ætti ekki að vera lengri en fjórar mínútur (ein mínúta á mann).
- Ef einhver fer yfir leyfðan tíma er bjöllu hringt.

Áheyrendur

Nemendur sem ekki taka til máls fylgjast með því sem fram fer. Þegar rökræðunum er lokið lýsa þeir því sem þeir urðu vitni að og nota eftirfarandi atriði til viðmiðunar:

- Hvaða röksemdum var beitt?
- Hver beitti hvaða rökum og hvernig?
- Fengu allir mælendur að tala eða voru þeir truflaðir?
- Hvernig reyndu mælendur að koma boðskap sínum á framfæri?
- Hvaða röksemdir voru sannfærandi?
- Hvaða dæmi voru þarna um góðar röksemdir?
- Hvaða orð voru mikið notuð?
- Hvernig töluðu mælendurnir (með líkamstjáningu, nógu hátt, með áherslum)?

1 Röksemd: staðhæfing sem styður tiltekinn málstað.

2 Meðmælendur og mótmælendur: átt er við þá sem eru „með“ og „á móti“.

Púslíð með lykilhugtökunum níu



Handbókin

Uppvöxtur í lýðræði er ætluð kennurum sem vilja flétta menntun til lýðræðislegrar borgaravitundar (MLB) og mannréttindamenntun (MRM) inn í daglega kennslu almennra námsgreina. Níu kaflar, hver með fjórum kennsluáætlunum, innihalda nákvæmar leiðbeiningar og meðfylgjandi eru dreifiblöð handa nemendum og itarefni fyrir kennara. Handbókin í heild inniheldur námsefni heils skólaárs nemenda á miðstigi grunnskóla (í 5. til 7. bekk) en þar sem hver kafli er einnig sjálfstæð heild er hægt að nota bókina á ýmsan annan hátt. Hún hentar því einnig fyrir ritstjóra námsbóka, námsefnishöfunda, æfingakennara, kennarar-nema og byrjendur í kennslustarfinu.

Markmiðið með MLB/MRM er að kenna börnum að verða virkir samfélagsþegnar sem eru fúsir og færir um að taka þátt í lýðræðislegu samfélagi. Því er í MLB/MRM lögð mikil áhersla á virkar aðferðir í námi. Litið er á skólasamfélagið sem fullgildan reynsluheim þar sem ungt fólk getur snemma lært að taka þátt í lýðræðislegum ákvörðunum og að axla ábyrgð. Nemendum er ætlað að hafa lykilhugtök sem snerta MLB/MRM að leiðarljósi alla ævi.

Eftirtalin rit í þessum flokki eru gefin út í íslenskrri þýðingu:

MLB/MRM II. bindi [Uppvöxtur í lýðræði: Kennsluáætlanir fyrir miðstig grunnskóla um lýðræðislega borgarvitund og mannréttindi](#)

MLB/MRM III. bindi [Lifað í lýðræði: Kennsluáætlanir fyrir efri bekki grunnskóla um lýðræðislega borgarvitund og mannréttindi](#)

MLB/MRM IV. bindi [Þátttaka í lýðræði: Kennsluáætlanir fyrir framhaldsskóla um lýðræðislega borgarvitund og mannréttindi](#)

Leiðir kennara til að efla menntun á sviði borgaravitundar og mannréttinda: Rammi að færniþróun

Í Evrópuráðinu eru 47 aðildarríki sem ná yfir meginhluta álfunnar. Markmið þess eru að vernda mannréttindi, lýðræði, lög og réttarfar sem tekur mið af Mannréttindasáttmála Evrópu og öðrum lagatextum um vernd einstaklinga. Frá stofnun Evrópuráðsins 1949, í kjölfar síðari heimsstyrjaldar, hefur það verið táknið um sátt og samlyndi.



Mennta- og menningarmálaráðuneytið



NÁMSGAGNASTOFNUN

COUNCIL OF EUROPE



CONSEIL DE L'EUROPE

Útgáfa Evrópuráðsins

ISBN 978-9979-0-1836-0



9 789979 018360

40602